

**SKOÐUN** Sighvatur Björgvinsson skrifar um eitraða kokteila og verðtryggingu. 19



**MENNING** Ásdís María Viðarsdóttir er yngsti flytjandinn í undankeppni Eurovision í ár. 42



**SPORT** Sendiherra Rússa á Íslandi segir að allir gestir verði boðnir velkomnir á ÓL í Sotsjí. 38





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**30. janúar 2014**
25. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Varavélar vart til reiðu

Ríkið lækkaði kröfu um ábyrgð fyrir sjúkraflug vegna tveggja varavéla Mýflugs. Önnur vélin er í eigu Norlandair og í verkefnum þar. 4

**Þriðjungi minna sorp** Rúmlega 10 þúsund tonnum minna féll til af blönduðu sorpi frá heimilum í Reykjavík í fyrra en árið 2004. 2

**Hættulítið móteitur** Óvenjulegt er að nota ekki móteitur vegna ofskömmtunar á morfíni segir læknir. 6

**Finna fordóma** Um 93 prósent fólks af erlendum uppruna hafa upplifað fordómafulla hegðun gagnvart sér samkvæmt rannsókn. 8




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | SA | 3 |
| Akureyri | 3° | NA | 3 |
| Egilsstaðir | 4° | SA | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 3° | NA | 3 |
| Reykjavík | 3° | SSA | 8 |

**Hvassast A-til** Í dag má búast við austanstrekkingi austan til. Vaxandi úrkoma, fyrst austanlands en síðar sunnan- og vestan til. 4

### 3 SÉRBLÖÐ

Endurskoðun | Varahlutir | Fólk






**GAMLA OFNASMIÐJAN RIFIN** Iðnaðarstarfsemi hefur einkum verið í húsunum í Þverholti og Einholti í Reykjavík. Nú er verið að rífa niður húsið sem áður hýsti Ofnasmiðjuna, sem tók til starfa í Einholti 8 árið 1936, og framleiddi miðstöðvarofna. Núgildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir verulegri uppbyggingu á reitnum þar sem fjöldi íbúða mun rísa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tugir á slysadeild alla daga

Annríki hefur verið á Landspítalanum vegna hálkuslysa. Tíu þeirra sem komu á þriðjudaginn þurftu að fara í aðgerð eftir fall. Fresta þurfti átta aðgerðum þar til daginn eftir. Eigum nægar birgðir af gifsi segir læknir.

**HEILBRIGÐISMÁL** Gríðarlegt annríki hefur verið á slysadeild, röntgendeild og bæklunarskurðdeildum Landspítalans í Fossvogi vegna hálkuslysa að undanförnu. Nokkrir tugir einstaklinga hafa leitað þangað flesta daga síðastliðnar vikur eftir að hafa misst fótanna og skollið á svellbunka á götum og gangstéttum á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Bryndísar Guðjónsdóttur, deildarstjóra á bráða- og göngudeild.

„Á þriðjudaginn voru tíu manns lagðir inn til aðgerðar vegna ýmissa áverka af völdum hálkuslysa. Átta sem þurftu að fara í aðgerð voru sendir heim en áttu að koma í aðgerð í dag [gær]. Þetta voru til dæmis meiðsl á ökklum, hnjám, öxlum og annars staðar. Það er mikið að gera á bæklunarskurðdeildum.“

Bryndís segir þá sem detta á öllum aldri og af báðum kynjum. „Þetta eru börn, fólk á miðjum aldri og aldraðir. Margir skella á höfuðið þegar þeir missa fótanna. Meiðsl á höfði og útlimabrot eru algengustu áverkarnir. Það þarf að sauma skurði og gifsa útlimi.“ Slysadeildin hefur ekki orðið uppiskroppa með gifs þótt beinbrotin hafi verið mörg. „Við eigum alltaf nægar birgðir.“

Biðtíminn getur orðið töluverður þegar svona margir leita aðstoðar. „Allir sem koma á bráðamóttöku eru forflokkaðir eftir alvarleika áverka eða veikinda þannig að þeir fara í forgang sem eru alvarlega slasaðir, með augljós brot, slæma verki og mest veikir. Það getur verið erfitt að áætla biðtíma en lengst hefur biðin verið fjórar til fimm klukkustundir.“

Bryndís leggur áherslu á að mikilvægt sé að huga að hálkuvörnum. „Á meðan það heldur áfram að rigna og frysta til skiptis ser ekki fyrir endann á þessu. Fólk þarf að huga vel að öllum hálkuvörnum. Gæta þarf þess að vera í réttum skófatnaði og með mannbrodda. Það má ekki gleyma hálkuvörnum barna. Nokkuð hefur borið á því að börn hafa verið að koma eftir fall á leiksvæðum við skóla, leikskóla og öðrum leiksvæðum. Það þarf að salta og sanda vel þessi svæði sem og heimreiðar.“



> **Fólk þarf að huga vel að öllum hálkuvörnum.**
> *Bryndís Guðjónsdóttir, deildarstjóri á Landspítalanum*

Að sögn Bryndísar hefur einnig verið töluvert um komur á bráðamóttöku síðastliðnar vikur vegna útafaksturs og umferðaróhappa vegna hálku á vegum. - ibs

Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni bönnuð í fyrirhuguðu frumvarpi:

# Milliganga verði gerð refsiverð

**ALÞINGI** „Það er vitað um ólögmæta háttsemi í þessu sem er ólíðandi og ég tel að við eigum að leita réttarbóta fyrir fólk í þessari stöðu. Síðan er spurning nákvæmlega hvernig það verður gert,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra í samtali við Fréttablaðið en hann flutti skýrslu um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni á Alþingi í gær.

Ekki var einhugur meðal þingmanna um málið en samkvæmt skýrslunni skal stefnt að útfærslu frumvarps sem heimilar staðgöngumæðrun.

Stefnt er að útfærslu á frumvarpi þar sem núverandi bann við staðgöngumæðrun verður fellt úr gildi og heimild veitt til að framkvæma tæknifrjóvgun á konu sem gengur með barn í velgjörðarskyni til að afhenda það öðru fólki eftir fæðingu.

Þeir sem taka þátt í ferlinu munu þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði og hæfni þeirra metin. Gengið verður út frá því að sú kona sem gengur með og fæðir barnið sé móðir þess og sérstök ættleiðing fari fram eftir fæðingu barnsins að liðnum ákveðnum umþóttunartíma.

„Það þarf að svara mörgum spurningum bæði lögfræði- og siðferðislegum, við vinnuna framundan,“ segir Kristján.

Staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni verði bönnuð sem og að auglýsa og kynna staðgöngumæðrun. Þá verði hvort tveggja refsivert. Milliganga um að gera samninga við erlenda aðila sem bjóða upp á þjónustu staðgöngumæðra verði einnig refsiverð sem og samningar sem gerðir eru við slíka erlenda aðila. Afmarka verði vel hvaða greiðslur fari milli aðila vegna kostnaðar. - fbj



> **Við eigum að leita réttarbóta fyrir fólk í þessari stöðu.**
> *Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra*






## SPURNING DAGSINS



Björn, er Persónuvernd að pissa yfir ykkur?

**„Þau lýsa allavega ekki frati á okkur.“**
Björn Ingimarsson er bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs en Persónuvernd hefur úrskurðað að krafa héraðsins um þvagprufur umsækjenda um fjárhagsaðstoð séu óheimilar.

Lögreglan í Árnessýslu rannsakar enn tildrög banaslyss á Suðurlandsvegi:

# Ökumaðurinn var allsgáður

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður sem sat undir stýri bifreiðar sem endaði utan vegar á Suðurlandsvegi skammt austan við Meðallandsveg með þeim afleiðingum að tvær ungar stúlkur létust þann 4. ágúst síðastliðinn var hvorki undir áhrifum áfengis né fíkniefna.

Þetta er meðal þess sem hefur komið í ljós við rannsókn Lögreglunnar í Árnessýslu á tildrögum slyssins.

Stúlkurnar sem létust, auk ökumannsins, voru pólskir ríkisborgarar, en stúlkurnar voru gestkomandi hér á landi.

Málið hefur verið til rannsóknar hjá Lögreglunni í Árnessýslu síðan í ágúst á seinasta ári.

Lögreglan segir að rannsókn málsins sé ekki lokið enda sé enn tilefni til að kanna hvort slysið hafi borið að með saknæmum hætti, en niðurstöður hraðamælinga hafa til að mynda ekki verið staðreyndar auk þess sem aðrir þættir málsins hafa ekki verið kannaðir til þrautar. - js



**MÆLINGAR** Rannsókn málsins er ekki lokið, eftir er að staðreyna niðurstöðu hraðamælinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Farþegaflugvél brotlenti:

# Íslensk kona slapp ómeidd

**SLYS** Íslensk kona, Ingibjörg Gísladóttir, lenti í flugslysi á Grænlandi í gær. Flugvélin sem hún var í brotlenti eftir að hafa fengið á sig mikla vindhviðu í aðflugi og þeyst út af öðrum enda flugbrautarinnar.

Allir farþegar gátu gengið frá borði og fóru á hótel skammt frá.

Ingibjörg starfar sem flugumferðarstjóri í bænum Upernavik. Stór hluti búslóðar hennar, sem var um borð í vélinni, er ónýtur eftir óhappið. - kak



**MÓTMÆLANDI Í KÆNUGARÐI** Mótmælendur hafa haft nokkrar opinberar byggingar á sínu valdi dögum saman. NORDICPHOTOS/AFP

Úkraínustjórn býður sakaruppgjöf en með skilyrðum:

# Mótmælendur taka ekki tilboði

**ÚKRAÍNA, AP** **Arsení Jasenjúk, einn af leiðtogum stjórnarandstöðunnar í Úkraínu, segir að mótælendur fallist ekki á að yfirgefa strætin og láta af hendi opinberar byggingar í skiptum fyrir sakaruppgjöf.**

**Stjórnvöld hafa boðið sakaruppgjöf fyrir þá sem voru handteknir í óeirðum sem hafa geisað í landinu síðustu vikur, og lagt fram lagafrumvarp þess efnis. Stjórnarandstæðingar telja skilyrðin óásættanleg.**

**Viktor Janúkovítsj forseti hefur reynt að koma til móts við mótmælendur, meðal annars með því að afturkalla lög sem bönnuðu mótmæli í landinu. Þá hefur forsætisráðherrann, Míkola Azarov, sagt af sér. Mótmælendur aðgerðirnar ekki ganga nógu langt og krefjast þess að Janúkovítsj segi af sér og boðað verði til kosninga án tafar.** - eh, gb

## SORPHIRÐA Í REYKJAVÍK

**Blandað heimilissorp**



| 2004 | 2008 | 2013 |
|---|---|---|
| 30.082 t. | 25.030 t. | 19.008 t. |

**159 kíló** af heimilissorpi féllu til á hvern íbúa Reykjavíkur á síðasta ári. Það er samdráttur upp á tæp tíu prósent frá fyrra ári, en um 40 prósent frá árinu 2004.

**172%** fjölgun var í fyrra á bláum tunnum undir pappír, á meðan hefðbundnum gráum tunnum fækkaði um **4,4%**

**Bláar tunnur fyrir pappírsúrgang**



| 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|---|---|---|---|
| 578 t. | 748 t. | 875 t. | 2.383 t. |

**251** sorphirðudagar voru í Reykjavík á síðasta ári.

**43** starfsmenn sorphirðunnar eru jafnan við vinnu á virkum degi, á níu bílum, og er ekki óeðlilegt að hátt í 6.000 gráar tunnur og 1.141 bláar tunnur séu tæmdar dag hvern.

**41.693** sorptunnur eru nú í Reykjavík, þar af 11.224 bláar tunnur.

# Þriðjungi minna af sorpi en fyrir áratug

Rúmlega 10.000 tonnum minna féll til af blönduðu heimilissorpi í Reykjavík í fyrra en árið 2004. Deildarstjóri hjá borginni segir mikinn hug í Reykvíkingum að flokka sorpið sitt og Bláu tunnunum undir pappír hefur fjölgað mikið síðustu ár.

**REYKJAVÍK** Ákveðin kaflaskipti urðu í sorphirðu í Reykjavík í fyrra þar sem bláum sorptunnum, sem ætlaðar eru undir pappír, fjölgaði verulega. Á sama tíma fækkaði hinum hefðbundnu gráu tunnum nokkuð, en heildarmagn heimilissorps hefur dregist saman um þriðjung á áratug samkvæmt tölum frá Reykjavíkurborg.

Eygerður Margrétardóttir, deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar hjá Reykjavíkurborg, segir í samtali við Fréttablaðið að Reykvíkingar hafi, eins og sést á tölfræðinni, tekið aukinni sorpflokkun fagnandi.

Heildarmagn heimilissorps í fyrra var rúm 19.000 tonn, samanborið við rúm 30.000 tonn fyrir áratug, og á þeim fjórum árum sem Bláa tunnan hefur verið í boði hefur magnið rúmlega fjórfaldast. 11.200 Bláar tunnur voru í umferð í fyrra, en þó íbúum sé gert að skila pappír í endurvinnslu er þeim frjálst að semja við einkaaðila um flokkunartunnur eða fara sjálf með pappírinn á endurvinnslu eða grenndarstöðvar.

„Það er mikill hugur í íbúum Reykjavíkur að flokka sorp,“ segir Eygerður og bætir því við að fjölmargar fyrirspurnir berist frá íbúum sem eru tilbúnir að flokka enn frekar.

„Auðvitað er alltaf einhver hópur sem er síður tilbúinn, en á heildina litið höfum við fundið mikinn meðbyr með notkun bláu tunnunnar og frekari flokkun.“

Eygerður segir að lesa megi ákveðinn vilja og metnað í því efni sem skilað er í tunnur og á grenndarstöðvar. Þar fari afar lítið af öðrum úrgangi með. Auk þess er sjaldgæft að þurft hafi að skilja eftir gráar tunnur með áberandi miklu af pappír í trássi við reglur.

„Þannig að fólk er greinilega að vanda sig mikið, og þrátt fyrir að fjölgað hafi mikið í hópi þeirra sem flokka, hafa gæðin ekki minnkað. Það er jákvæð þróun.“

thorgils@frettabladid.is

Egyptaland herðir tökin:

# Blaðamenn sóttir til saka

**EGYPTALAND, AP** Egypsk stjórnvöld hafa tilkynnt að tuttugu fréttamenn, þar á meðal fjórir útlendingar, verði sóttir til saka fyrir að hafa gengið til liðs við eða aðstoðað hryðjuverkamenn og þar með stofnað þjóðaröryggi í hættu.

Allir fréttamennirnir starfa fyrir arabísku fréttastofuna Al Jazeera, þar á meðal fréttastjórinn Mohammed Fahmy, verðlaunahafinn Peter Greste frá Ástralíu, og Egyptinn Baher Mohamed. Þeir voru handteknir í lok síðasta árs. - gb

Auglýst eftir rekstraraðila:

# Safnið verður enn í Bæjarbíó

**HAFNARFJÖRÐUR** Kvikmyndasafni Íslands verður veittur áframhaldandi stuðningur til næstu þriggja ára með því að tryggja safninu afnot af Bæjarbíói í Hafnarfirði.

Þetta var samþykkt á fundi menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðar í gær.

Kvikmyndasafnið sýnir myndir í húsinu en nefndin auglýsir jafnframt eftir aðila til að taka að sér rekstur Bæjarbíós til að húsið verði nýtt sem best og önnur menningarstarfsemi fái rými í því. - ebg






Vísindamenn í Japan finna nýja aðferð við að útvega stofnfrumur:

# Frumum breytt með sýrubaði

**VÍSINDI** Vísindamenn í Japan hafa fundið harla einfalda leið til þess að breyta blóðfrumum í stofnfrumur. Ekki þurfi annað en að setja blóðfrumurnar í sýrubað, en að vísu samkvæmt tilteknum kúnstarinnar reglum.

Vísindamennirnir, með Haruko Obokata fremsta í flokki, skýra frá tilraunum sínum í nýjasta hefti vísindatímaritsins Nature.

Í viðtali við BBC segist hún hafa orðið undrandi á því að frumurnar gætu brugðist með þessum hætti við umhverfinu: „Það er spennandi að hugsa sér þá nýju möguleika sem þessar niðurstöður færa okkur, ekki aðeins til lækninga með enduruppbyggingu heldur einnig varðandi krabbamein,“ hefur BBC eftir henni.

Stofnfrumur hafa þann kost að þær geta breyst í aðrar tegundir af frumum, og því er hægt að nota þær meðal annars til að búa til líffæri og byggja upp líkamsvef af ýmsu tagi. Framan af var einungis hægt að fá stofnfrumur úr fósturvísum, en á síðustu árum einnig með flóknum breytingum á erfðaefni þeirra.

Þessi nýja aðferð fannst með tilraunum á frumum úr músum, en rannsóknir eru hafnar á því hvort þetta verði einnig hægt að gera með frumur úr mönnum. - gb



**STOFNFRUMUR TEKNAR ÚR FRYSTI** Þessar voru fengnar með gamla laginu. NORDICPHOTOS/AFP


ÚTSALA
SÍÐUSTU DAGAR
Götumarkaður og ótrúleg verð!
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD
Kringlan
KRINGLAN.IS
AF ÖLLU HJARTA
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

## SVONA ERUM VIÐ



**1,6%** **allrar orkunotkunar á Íslandi árið 2012 voru fengin úr brennslu á kolum**

**Þetta er sama hlutfall og árið 2009, en árið 1989 var þetta hlutfall 3,0.**

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Langvarandi þurrkar og mikið hvassviðri valda ítrekað eldsvoðum í Noregi:

# Þriðji stórbruninn blossaði upp

**NOREGUR** Þriðji stórbruninn í röð blossaði upp í Noregi í gær, beint í kjölfar gróðureldanna í Flatanger í Norður-Þrændalögum, þar sem nærri hundrað hús brunnu til kaldra kola, og fáum dögum eftir stórbrunann í Lærdal þar sem á þriðja tug húsa brann til grunna.

Að þessu sinni kviknuðu eldar í gróðri á eyjunni Freyju í Suður-Þrændalögum og þurftu um 400 manns að yfirgefa heimili sín.

Langvarandi þurrkar og hvassviðri hafa gert það að verkum að mikil eldhætta er víða í Noregi.

Slökkvilið átti í miklum erfiðleikum með að ráða niðurlögum eldanna, ekki síst vegna þess að vindáttin snerist ítrekað. Þá gat slökkviliðið lítið athafnað sig eftir að myrkur skall á síðdegis.

Síðdegis í gær féll svo aurskriða út í smábátahöfn í Statland, sem er í Norður-Þrændalögum. Björgunarfólk var sent á staðinn, en lögregla taldi sig ekki geta útilokað að fólk hafi orðið fyrir skriðunni. - gb



**ELDUR LOGAR Á FREYJU** Slökkvilið réð lengi vel ekkert við eldana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýjar tölur frá Eurostat:

# Metár hótela í ESB-ríkjunum

**EVRÓPA** Gistinætur í ríkjum ESB náðu metfjölda á síðasta ári þar sem seldust alls um 1,6 milljarðar gistinga. Í tölum Eurostat kemur fram að stígandi hafi verið frá árinu 2009 og frá aldamótum hafi fjölgunin numið um fimmtungi.

Í fyrra var mest aukning í Grikklandi, tæp tólf prósent, en samdráttur varð mestur á Ítalíu, 4,6%, og Kýpur, 3,7%. Þegar litið er til gistinátta erlendra ríkisborgara er aukningin mest í Bretlandi, eða tæp sautján prósent. - þj

Obama boðar aðgerðir:

# Hyggst ráðast gegn ójöfnuði

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti hyggst ráðast í aðgerðir gegn ójöfnuði í samfélaginu, og lofar að gera það hvort sem hann fær meirihlutastuðning til þess á þingi eða ekki.

Þetta fullyrti hann í árlegri stefnuræðu sinni, sem forsetar Bandaríkjanna flytja jafnan í lok janúar ár hvert.

„Hvar og hvenær sem ég get gripið til aðgerða án lagasetningar til að auka tækifæri fleiri bandarískra fjölskyldna, þá hyggst ég gera það,“ sagði hann. - gb

Niðurskurður í landvörslu:

# Skorið niður um helming

**UMHVERFISMÁL** Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla boðuðum niðurskurði Umhverfisstofnunar í landvörslu.

„Það á að fækka vinnuvikum landvarða yfir sumartímann um rúman helming,“ segir Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri SAF. „Með auknum fjölda ferðamanna eru þessi störf landvarða enn mikilvægari enda bitnar þetta á viðkvæmum svæðum.“

Samtökin fara fram á að stjórnvöld leggi aukið fjármagn í landvörslu enda að óbreyttu sjái fram á ófremdarástand á svæðum sem dæmd hafa verið í hættu af Umhverfisstofnun. - ebg

## NESKAUPSTAÐUR

### Snjóflóð fær minningarreit

Skipaður hefur verið sérstakur starfshópur um minningarreit vegna snjóflóðanna í Neskaupstað 1974. Tólf manns fórust í tveimur snjóflóðum með tuttugu mínútna millibili 20. desember 1974.

# Varavélar í sjúkraflugi vart til reiðu samkvæmt skilyrði

Ríkið lækkaði kröfu um ábyrgð fyrir sjúkraflug vegna tveggja varasjúkraflugvéla sem Mýflug á að hafa. Önnur flugvélin er í eigu Norlandair og í verkefnum þar. Ekki er formlegur samningur um afnot Mýflugs af vélinni.

**FLUGMÁL** Samkvæmt samningi Sjúkratrygginga Íslands og Mýflugs skal varaflugvél ávallt vera til taks á Akureyrarflugvelli innan 105 mínútna frá því beiðni berst ef aðalflugvélin er upptekin í öðru sjúkraflugi. Óvíst er að Mýflug uppfylli þetta ákvæði.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu féllust Sjúkratryggingar Íslands á það við endurnýjun samnings við Mýflug um sjúkraflug nú um áramótin að lækka kröfu á félagið um bankaábyrgð úr 88,5 milljónum króna í 44 milljónir. Ástæður voru sagðar vanefndalaus viðskipti frá upphafi og að Mýflug hefði tvær varasjúkraflugvélar.

Varaflugvélarnar sem vísað er til eru annars vegar flugvél Flugmálastjórnar, TF-FMS, sem félagið leigir af Isavia og hins vegar TF-NLB, sem er flugvél í eigu flugfélagsins Norlandair á Akureyri.

Sem fyrr segir á varaflugvél ávallt að vera til taks innan við 105 mínútum frá því beiðni berst ef aðalflugvélin er upptekin í öðru sjúkraflugi. Erfitt er að sjá að Mýflug uppfylli þetta því hinar varavélarnar tvær eru alls ekki ávallt til taks og eru jafnvel erlendis.

Í gögnum Mýflugs í útboði fyrir rúmu ári er vísað til samnings sem gerður var við Flugstoðir (síðar Isavia) árið 2008 „um rekstur flugvélar fyrirtækisins sem ætluð er til flugmælinga og annarra flugverkefna“. Sú vél er sem sagt oft upptekin í verkefnum vítt og breitt, jafnvel í Færeyjum og á Grænlandi. Að auki er sú vél í Reykjavík en ekki á Akureyrarflugvelli, þaðan sem sjúkraflugi er sinnt af sérþjálfuðum mannskap sjúkrahússins og slökkviliðsins og ýmis lífsnauðsynleg tæki eru staðsett.

Enn síður virðist vél Norlandair vera til taks fyrir Mýflug fyrirvaralaust enda hefur enginn formlegur samningur verið um slíkt og sú vél er í margvíslegum verkefnum hjá Norlandair.

„Það er bara heiðursmannasamkomulag milli mín og Leifs [Hallgrímssonar, framkvæmdastjóra Mýflugs]. Alveg eins og hann hjálpar mér þá hjálpa ég honum. Þetta hefur allt gengið þokkalega vel,“ segir Friðrik Adolfsson, framkvæmdastjóri Norlandair.

Umrædd flugvél Norlandair er útbúin sjúkraflutningabúnaði en hún er fjarri því alltaf til reiðu fyrir Mýflug. „Við erum náttúrulega að nota hana fyrir okkur. Við erum með samning við Air Greenland um að sjá um sjúkraflug milli Íslands og Grænlands og milli Íslands og Danmerkur,“ segir hann. TF-NLB er auk þess í ýmsu öðru farþega- og leiguflugi hjá Norlandair.

Miðað við framangreint stenst vart sú mynd sem Mýflug dregur upp af stöðu varaflugvélanna í gögnum sínum í útboðinu í nóvember 2012:

„Önnur er jafnan staðsett á Akureyri (TF-NLB) en hin í Reykjavík (TF-FMS). Veitir þetta einstakt rekstraröryggi þar sem varaflugvél er staðsett á báðum helstu flugvöllum verkefnisins og því nánast hægt að ganga á milli flugvéla hvort heldur er á Akureyri eða í Reykjavík og halda áfram flugi komi til þess að aðalflugvélin bili.“

Þess má geta að Isavia hefur neitað beiðni Fréttablaðsins um afrit af samningum sínum við Mýflug um leigu á TF-FMS og um þjónustu flugfélagsins við stofnunina. Sagt er að upplýsingalögin veiti aðgang að gögnum hjá Isavia fyrir 1. júlí 2013 og að Isavia veiti ekki aðgang að gögnum er varði fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja. gar@frettabladid.is



**TF-FMS** Mýflug annast rekstur flugvélar Flugmálastjórnar og notar hana sem varavél í sjúkraflugi. Ekki fæst afrit af samningum um leigu vélarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Það er bara heiðursmannasamkomulag milli mín og Leifs.**
>
> *Friðrik Adolfsson, framkvæmdastjóri Norlandair*



Fá 44 milljóna króna afslátt á bankaábyrgð

**FRÉTTABLAÐIÐ** Fyrir einni viku var sagt frá því hér í blaðinu að kröfur til Mýflugs um bankaábyrgð voru lækkaðar á þeim grundvelli, meðal annars, að félagið hefði tvær varaflugvélar í sjúkraflugi fyrir ríkið.


Dansaðu þig **í form!**



**Fjölbreyttir tímar** þar sem bæði er dansað ZUMBA Fitness og ZUMBA Toning. Einföld og skemmtileg dansspor.

- **Byrjar 4. febrúar**
- **Þri. og fim. kl. 16:30**
- **Þjálfari: Hjördís Zebitz**
- **Verð kr. 13.900.-**

HEILSUBORG

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík
Sími 560 1010 • www.heilsuborg.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**KAFLASKIPT** Í dag má búast við vaxandi úrkomu, rigningu í fyrstu austanlands en síðar slyddu eða snjókomu sunnan- og vestanlands. Á morgun verður yfirleitt hægur vindur vestanlands og kólnar um tíma en lítur út fyrir þýðu á láglendi á laugardaginn.




**Á morgun**
10-18 m/s A-til, annars hægari vindur.




**Laugardagur**
Víða 8-15 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Berlín | -2° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 16° | New York | -3° | París | 7° |
| Aþena | 15° | Billund | 0° | Gautaborg | -2° | London | 7° | Orlando | 13° | San Francisco | 13° |
| Basel | 2° | Frankfurt | 3° | Kaupmannahöfn | -2° | Mallorca | 12° | Ósló | -3° | Stokkhólmur | -5° |



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. Í hverju settu systurnar Þuríður Erla og Lilja Lind Helgadætur met?
2. Hvað heitir sjávarútvegsstjóri Evrópusambandsins?
3. Hvað seldust margir lítrar af þorrabjór fyrstu söluhelgina?

SVÖR:
1. Lyftingum. 2. María Damanaki. 3. 23.000.

Til harðra orðaskipta kom á þingi í gær þegar kosið var í níu manna stjórn Ríkisútvarpsins:

# Pétri Gunnarssyni vikið úr stjórn RÚV

**FJÖLMIÐLAR** Mikill hiti var í þingmönnum í gær þegar kosið var í níu manna stjórn Ríkisútvarpsins. Niðurstaðan varð sú að Pétri Gunnarssyni rithöfundi var vikið úr stjórninni en framsóknarmaðurinn Guðlaugur G. Sverrisson kemur í hans stað.

Stjórnarandstæðingar sökuðu stjórnarflokkana um valdhroka og svik við samkomulag frá síðasta sumri, sem stjórnarliðar segja að aldrei hafi verið gert.

„Það er full ástæða til að hryggjast með nýjum útvarpsstjóra að þurfa að vinna með stjórn af þeim toga sem boðið er upp á hér," sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar.

Síðastliðið sumar féllust stjórnarandstæðingar á að stjórnarmönnum RÚV yrði fjölgað úr sjö í níu, en gerðu ráð fyrir að skiptingin yrði þannig að stjórnarflokkarnir fengju fimm fulltrúa en stjórnarandstaðan fjóra.

Þegar málið kom svo til atkvæða á þingi var búið að ákveða að hlutfallið yrði sex stjórnarliðar á móti þremur stjórnarandstæðingum, sem þýðir að Píratar fá nú engan fulltrúa í stjórnina.

„Það hefði aldrei verið samþykkt hér að fjölga fulltrúum í stjórn RÚV ef vitað hefði verið að þessir tveir nýju fulltrúar ættu að renna til stjórnarinnar," sagði Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata.

Hún tók jafnframt fram að þótt Pétur Gunnarsson hafi verið fulltrúi Pírata í stjórninni, þá sé hann ekki í Pírataflokknum. **- gb**



**PÉTUR GUNNARSSON** Hefur setið í stjórn Ríkisútvarpsins sem fulltrúi Pírata. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






# Hættulítið að gefa móteitur við eitrun

Prófessor í lyfja- og eiturefnafræði segir óvenjulegt að nota ekki móteitur vegna ofskömmtunar á morfínlyfjum, jafnvel þó undirliggjandi sjúkdómar séu til staðar. Pétur Pétursson lést vegna tvítugfaldrar ofskömmtunar af morfínafleiðu í janúar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Engin ástæða er til að spara notkun móteiturs gegn morfínlyfjum. Þetta segir læknir sem Fréttablaðið ræddi við í gær. Hann bætir við að það eyði þó ekki efnunum úr líkamanum heldur dragi tímabundið úr einkennum og því geti þurft að gefa móteitrið endurtekið.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Pétur Pétursson hefði látist vegna ofskömmtunar af lyfinu Contalgin á hjúkrunarheimilinu Garðvangi í Reykjanesbæ.

Að sögn aðstandenda Péturs voru sjúkraliðar tilbúnir með móteitur eftir að upp komst um ofskömmtunina en þeim tillagt að gefa Pétri ekki móteitrið. Það segir læknirinn skrýtið.

Magnús Karl Magnússon, prófessor í lyfja- og eiturefnafræði, tekur undir að það sé óvenjulegt.

„Þegar við sjáum alvarleg einkenni um morfíneitrun, þá er langoftast gerð tilraun með að gefa móteitur. Það er ekki auðvelt að gera það, því komast þarf í æð hjá sjúklingnum. En það er tiltölulega hættulítið að gefa það," segir Magnús.

Eldra fólk þolir móteitrið og helsta ástæðan fyrir að grípa ekki til þess er ef sjúklingur hefur ofnæmi fyrir því. Þá þarf að taka tillit til undirliggjandi sjúkdóma en jafnvel þótt þeir séu til staðar segir Magnús ráðlegt að nota móteitrið ef um sé að ræða lífshættulega skömmtun.

Samkvæmt lögum skal tilkynna lögreglu ef ætla má að dauðsfall megi rekja til mistaka, vanrækslu eða óhappatilviks við læknismeðferð en lát Péturs var ekki tilkynnt til lögreglu. Það er meðal þess sem er til skoðunar hjá embætti Landlæknis í tengslum við málið.

Geir Gunnlaugsson landlæknir segir að mistök heilbrigðisstarfsmanna hafi verið á meðal þess sem hafi verið rætt á læknadögum í síðustu viku. Þar hafi norski sérfræðingurinn Geir Sverre Braut lýst norska heilbrigðiskerfinu.

„Það var alveg skýrt af hans hálfu að þegar enginn grunur er um glæpsamlegan ásetning í mistökum í heilbrigðisþjónustu, þá er það ekki lögreglumál. Þetta er kannski eitthvað sem við þurfum að skoða og ef til vill að læra eitthvað af," segir Geir og bætir við að málið verði skoðað í þaula af embættinu.

„Ég get fullvissað ættingjana um það að við munum skoða þetta mál af mikilli festu og miklum heiðarleika," segir Geir. **- eh, hþ**




**MORFÍNAFLEIÐA** Contalgin er sterkt morfínlyf sem notað er til dæmis vegna krabbameins, skurðaðgerða eða mikilla áverka. MYND/STÖÐ 2



**Þegar við sjáum alvarleg einkenni um morfíneitrun, þá er langoftast gerð tilraun með að gefa móteitur. Það er ekki auðvelt að gera það, því komast þarf í æð hjá sjúklingnum. En það er tiltölulega hættulítið að gefa það.**

*Magnús Karl Magnússon, prófessor í lyfja- og eiturefnafræði*






Háskóli Íslands greiðir Jóni Baldvini Hannibalssyni hálfa milljón í bætur:

# Rektor viðurkennir mistök sín

**STJÓRNSÝSLA** Jón Baldvin Hannibalsson fær greidda hálfa milljón króna í bætur frá Háskóla Íslands, auk þess sem rektor hefur beðið hann afsökunar á því að málsmeðferð varðandi ráðningu hans hafi verið ábótavant og bitnað á honum að ósekju. Fyrir vikið hefur Jón Baldvin fallið frá málshöfðun á hendur Háskóla Íslands.

Forsaga málsins er sú að stjórnmáladeild Háskóla Íslands fór þess á leit við Jón Baldvin að hann myndi annast kennslu á námskeiði við deildina. Í kjölfarið var ráðningunni mótmælt af þjóðþekktum einstaklingum auk kennara við deildina.

Rektor taldi ráðningu Jóns geta ógnað starfsfriði við deildina og kom í veg fyrir ráðningu hans.

➜ Í yfirlýsingunni er hæfi Jóns til kennslu við deildina staðfest, auk þess sem fram kemur að mótmælin hafi verið tilhæfulaus að því leyti að hann hafi uppfyllt tilskilin hæfisskilyrði.

Í yfirlýsingunni er hæfi Jóns til kennslu við deildina staðfest, auk þess sem fram kemur að mótmælin hafi verið tilhæfulaus að því leyti að hann hafi uppfyllt tilskilin hæfisskilyrði.

HÍ hefur hafnað viðurkenningu á bótaskyldu, þrátt fyrir að hafa greitt Jóni Baldvini bætur. **- js**



**Í MÁL** Jón Baldvin Hannibalsson hefur fallið frá málshöfðun eftir að Háskóli Íslands féllst á að greiða honum bætur.




SENSAI FAGNAR 20. ÁRINU Í VERSLUNUM HAGKAUPS

**25% afsláttur** af 5 vinsælustu förðunarvörum SENSAI.

Total Finish púðurfarða, Fluid Finish fljótandi farða, Bronzing geli, 38° Mascara og EyeBrow pencil.

30. JANÚAR - 5. FEBRÚAR.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Lögregla svarar gagnrýni:

## Málsmeðferð í lagasamræmi

**DÓMSMÁL** Jón H.B. Snorrason, aðstoðarlögreglustjóri lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir lög gera ráð fyrir að lögreglustjórar sem fara með rannsókn mála fari jafnframt með ákæruvald í þeim.

Verjendur sakborninga í Gálgahraunsmálinu hafa gagnrýnt að sami maður og fór með rannsókn málsins fari nú með saksókn og flytji málið fyrir dómi.

Jón segir þessa gagnrýni byggða á misskilningi. - hrs

Bændasamtökin í Svíþjóð buðu nemum hamborgara á kjötlausa deginum:

# Segja stelpur fallegar af kjötáti

**SVÍÞJÓÐ** Fulltrúar sænsku bændasamtakanna í Nyköping í Svíþjóð buðu upp á hamborgara fyrir utan skóla í gær. Var það gert til þess að mótmæla kjötlausa deginum í skólum sveitarfélagsins. Uppátækið hefur sætt harðri gagnrýni margra, samkvæmt sænskum fjölmiðlum.

Skipuleggjandinn, Lovisa Norberg, svarar gagnrýninni með því að segja að það sé sérstaklega mikilvægt fyrir stelpur sem eru að stækka, eru í íþróttum og ætla sér að verða fallegar að borða kjöt.

„Það er greinilega mikil umræða í gangi,“ segir Norberg. Hún getur þess að sér finnist sem kýrnar hafi orðið að skotspæni bara vegna mikils vindgangs. „Kýr leysa vind en það myndum við kannski einnig gera ef við neyttum bauna í stað kjöts. Við höfum engar tölur yfir það.“

Formaður bændasamtakanna, Helena Jonsson, segir orðaval Norberg um kjötát og fegurð stúlkna óheppilegt. Auðvitað sé hollt mataræði mikilvægt en ekki sé hægt að tengja útlit við það. - ibs



**HAMBORGARI** Hamborgaraveisla bændasamtakanna var harðlega gagnrýnd.

Sparað í snjómokstri:

## Skautasvell fyrir 20 milljónir

**HAFNARFJÖRÐUR** Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefur samþykkt í fjárhagsáætlun að kaupa skautasvell fyrir 20 milljónir.

Í Fjarðarpóstinum kemur fram að á sama tíma sé endurnýjun tækja til hálkuvarna og snjómoksturs á vegum og stígum látin sitja á hakanum.

Hugmynd um skautasvell var sett fram á vefnum Betri Hafnarfjörður og hafa þar 25 manns kosið tillöguna. - ebg



**Á DALVÍK** Slökkviliðið skuldar 1,8 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skuld vegna klippibúnaðar:

## Lofaðir styrkir skiluðu sér ekki

**SVEITARSTJÓRNIR** Slökkvilið Dalvíkurbyggðar hefur fengið heimild bæjarráðs til að nýta fé af launareikningi til að borga upp í skuld vegna kaupa á klippibúnaði árið 2011.

Enn eru ógreiddar 1,8 milljónir króna af klippunum og óskaði slökkviliðsstjórinn eftir að fá að nota 465 þúsund krónur sem eftir eru á launalið upp í klippurnar. „Andvirði búnaðarins átti að greiðast með styrkjum og framlögum fyrirtækja og félagasamtaka en minna hefur orðið um efndir af ýmsum ástæðum,“ segir í fundargerð um ástæður skuldarinnar. Þá hafi verið gert ráð fyrir aðkomu Mannvirkjastofnunar. - gar

**FJALLABYGGÐ**

### Stúlkur í sjálfstyrkingu

Fjallabyggð ætlar að veita 65 þúsund krónum í námskeið fyrir stúlkur á aldrinum 11 til 16 ára til sjálfstyrkingar. Bæjarráðið leggur áherslu á að sambærilegt námskeið verði í boði fyrir drengi. Í Fjarðabyggð söfnuðust 350 þúsund krónur til að bjóða stúlkum á sjálfstyrkingarnámskeið.

**UMHVERFISMÁL**

### Vonbrigði í Mosfellsbæ

Umhverfisnefnd Mosfellsbæjar segir niðurskurð til Umhverfisstofnunar vegna friðlýsinga verulegt áhyggjuefni. „Tvö svæði í Mosfellsbæ eru í friðlýsingarferli hjá Umhverfisstofnun að beiðni bæjarins, breyting á mörkum friðlands við Varmárósa og fólkvangur í Bringum,“ segir nefndin.

# Verða oftar fyrir fordómum

Um 93 prósent fólks af erlendum uppruna upplifði fordómafulla hegðun og mismunun gagnvart sér, samkvæmt rannsókn. Flest atvikin áttu sér stað á vinnustöðum. Lýstu þátttakendur reynslu sinni sem niðurlægjandi og hún ylli vonbrigðum. Félagsfræðingur segir brýnt að taka mark á fólki þegar það kvartar undan fordómum.

**VELFERÐARMÁL** Mikill meirihluti fólks af erlendum uppruna upplifir reglulega fordóma og mismunun. Í rannsókn sem stóð yfir í tvær vikur árið 2012 voru þátttakendur af bæði erlendum og íslenskum uppruna beðnir um segja frá upplifun sinni af fordómafullri hegðun í sinn garð.



**GUÐRÚN PÉTURSDÓTTIR**

Í ljós kom að 93 prósent fólks af erlendum uppruna hafði upplifað einhverjar birtingarmyndir fordóma eða mismununar einu sinni eða oftar á tveggja vikna tímabili en 35 prósent fólks af íslenskum uppruna.

Þegar horft er til fjölda tilvika þá vekur athygli að 36 prósent fólks af erlendum uppruna höfðu upplifað slíka hegðun í sinn garð tíu sinnum eða oftar á tímabilinu. Niðurstöður rannsóknarinnar lýsa því að reynsla fólks af erlendum uppruna af íslensku samfélagi er ólík reynslu meirihluta Íslendinga, þar sem fólk af erlendum uppruna upplifi reglulega virðingarleysi og mismunun.

Aðeins fimm af 72 erlendum þátttakendum töldu sig ekki hafa upplifað neina fordóma.

Flest atvikin áttu sér stað á vinnustað viðkomandi og lýstu þátttakendur líðan sinni eftir atvikin með orðum á borð við misboðið, uppgefin, niðurlægð, einmana, einangruð, vonbrigði, kvíði, grátur og auðmýkjandi.

Guðrún Pétursdóttir félagsfræðingur stóð að rannsókninni. Hún segir einkennandi fyrir fordóma að þeir eru oft aðeins sýnilegir þeim sem fyrir þeim verða og er yfirleitt afar erfitt að sanna að þeir hafi átt sér stað. Ef um þá sé talað sé ábyrgðin gjarnan færð yfir á þann sem verður fyrir þeim, að hann hafi misskilið eða sé ofurviðkvæmur í stað þess að taka upplifun fólks á aðstæðunum trúanlegar.

Guðrún segir að fordómafull hegðun snúist alltaf um vald, það er vald ríkjandi hóps til að mismuna. Mismunun eigi ekki aðeins við í lagalegum skilningi, heldur geti hún einnig átt sér stað í samskiptum einstaklinga.

eva@frettabladid.is

## Rannsaka dulda fordóma og mismunun

**Atvik sem þátttakendur sögðu hafa komið upp einu sinni eða oftar á tveggja vikna tímabili**




*Heimild: Birtingarmyndir dulinna fordóma og mismunun*

**Hlutfall þeirra sem hafa upplifað einhverjar birtingarmyndir dulinna fordóma á tveggja vikna tímabili**




### → Íslendingar telja sig jákvæða gagnvart innflytjendum



**FORDÓMAR** Innflytjendur verða Mun oftar fyrir fordómafullri hegðun heldur en Íslendingar. MYND/VILHELM

„Íslendingar telja sig hafa frekar jákvæð viðhorf gagnvart innflytjendum, en það er nokkuð dæmigert að ríkjandi hópur afneiti fordómafullri framkomu, því hún er almennt ekki viðurkennd sem jákvætt samfélagsnorm,“ segir Guðrún Pétursdóttir, félagsfræðingur og framkvæmdastjóri InterCultural Iceland. Hún kýs að kalla þetta hversdagsfordóma, því um sé að ræða lítil atvik í daglegu lífi en ekki einangruð tilfelli eða líkamlegt ofbeldi.

Guðrún segir mikilvægt að tekið sé mark á fólki þegar það lýsir líðan sinni við þær aðstæður þegar það upplifir hversdagsfordóma og að ekki sé gert lítið úr þeirri líðan þó aðstæðurnar geti þótt lítilvægar í augum þeirra sem sjaldan eða aldrei upplifa þær í sínu daglega lífi.

„Allt eru þetta atvik sem snerta okkur ekki endilega djúpt þegar við upplifum þau einstaka sinnum en geta leitt til alvarlegrar andlegrar vanlíðanar ef við upplifum slíkt virðingarleysi og jafnvel niðurlægingu aftur og aftur í daglegu lífi. Aðeins með því móti að taka mark á því þegar fólk einlæglega lýsir ítrekaðri slæmri líðan sinni við viðkomandi aðstæður, er möguleiki á breytingum,“ bendir Guðrún á.



Er einhver fæddur sölumaður?
Verður arfleifð fyrirtækja keypt og henni stjórnað?

**Viðskiptafræðideild býður til morgunverðarfundar um markaðsmál í tilefni af doktorsvörn Friðriks Larsen í markaðsfræði.**

Fyrirlesarar eru þau **Dr. Anne Rindell**, dósent í markaðsfræði við Hanken School of Economics og **Dr. Nick Lee,** prófessor í markaðsfræði við Aston Business School.

**08.00** Kaffi og léttar veitingar bornar fram fyrir framan Hátíðasal.
**08.30** Dr. Þórhallur Guðlaugsson, fundarstjóri, setur fundinn.
**08.40** Dr. Anne Rindell flytur erindið „Can Heritage be Strategic“.
**09.10** Dr. Nick Lee flytur erindið „The Talent Myth in Sales“.
**09.40** Spurningar og umræður.
**10.00** Fundi lýkur.

**Hátíðasal Háskóla Íslands**
**Föstudaginn 31. janúar 2014**
**Allir velkomnir**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

www.hi.is

Fríverslunarsamningur við Kína samþykktur:

## Fáir með efasemdir

**ALÞINGI** Ályktun um fríverslunarsamning við Kína var samþykkt á Alþingi í gær með 56 atkvæðum gegn tveimur. Þrír þingmenn sátu hjá við atkvæðagreiðsluna en tveir voru fjarstaddir.

Nokkrir þingmenn lýstu efasemdum um réttmæti þess að gera fríverslunarsamning við ríki, þar sem mannréttindi og vinnuverndarmál eru ekki alltaf í hávegum höfð.

Óttar Proppé, þingmaður Bjartrar framtíðar, sagðist til dæmis samþykkja ályktunina með fyrirvara um að samkomulag við Kínverja um vinnumál verði staðfest: „Við leggjum áherslu á það,“ sagði hann.

Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, kaus að sitja hjá og spurði hvort menn telji öruggt að Kínverjar fáist til samvinnu um vinnuverndarmál, eins og kveðið er á um í samningnum: „Ef okkur tekst það ekki, er þá samningurinn ekki gildur, eða myndum við láta það ganga yfir okkur?“ - gb



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON** Sló á létta strengi og sagði þarna hafa verið gerðan tímamótasamning, því „hér ganga tvær þjóðir til samninga sem samanlagt mynda nærri fjórðung mannkyns“.




**Tilboðin gilda 30. jan - 2. feb 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Íbúar hafa kvartað undan myglulykt víða í borginni þegar klakinn sem þakið hefur kalin tún bráðnar:

# Aðstæðurnar eru óvenjulegar í Reykjavík

**NÁTTÚRA** Borgarbúar hafa kvartað undan myglulykt sem hefur fundist víða í Reykjavík. Lyktin kemur frá grasi sem hefur kalið eftir að hafa legið undir klaka. Stillt hefur verið í veðri undanfarið og lyktin því legið yfir stórum svæðum.

„Þetta er tilkomið vegna kalskemmda á grasi. Það er klaki yfir stórum svæðum og lyktin kemur þaðan undan. Skýringin á því að menn eru að tala um þetta núna er kannski sú að í dag og í gær hefur verið stillt veður. Þannig hefur lyktin ekki fokið í burtu og safnast aðeins fyrir,“ segir Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkur.

Þórólfur segir þessar aðstæður ekki koma oft upp í Reykjavík. „Þetta eru aðstæður sem eru kannski svolítið sérstakar núna. Þó þetta hljóti nú að hafa gerst áður hér í Reykjavík man ég ekki eftir því undanfarin ár.“

Klakinn getur verið mjög þykkur og segir Þórólfur hætt við að tún í borginni skemmist ef ekki komi hláka á næstunni. - skó



**TÚN KELUR** Stór hluti Klambratúns liggur undir klaka en óvíst er hvort kalskemmdir verði miklar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Ný þingsályktunartillaga:

## Íslenska ríkið biðjist forláts

**ALÞINGI** Fimmtán stjórnarandstöðuþingmenn hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um afsökunarbeiðni og greiðslu skaðabóta til iðkenda Falun Gong sem yfirvöld höfðu afskipti af árið 2002 í tengslum við heimsókn Jiang Zemin, þáverandi forseta Kína.

Þeim var gert erfitt að mótmæla og sumir voru vistaðir gegn vilja sínum á meðan heimsókninni stóð. Tillagan hefur verið lögð fram í tvígang en ekki tekin til umræðu. - þj



**TILBÚNIR** Taílenskir lögreglumenn stilla sér upp bak við gaddavír í úthverfi Bangkok, höfuðborgar Taílands, í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Enn er mótmælt í Taílandi og ástandið eldfimara:

## Kosið um helgina

**TAÍLAND, AP Mótmælendur krefjast þess að hætt verði við kosningar sem taílenska ríkisstjórnin boðar að fari munu fram um næstu helgi. Linnulaus mótmæli hafa verið í landinu frá nóvember í fyrra.**

**Lögreglumenn voru við öllu búnir í Bankok í gær enda hafa mótmælin orðið eldfimari með hverjum deginum síðustu vikurnar. Mótmælendur krefjast þess að ríkisstjórnin fari frá, og fullyrða að bróðir Yingluck Shinawatra forsætisráðherra stjórni landinu í raun.** - ebg

Sjúkdómsgreining letur fólk:

## Skilgreining offitu mikilvæg

**HEILSA** Sé offituástand skilgreint sem sjúkdómur dregur það úr heilsusamlegri hegðun þeirra sem þjást af offitu. Þetta kemur fram í nýrri bandarískri rannsókn.

Offitusjúklingar sem álíta sig vera haldnir sjúkdómi leggja minni áherslu á heilbrigt mataræði og hafa minni áhyggjur af líkamsþyngd sinni, samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar.

Aftur á móti má greina meiri ánægju á meðal offitusjúklinga með líkama sinn, telji þeir sig haldna sjúkdómi.

Það leiðir síðan til hitaeiningaríkara mataræðis, samkvæmt rannsóknarniðurstöðunum. - js

Bandarískur þingmaður:

## Hótaði fréttamanni í mynd

**BANDARÍKIN** Michael Grimm, fulltrúadeildarþingmaður repúblikana á Bandaríkjaþingi, brást ókvæða við því þegar sjónvarpsfréttamaðurinn Michael Scotto spurði hann í fyrrakvöld út í ásakanir um misferli í fjármögnun framboðs hans.

Grimm, sem sat fyrir svörum eftir stefnuræðu Barack Obama forseta, gekk út úr mynd þegar Scotto ætlaði að beina samtalinu annað, en þegar útsendingu var slitið óð hann að fréttamanninum og sagðist mundu fleygja honum fram af svölunum í þinghúsinu ef hann reyndi eitthvað slíkt aftur.

Í samtali við fjölmiðla eftir að hótunin komst í hámæli sagðist Grimm hafa verið í fullum rétti til að æsa sig. - þj

# Framsýni að friða haförninn í 100 ár

Hafernir á Íslandi hafa ekki verið fleiri síðan fyrir aldamótin 1900. Ísland varð fyrst til að friða örninn. Friðunin kom í veg fyrir að tegundin yrði útdauð hér á landi.

**NÁTTÚRA** Eftir að hafa verið friðaður í 100 ár er hafarnarstofninn við Ísland tekinn að braggast verulega, og er trúlega jafn stór í dag og hann var fyrir aldamótin 1900, segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.



**KRISTINN HAUKUR SKARPHÉÐINSSON**

Alþingi ákvað að haförninn skyldi vera alfriðaður frá ársbyrjun 1914 með fuglafriðunarlögum sem voru samþykkt sumarið 1913. Með framsýni nokkurra alþingismanna var Ísland fyrsta ríkið til að friða þessa fuglategund, segir Kristinn.

„Það var orðið ljóst á þessum tíma að örnum hafði fækkað mjög mikið síðustu áratugina. Þeim fækkaði fyrst og fremst vegna þess að þeir voru drepnir vísvitandi bæði með eitri og skotum, það voru ýmsir hagsmunir sem stjórnuðu því,“ segir Kristinn.

„Það má segja að þessi ákvörðun hafi komið í veg fyrir að þessi tegund yrði útdauð hér á landi,“ segir Kristinn.

Örnunum hélt þó áfram að fækka eftir að friðunin tók gildi. Líklegt er að útburður á eitri sem ætlað var refum hafi haft þar mikil áhrif.

„Eftir fimmtíu ára friðun var stofninn í jafn slæmu standi, eða því sem næst, og hann var í þegar friðunin tók gildi,“ segir Kristinn. Hann segir að það hafi ekki verið fyrr en Fuglaverndarfélaginu hafi tekist að stöðva útburð á eitri að eitthvað hafi farið að ganga að vernda stofninn.

Haförninn er langlífur og viðkoman lítil, svo það tekur langan tíma fyrir friðun að hafa áhrif.

„Í dag hafa 70 pör helgað sér óðöl. Stofninn er í betra horfi en hann hefur verið frá því fyrir aldamótin 1900. Hann vex hægt og örugglega, en dreifist mjög hægt út. Hann var um allt land áður en er í dag bundinn við Vesturlandið,“ segir Kristinn. Hann segir að stofninn sé almennt séð í góðu ástandi, bæði hér á landi og í Norður-Evrópu.

brjann@frettabladid.is



**FRIÐAÐUR** Hafernir á Íslandi hafa verið í nokkurs konar gjörgæslu. Umferð við arnarhreiður hefur til að mynda verið bönnuð til að styggja ekki fuglinn. MYND/KRISTINN HAUKUR SKARPHÉÐINSSON

### Önnur ríki seinni til að friða haförninn

Alþingi ákvað sumarið 1913 að friða haförninn tímabundið í fimm ár, frá ársbyrjun 1914. Friðunin var jafnan framlengd, þó það hafi oft kostað harðvítug átök á Alþingi. Önnur ríki voru ekki jafn fljót til. Sum nágrannaríkjanna, til dæmis Þýskaland, Danmörk, Svíþjóð og Finnland, friðuðu haförninn á árabilinu 1924 til 1934, en önnur ekki fyrr en eftir seinni heimsstyrjöldina. Norðmenn friðuðu haförninn til að mynda ekki fyrr en árið 1968, og Grænlendingar ekki fyrr en 1973.




GUÐRÚN BERGMANN
hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða og skrifað bækur um heilsu, náttúrulækningar og umhverfisvitund.

VILTU TAKAST Á VIÐ SYKURFÍKNINA?

fimmtudagur 6. feb. 4.900 kr.

Hvernig hægt er að eiga „sætt“ líf án sykurs!

Á NÁMSKEIÐINU VERÐUR FARIÐ YFIR:

Birtingu sykurfíknar og skaðleg áhrif hennar á heilsuna.

Hvernig hægt er að forðast sykur í mat og þekkja dulnefni hans hjá matvælaframleiðendum.

Hvernig frelsi frá sykurfíkn veitir þér aukna líkamlega orku, heilbrigðari húð, bætta meltingu og betra skap.

Nánari upplýsingar og skráning á ung@gudrunbergmann.is og www.ungaollumaldri.is

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30 – 21:00



SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI

Heilsuhúsið 1979


Stéttarfélag óttast áhrif uppsagna á starfsemina:

## Fækkað um fjórtán í tveimur ráðuneytum

**STJÓRNSÝSLA** Fækkað verður um samtals 14 stöðugildi í velferðarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti, eða sjö stöðugildum í hvoru ráðuneyti fyrir sig.

Um er að ræða aðhaldsaðgerðir til að mæta lækkuðum fjárveitingum um fimm prósent samkvæmt fjárlögum.

Í tilkynningum frá ráðuneytunum kemur fram að í ljósi þess að stærsti kostnaðarliður þeirra sé launakostnaður séu slíkar uppsagnir óhjákvæmilegar.

Stöðugildum í ráðuneytunum fækkar, starfshlutfall minnkar hjá einhverjum starfsmönnum og rætt hefur verið við fólk sem komið er með rétt til lífeyris um að flýta starfslokum, segir í tilkynningunni.

Til viðbótar við uppsagnirnar er ráðgert að draga úr aðkeyptri sérfræðiþjónustu og útgjöldum í „öllum öðrum rekstrarþáttum,“ segir í tilkynningu.

Stéttarfélag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, FHSS, harmar uppsagnirnar. Félagið mótmælir því að lítið sem ekkert samráð hafi verið haft við félagið eða trúnaðarmenn þess við undirbúning og framkvæmd þessara aðgerða.

Í yfirlýsingu frá FHSS segir að mikilvægt sé að skapa sérfræðingum sem starfi hjá ráðuneytunum gott starfsumhverfi. Félagið óttast að þessar aðgerðir muni hafa neikvæð áhrif á starfsanda og starfsemi hjá ráðuneytunum. - bj, js

REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK

# ÚTSALA ÚTSALA

**15%-50% AFSLÁTTUR**

**OPIÐ ALLA HELGINA**

## Nature's Comfort heilsurúm

Verðdæmi: 160 x 200 cm.
Fullt verð
kr. ~~149.900~~

160X200 **ÚTSALA 119.920** AFSLÁTTUR 20%



Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

## Nature's Rest heilsurúm

Verðdæmi: 120 x 200 cm.
Fullt verð
kr. ~~79.900~~

120X200 **ÚTSALA 67.915** AFSLÁTTUR 15%



Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

## C&J stillanlegt heilsurúm með Shape dýnu

Verðdæmi: 2 x 90 x 200 cm.
Fullt verð
kr. ~~466.800~~

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

2X90X200 **ÚTSALA 396.780** AFSLÁTTUR 15%



Charlotte & Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

## Shape heilsurúm

Verðdæmi: 160 x 200 cm.
Fullt verð
kr. ~~167.900~~

160X200 **ÚTSALA 134.320** AFSLÁTTUR 20%



SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Heilsudýna sem:
- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

## SILO svefnsófi

**ÚTSALA 109.900** AFSLÁTTUR 20%



Stærð: 228 x 162 cm. H. 83 cm. Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna. Rúmfatageymsla.
Fullt verð kr. ~~139.900~~

## FLORIDA Chase long tungusófi

**ÚTSALA 109.900** AFSLÁTTUR 20%



Stærð: 250 x 150 cm. Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna.
Fullt verð kr. ~~139.900~~

## EASY hægindastóll

**ÚTSALA 62.930** AFSLÁTTUR 30%



Fæst í ljósu, brúnu og svörtu bundnu leðri. Stöðugir fætur.

Fullt verð kr. ~~89.900~~

**SÍÐUSTU DAGAR**

# DORMA

– býður góða nótt

## MILANO hægindastóll

**ÚTSALA 34.930** AFSLÁTTUR 30%



Fæst í svörtu og ljósu tauáklæði

Fullt verð kr. ~~49.900~~

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á útsölu stendur og birgðir endast.

**Holtagörðum, Reykjavík © 512 6800** • Dalsbraut 1, Akureyri © 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík © 558 1100
**OPNUNARTÍMI:** Virka daga 11⁰⁰-18⁰⁰, Laugardaga 11⁰⁰–17⁰⁰ og Sunnudaga 13⁰⁰–17⁰⁰

Frakkar missa efsta sætið:

## Mest rauðvín drukkið í Kína

Neysla á rauðvíni í Kína hefur aukist svo síðustu ár að nú eiga Kínverjar heimsmet í rauðvínsdrykkju.

Kínverjar hafa þar með náð Frökkum, sem hafa hingað til vermt efsta sætið. Frakkar drukku næstmest og Ítalir eru í þriðja sæti, samkvæmt rannsókn Vinexpo.

Rauðvínsdrykkja í Kína hefur aukist um 136 prósent síðustu sex árin og er ástæðan talin vera aukin velmegun í landinu. - ebg

**NEYTANDINN: Lísa Kristjánsdóttir**

## Myndlist allra bestu kaupin

„Það er nú líklega svo að slæm kaup eru um margt eftirminnilegri en þau góðu, taka sér einhvern veginn meira pláss í samviskunni,“ segir Lísa Kristjánsdóttir, aðstoðarkona formanns Vinstri grænna, er hún er spurð um sín bestu og verstu kaup.

„En af góðum kaupum held ég að mér sé óhætt að segja að myndlist sé eitthvað það allra besta sem ég hef fest kaup á. Hún er sígild, vekur upp spurningar, ánægju og ómælda gleði sem eykst bara með árunum. Myndlist er alltaf góð kaup. Þar á eftir koma án efa flíkur frá henni Báru Hólmgeirsdóttur í Aftur,“ segir Lísa og útskýrir að fagurfræði og hugmyndafræði Báru falli vel að hennar eigin.

„Bílakaup fara mér ekki sérlega vel og eru verstu kaupin mín án efa fjölskyldubíllinn sem ég átti síðast. Ég held að við höfum greitt þann ósóma þrisvar sinnum og gott betur en það,“ segir Lísa og viðurkennir að hún hafi aldrei séð jafn mikið eftir neinum kaupum.

„Ég vona að sá „nýi“ standi sig betur.“ - eb



**SAMVISKA** Slæmu kaupin taka meira pláss á samviskunni segir Lísa Kristjánsdóttir.

Verðkönnun ASÍ:

## Fimm hækka leikskólagjöldin

Fimm sveitarfélög hafa hækkað gjaldskrá leikskóla á milli ára eða á síðasta ári, að því er fram kemur á vef ASÍ; Hafnarfjörður, Akureyri, Akranes, Vestmannaeyjar og Fljótsdalshérað.

Einnig er mikill verðmunur á hæstu og lægstu gjaldskrá sveitarfélaganna fyrir átta tíma vistun ásamt fæði. Hæsta gjaldið fyrir þessa þjónustu er 35.160 krónur í Garðabæ en lægst í Reykjavík 25.880 krónur sem er 36 prósent verðmunur á mánuði. - þj

# Vantar enn aukið fjármagn til að sinna matvælaeftirliti nægilega vel

**Ýmis dæmi um að matvælaeftirliti sé ábótavant hafa ekki leitt til aukinna fjárveitinga til Matvælastofnunar. Starfsmönnum sem sinna eftirliti hefur ekki fjölgað. Fjárskortur kemur í veg fyrir að þeir geti sinnt fleiri verkefnum. Búið er að selja 1.500 lítra af hvalabjórnum sem átti upphaflega ekki að selja. Ráðherra virðist hafa skipt um skoðun á gæðum matvælaeftirlits frá því hann var óbreyttur þingmaður.**

Matvælastofnun (MAST) hefur ekki fengið aukið fjármagn til að sinna matvælaeftirliti þrátt fyrir ýmis þekkt og alvarleg dæmi um að eftirliti sé ábótavant. Starfsmönnum sem sinna eftirlitinu hefur því ekki fjölgað en þeim hefur aftur á móti verið sagt að fylgjast betur með því hvaða hráefni fara í matvælaframleiðslu hér á landi.

„Í úttektum í matvælafyrirtækjum þá er gert ráð fyrir að eftirlitsmenn kanni hráefni sem eru notuð við framleiðsluna og hvort þau séu viðurkennd til matvælavinnslu. Og það hefur verið skerpt á því að eftirlitsmennirnir fylgist með þessu í úttektum sínum,“ segir Sigurður Örn Hansson, forstöðumaður matvælaöryggis- og neytendasviðs MAST. Hann segir innköllunum stofnunarinnar á matvælum sem geta verið hættuleg ekki hafa fjölgað.

Spurður hvort Matvælastofnun þurfi ekki aukið fjármagn til að sinna matvælaeftirliti betur svarar Sigurður:

„Það eru mörg verkefni sem við vildum gjarnan sinna sem við höfum ekki tök á vegna fjárskorts.“

Starfsmenn MAST hafa á síðustu árum komið upp um alvarleg mál við matvælaeftirlit. Í janúar 2012 kom í ljós að mörg af stærstu matvælafyrirtækjum landsins höfðu til fjölda ára notað iðnaðarsalt frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar og í fyrra var fyrirtækið Gæðakokkar í Borgarnesi uppvíst að því að framleiða nautakjötsbökur sem innihéldu ekkert kjöt.

Heilbrigðisstofnun Vesturlands, sem starfar undir yfirumsjón MAST, bannaði fyrr í þessum mánuði sölu á hvalabjór Brugghúss Steðja í Borgarfirði. Ástæðan var sú að bjórinn inniheldur hvalmjöl sem óheimilt er að nota til manneldis. Sigurður Ingi Jóhannsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, yfirmaður ráðuneytisins sem fer með opinbert matvælaeftirlit á Íslandi, heimilaði sölu og dreifingu á bjórnum í síðustu viku. Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR seldust um fimmtán hundruð lítrar af bjórnum fyrstu fjóra dagana eftir að hann fór í sölu.

Sigurður Ingi sagði í samtali við fréttastofu í gær að horft hefði verið til ákveðinnar lagaóvissu þegar ákvörðunin um að leyfa sölu á bjórnum var tekin og „eins að það sé eðlilegt að stjórnsýslan beiti ákveðnu meðalhófi í sínum aðgerðum“. haraldur@frettabladid.is




**EFTIRLIT** Rannsókn MAST leiddi í ljós að nautabökur Gæðakokka í Borgarnesi innihéldu ekkert kjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### → Taldi opinbera aðila geta gert betur

Sigurður Ingi Jóhannsson var í viðtali í útvarpsþættinum Reykjavík síðdegis þann 28. febrúar 2013. Þar ræddi hann kjötbökumálið í Borgarnesi og sagði nauðsynlegt að herða matvælaeftirlit.

„Ég fullyrði að framleiðendur matvæla geti gert betur og eigi að gera betur og ég fullyrði líka að opinberir eftirlitsaðilar eigi að geta gert betur við núverandi kerfi og eigi að gera betur.“

Sigurður var aftur í viðtali í sama útvarpsþætti þann 19. ágúst 2013, tæpu hálfu ári síðar. Þá sagði hann:

„Þá er rétt að ítreka það að matvælaöryggi á Íslandi er eitt það öruggasta í heimi og þannig er til að mynda tíðni matarsýkinga lægst hérlendis af samanburðarlöndum.“



**SIGURÐUR INGI JÓHANNSSON**


## Hefur þú áhuga á að starfa í stjórn VR?

Samkvæmt 20. gr. laga VR auglýsir kjörstjórn félagsins eftir einstaklingsframboðum í stjórn félagsins og listaframboðum í trúnaðarráð.

- Um er að ræða annars vegar sjö sæti í stjórn og þrjú til vara. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna einstaklingsframboðs til stjórnar og varastjórnar.
- Hins vegar er um að ræða listaframboð fyrir 41 sæti í trúnaðarráð. Til að listi vegna trúnaðarráðs sem borinn er fram gegn lista uppstillinganefndar sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna sem og skriflegt samþykki frambjóðenda á listanum.

Framboðsfrestur er til **kl. 12:00 á hádegi fimmtudaginn 13. febrúar 2014.** Framboðum og framboðslistum skal skilað til kjörstjórnar á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7.

Frambjóðendum er bent á heimasíðu VR www.vr.is, þar sem eyðublöð vegna framboða eru aðgengileg og ítarlegari upplýsingar birtar um framboð til stjórnar og trúnaðarráðs. Kjörstjórn VR veitir einnig frekari upplýsingar í síma 510 1700 eða með tölvupósti til kjorstjorn@vr.is.

30. janúar 2014
Kjörstjórn VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR




**Í LEIFSSTÖÐ** Farþegar Delta og Icelandair eru þeir einu sem geta nýtt sér sjálfsafgreiðslustöðvar í brottfararsalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORGILS

Innritun í flug á Keflavíkurflugvelli:

## Sjálfsafgreiðsla hjá tveimur flugfélögum

Af þeim sautján flugfélögum sem bjóða upp á áætlunarferðir til og frá Keflavíkurflugvelli þá eru aðeins tvö sem gera farþegunum kleift að innrita sig sjálfir í flugstöðinni. Þessu er öfugt farið á flugvöllum nágrannaþjóðanna þó forsvarsmenn Isavia leggi áherslu á að sem flestir flugrekendur nýti sér tæknina til að bæta afköstin. Þetta kemur fram á vef Túrista, turisti.is.

Þar segir að farþegar Delta og Icelandair séu þeir einu á Keflavíkurflugvelli sem geti nýtt sjálfsafgreiðslustöðvar í brottfararsalnum. Haft er eftir Friðþóri Eydal, upplýsingafulltrúa Isavia, að önnur félög kjósi að bjóða ekki slíka þjónustu þrátt fyrir ábendingar þar um. Samkvæmt upplýsingum frá Icelandair nýtir meira en helmingur farþega sér sjálfsafgreiðslustöðvar eða netsíðu félagsins til að tékka sig inn.

Bent er á að þeir sem fljúga með Easy Jet eigi að innrita sig á netinu og prenta út brottfararspjöld áður en þeir mæta út á flugvöll. Félagið hætti í vor að innrita við afgreiðsluborð og farþegar verða því að tékka sig inn á netinu og prenta út brottfararspjöld að lágmarki tveimur tímum fyrir brottför.

Túristi hefur það eftir Svanhvíti Friðriksdóttur, upplýsingafulltrúa Wow Air, að búist sé við því að farþegar félagsins geti nýtt sér sjálfsafgreiðsluna í Keflavík síðar á þessu ári.



EARTH DREAMS
TECHNOLOGY
HONDA
The Power of Dreams
HONDA CR-V
BÍLL ÁRSINS 2014
Á ÍSLANDI Í FLOKKI JEPPA OG JEPPLINGA*
CR-V
HONDA CR-V
KOSTAR FRÁ 5.290.000
EYÐSLA FRÁ 4,5L/100km
* Skv. vali Bandalags íslenskra bílablaðamanna, BÍBB.
www.honda.is
BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100
Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535




5% afsláttur af ÖLLUM VÖRUM einnig tilboðum

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd




**The practial encyclopedia of acrylics, oils and couache**
Verð kr. 2.099
Verð áður ~~kr 2.999~~




**Figure drawing for fashion design**
Verð kr. 4.199
Verð áður ~~kr 5.999~~




**The illustrated story of art**
Verð kr. 4.199
Verð áður ~~kr 5.999~~




**Artforum**
Verð kr. 1.715
Verð áður ~~kr 2.450~~




**International artist**
Verð kr. 1.484
Verð áður ~~kr 2.120~~




**Computer arts**
Verð kr. 1.642
Verð áður ~~kr 2.345~~




**Skrautskiftarpennar**
Verð kr. 546
Verð áður ~~kr 729~~




**Teiknipennar 20.litir í hólk**
Verð kr. 4.999




**Tússpenni Artline**
Verð kr. 1.069

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl. Gildistími tilboða er frá 30. janúar til og með 2. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Tölur Hagstofu Íslands:

## Gjaldþrotum fer fækkandi

Gjaldþrotum fyrirtækja fækkaði um 17,4 prósent á síðasta ári frá því árið 2012. Gjaldþrot síðasta árs voru 918 talsins en 1.112 árið áður. Flest gjaldþrot árið 2013 voru í flokknum byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, samtals 179.

Nýskráð fyrirtæki á síðasta ári voru 1.938 sem er 10,6 prósenta aukning frá árinu 2013. Það árið voru 1.752 fyrirtæki nýskráð. Nýskráningar fyrirtækja árið 2013 voru flestar á sviði fjármála- og vátryggingastarfsemi. - fbj

WOW býður nú ákvörðunar áfrýjunarnefndar samkeppnismála vegna kæru Isavia og Icelandair:

# Getur ekki hafið Ameríkuflug vegna kæru

Isavia hefur kært úrskurð Samkeppniseftirlitsins um að veita WOW air tiltekna brottfarartíma vegna Ameríkuflugs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Áfrýjunarnefndin tók þá ákvörðun fyrir helgi að fresta úthlutun brottfarartíma þangað til endanlegur úrskurður nefndarinnar lægi fyrir í málinu. WOW hafði óskað eftir fjórum brottfarartímum og hafði Samkeppniseftirlitið tekið ákvörðun um að veita WOW tiltekna brottfarartíma.

Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, segir að með kærunni sé Isavia að vernda hagsmuni og einokun Icelandair á Ameríkuflugi.

Friðþór Eydal, talsmaður Isavia, segir hins vegar úrskurð Samkeppniseftirlitsins vera óeðlilegt inngrip í samræmdar EES-reglur og því hafi honum verið áfrýjað.

Það segir Skúli vera af og frá, bæði ESA og Samkeppniseftirlitið hafi bent á að Evróputilskipanir um úthlutun afgreiðslutíma á flugvöllum takmarki ekki rétt samkeppnisyfirvalda til að hafa afskipti af slíkri úthlutun.

Skúli segir að kæran setji fyrirhugað flug til Ameríku í uppnám og að félagið geti ekki tekið þátt á þessum ört vaxandi markaði.

„Það er sorglegt að horfa upp á það að Isavia, sem er ríkisfyrirtæki, og stjórnsýslan skuli vera að koma í veg fyrir heilbrigða samkeppni á flugi til og frá Norður-Ameríku og þar með að skaða hag allra neytenda og íslenskra skattgreiðenda,“ segir Skúli. - eh



**TAFIR** WOW fékk flugrekstrarleyfi á síðasta ári og hugði á Ameríkuflug með vorinu en það er nú í uppnámi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**DREAMLINER** Boeing setur saman stórar þotur í verksmiðju sinni í Suður-Karólínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjöldi pantana frá flugfélögum slær met í framleiðslu:

## Metframleiðsla hjá Boeing í fyrra

**Hagnaður Boeing á fjórða ársfjórðungi jókst um 26 prósent. Félagið afhenti mun fleiri flugvélar en áður og segist munu halda áfram að gera slíkt hið sama á þessu ári.**

**Pantanir frá flugfélögum um heim allan hafa ýtt á bæði Boeing og aðalkeppinautinn, Airbus, að framleiða fleiri vélar en nokkurn tíma áður. Boeing mun afhenda 715 til 725 vélar á þessu ári.** - fbj

Atvinnuþátttaka 82,7%:

## Starfandi fólki fjölgar milli ára

Fólki á vinnumarkaði á aldrinum 16 til 74 ára fjölgaði um 4,4% á fjórða ársfjórðungi 2013 miðað við sama tímabil árið áður.

Á fjórða ársfjórðungi 2012 voru alls 176.800 á vinnumarkaði eða 78,7% atvinnuþátttaka og utan vinnumarkaðar voru þá 47.800. Á sama tímabili í fyrra voru að jafnaði 184.600 manns á vinnumarkaði og fjölgaði því um 7.800 manns. Jafngildir þetta 80,7% atvinnuþátttöku.

Fjöldi fólks utan vinnumarkaðar var 44.200 og hefur því fólki fækkað um 7,5% frá fyrra ári eða um 3.600 manns. Atvinnuþátttaka kvenna var 78,2% og karla 83,1%. - hva

Fyrirtæki í kælilausnum:

## Kaupa 80% hlut í 3X Technology

IÁ hönnun ehf. hefur keypt áttatíu prósenta hlut í 3X Technology á Ísafirði. IÁ hönnun er í eigu Ingólfs Árnasonar, framkvæmdastjóra Skagans hf. og Þorgeirs & Ellerts hf. á Akranesi. Kaupin eru háð samþykki Samkeppnisstofnunar en fyrirtækin tvö hafa sérhæft sig í vinnslutengdum kælilausnum og átt í margháttuðu samstarfi.

„Með aukinni samvinnu, sem fyrirhuguð er í kjölfar samkomulagsins, gefst möguleiki á að samþætta markaðs-, vinnslu-, innkaupa- og þróunarvinnu fyrirtækjanna,“ segir í tilkynningu. - hg

# Þróunarfyrirtæki á hraðri leið úr landi

Lítil virkni er orðin í íslenskum félögum sem stofnuð voru um útrás á sviði virkjana og jarðvarma. Gjaldeyrishöft hrekja starfsemina úr landi því erlendir fjárfestar stíga ekki fæti inn fyrir höft. Fólk með sérhæfða þekkingu finnur samt vinnu víða.

„Almennt séð eru öll þessi þróunarfyrirtæki meira og minna farin úr landi,“ segir Lárus Elíasson, framkvæmdastjóri sviðs nýrra jarðvarmavirkjana hjá alþjóðafyrirtækinu Atlas Copco og fyrrverandi forstjóri Enex, um stöðu jarðvarmaverkefna Íslendinga utan landsteinanna. „Eina undantekningin er Reykjavík Geothermal.“ Gjaldeyrishöftin hreki starfsemina úr landi.



**LÁRUS ELÍASSON**

Meðal íslenskra félaga sem unnið hafa að jarðvarmaverkefnum í útlöndum og eru ekki lengur virk, samkvæmt upplýsingum Lárusar, eru Geysir Green Energy (GGE), Enex, Landsvirkjun Power (LVP) og Reykjavík Energy Invest (REI).

„Höftin loka svo miklum tækifærum,“ segir Lárus, en þar komi til fælingarmáttur haftanna á erlenda fjárfesta. „Þetta er kannski ekki síður girðing hugans en raunveruleiki, en fólk forðast svona uppstillingar.“

Starfsfólk í orkugeira segir Lárus hins vegar hafa fundið sér verkefni víða um heim, hvort sem það sé í Kína, Bretlandi, Noregi eða annars staðar. „Jarðboranir eru með mestan hluta af sínum áhöldum erlendis og bora í Indónesíu og á Nýja-Sjálandi.“ Fólk í geiranum sé því bara jákvætt því staðan sýni að þar sem þekking er til staðar sé hægt að selja hana í einhverri mynd. „En það hefði náttúrlega verið miklu skemmtilegra að gera eitthvað á íslenskum forsendum.“

Skaðinn fyrir Ísland endurspeglist í því að nú sé bara um að ræða útselda sérfræðivinnu í útlöndum, fremur en að verið sé að stofna fyrirtæki sem síðan skili heim hagnaði. „Þeir segja grínlaust, verkfræðingarnir sem komnir eru til Noregs, að þeir séu farandverkamenn norðursins.“ Verkefnin sé ekki að finna heima og því þurfi menn að leita annað til að færa björg í bú. olikr@frettabladid.is



**VIRKJAÐ Í KENÍA** Erlendir samstarfsaðilar fást ekki til þess að leggja fé í íslensk fyrirtæki á sviði jarðvarma. Af þeim sökum færast verkefni í erlend félög. NORDICPHOTOS/AFP

### Ófremdarástand fyrir eigendur sparifjár



„Staðan er óbærileg og sér ekki fyrir endann á henni,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta. „Fjárfestar og sparifjáreigendur eiga enga kosti í þessu landi. Raunskattlagning sparnaðarkosta er hér um og yfir 100 prósent og hér er sennilega verðbóla á hlutabréfamarkaði,“ segir Vilhjálmur og kveður því sparifjáreigendur eiga afskaplega bágt. „Og sá hópur sparifjáreigenda sem heitir lífeyrissjóðir á það enn bágara því hér er verið að byggja upp töluvert stóra bólu sem hugsanlega gæti leitt til skerðingar á lífeyri á komandi árum.“ Innanlandsáhætta innan hafta sé því að verða heldur mikil. Síðan reyni hver að klóra sig fram úr stöðunni eftir eigin hyggjuviti, hvort sem það sé með fasteignakaupum, eða með því að spara ekki. Á þingi segir Vilhjálmur áfram þrýst á um lausn gjaldeyrishaftanna, en það gangi hægt.

Fjármálaráðuneytið segir árangur í þróun ríkisfjármála „eftirtektarverðan“:

# Fjárfestar sýna Íslandi áhuga

Fjármála- og efnahagsráðuneytið segir fjárfesta sýna Íslandi mikinn áhuga um þessar mundir. Ráðuneytið segir ljóst að markaðir séu opnir ef til nýrrar útgáfu á skuldabréfum ríkissjóðs kæmi. Þetta kemur fram í frétt sem birtist á vef ráðuneytisins í gær.

Þar segir að vel sé fylgst með þróun ríkisfjármála og efnahagsmála og sá árangur sem náðst hafi sé „eftirtektarverður að mati fjárfesta“.

Ráðuneytið rekur í fréttinni tímann sem liðinn er frá vorinu 2011 þegar alþjóðalánamarkaðir opnuðust að nýju fyrir Ísland.

„Ríkissjóður gaf þá út skuldabréf að fjárhæð einn milljarður Bandaríkjadala. Skuldabréfin voru gefin út til fimm ára með gjalddaga árið 2016. Í maí 2012 var staða Íslands á alþjóðamörkuðum styrkt enn frekar með annarri útgáfu einnig að fjárhæð einn milljarður Bandaríkjadala og var sú útgáfa til tíu ára, með gjalddaga árið 2022,“ segir á vef ráðuneytisins.

Þar segir einnig að kjör á lán ríkissjóðs hafi lengst af batnað frá vori 2011. Kjörin hafi fylgt löndum með svipað lánshæfismat en þróunin verið ívið hagstæðari fyrir Ísland þrátt fyrir yfirlýsingar bandaríska seðlabankans í maí 2013 um að draga úr peningalegum slaka, sem snéru þeirri þróun við. - hg



**VEL FYLGST MEÐ** Margt hefur breyst frá því alþjóðalánamarkaðir opnuðu að nýju fyrir Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Málþing um margbreytileika samfélagsins

- Mismunun og samspil mismununarástæðna á vinnumarkaði –

Fimmtudagur 30. janúar
Kl. 12.00-13.00
í þremur landshlutum um fjarfundabúnað:

Stofu 310 Árnagarði Háskóla Íslands | Stofu L-101 Háskólanum á Akureyri | Árnagötu 2-4 Ísafirði

Fundarstjóri: Margrét Steinarsdóttir

**Aðgangur ókeypis og allir velkomnir**

**Dagskrá**

12.00 – 12.15 Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdarstjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands
**Mismununartilskipanir ESB og margþætt mismunun**

12.15 – 12.30 Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu
**Rannsókn á mismunun á vinnumarkaði**

12.30 – 12.45 Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri Fjölmenningarseturs
Rúnar Helgi Haraldsson, starfsmaður Fjölmenningarseturs
**Rannsókn á uppruna og margþættri mismunun**

12.50 – 13.00 **Umræður**



Allt að sjötíu prósenta afsláttur af sýningarvörum

**Í DAG, Á MORGUN, Á LAUGARDAG OG Á SUNNUDAG 30. JANÚAR TIL 2. FEBRÚAR**

**HANS J. WEGNER, ARNE JACOBSEN, BORGE MOGENSSEN, PHILIPPE STARCK, ERIK MAGNUSSEN, OFL.**

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal



Verzlum við Kína og fordæmum mannréttindabrot:

# Frjáls viðskipti, frjálsir borgarar

Alþingi staðfesti í gær fríverzlunarsamning Íslands og Kína, sem undirritaður var í vor. Miklir efnahagslegir hagsmunir felast í samningnum. Verð á kínverskum vörum mun væntanlega lækka hér á landi og vonir eru bundnar við að útflutningur íslenzkra fyrirtækja til Kína aukist verulega og rétti af hallann á viðskiptum landanna.

Ýmsir hafa á undanförnum vikum sagt að þingið ætti ekki að staðfesta samninginn vegna ástands mannréttindamála í Kína. Það er að sönnu afar slæmt.

Í umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um samninginn er vitnað til skýrslu Amnesty International, þar sem segir að einræðisstjórnin í Kína hafi „haldið pólitískum aðgerðasinnum, baráttufólki fyrir mannréttindum og öðrum aðgerðasinnum í heljargreipum. Þeir hafi ítrekað sætt ógnunum, áreitni, þurft að sæta fangelsun eftir geðþótta og margir hafi horfið sporlaust á liðnum mánuðum. Aðgangur að réttlæti hafi verið takmarkaður verulega fyrir marga; múslímar, búddistar og kristnir sem ræktu trú sína utan leyfðra staða ásamt Falun Gong-iðkendum sættu pyntingum, áreitni, fangelsun og öðrum takmörkunum á trúfrelsi þeirra“. Beiðnir eftirlitsstofnana Sameinuðu þjóðanna um heimsóknir til að sannreyna ástand mannréttindamála hafa verið hunzaðar.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Mannréttindaskrifstofan hvatti Alþingi hins vegar ekki til að hafna staðfestingu samningsins, ekki frekar en Amnesty. Hún hvetur íslenzk stjórnvöld þvert á móti til að „grípa hvert tækifæri, þar á meðal það sem að vissu leyti gefst með umræddum fríverslunarsamningi, til þess að berjast fyrir mannréttindum“.

Það er hin rétta afstaða í málinu. Með frjálsum viðskiptum við Kína aukast samskipti vestrænna lýðræðisríkja við þarlend stjórnvöld, fyrirtæki og almenning. Það er líklegra til að vinna mannréttindum brautargengi en að loka á samskipti við Kína.

Alþingi gerði því rétt í að staðfesta samninginn. En þingið ætti líka að samþykkja þingsályktunartillögu Birgittu Jónsdóttur og þingmanna úr öllum flokkum nema Framsóknarflokki, um fordæmingu á ofsóknum kínverskra stjórnvalda gagnvart Tíbetum. Sömuleiðis ætti að samþykkja þingsályktunartillögu Guðmundar Steingrímssonar og þingmanna úr öllum flokkum nema stjórnarflokkunum, um að þingið biðji iðkendur Falun Gong afsökunar á aðgerðum íslenzkra stjórnvalda gegn þeim árið 2002. Þá var fólki meinað að nota rétt sinn til friðsamlegra mótmæla við opinbera heimsókn forseta Kína, undir miklum þrýstingi frá Kínastjórn.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í umræðum á Alþingi fyrir stuttu að hann hefði ekki verið hrifinn af síðarnefndu þingsályktunartillögunni og ekki talið hana alveg „þjóna tilgangi sínum“. Tilgangurinn er þó alveg augljós.

Með þessu móti væru skilaboðin til Kínverja skýr: Við viljum gjarnan eiga við ykkur sem mest og frjálsust viðskipti. En við látum viðskiptahagsmuni að sjálfsögðu ekki draga úr okkur að fordæma mannréttindabrot í Kína og höft á frelsi borgaranna. Við látum Kínverja heldur aldrei aftur þrýsta á okkur að takmarka frelsi fólks.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ofsalega hrokafullt fyrirtæki

Þingmönnum var heitt í hamsi á Alþingi í gær þegar kosið var í stjórn Ríkisútvarpsins. Fulltrúi Pírata var þar settur úr stjórninni en fulltrúi Framsóknarflokksins, Guðlaugur G. Sverrisson, kom inn í hans stað. Guðlaugur hefur látið sig málefni RÚV varða en í september á síðasta ári stakk hann niður penna á vefmiðlinum Pressunni þar sem hann gagnrýndi fréttamat fjölmiðla og sérstaklega Ríkisútvarpsins. Þar sagði hann meðal annars að honum fyndist aðaláherslan þar vera á að espa til leiks og að RÚV hafi fallið fyrir spuna fyrrverandi ríkisstjórnar. Þá skrifaði stjórnarmaðurinn nýkjörni á Facebook-síðu sína í sumar að ohf. stæði fyrir ofsalega hrokafullt fyrirtæki. Það er vonandi að Guðlaugur nái að gera betur en fyrirrennarar hans hjá Ríkisútvarpinu.



### Fulltrúi Pírata ekki Pírati

Píratar voru eðli málsins samkvæmt ósáttir við að missa sinn mann úr stjórn Ríkisútvarpsins. Birgitta Jónsdóttir kapteinn vildi meina að þeirra fulltrúi væri ekki Pírati – heldur fulltrúi Bandalags íslenskra listamanna og því ætti að hlífa honum við þessum breytingum á stjórninni.



### Áskoranir

Píratar skoruðu fyrir kosninguna í gær á stjórn RÚV að mótmæla þeim gerningi Sjálfstæðis- og Framsóknarflokksins að fleygja góðum dreng úr stjórninni, skoruðu á þingheim að hafa frekar hagsmuni Ríkisútvarpsins að leiðarljósi í ákvörðunum sínum og hvöttu listafólk til að mótmæla með sama hætti. Þessum áskorunum var tekið fálega.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Innflytjendur eru tækifæri, ekki ógn

SAMFÉLAG



Elín Hirst
alþingismaður

Hvar sem komið er í heiminum, og spurt hverjir standi best að málefnum hælisleitenda er Noregur nefndur til sögunnar. Íslensk stjórnvöld hafa nú leitað í smiðju Norðmanna hvað varðar málefni hælisleitenda og er það vel. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra mælti nýlega fyrir breytingum á útlendingalögum á Alþingi, að norskri fyrirmynd sem er að mínum dómi afar metnaðarfull og skynsamleg lagabót.

Frumvarpið felur meðal annars í sér að stofnuð verði sjálfstæð kærunefnd sem taki til meðferðar kærur á úrskurðum Útlendingastofnunar vegna mála er varða komu, dvöl eða hælisumsókn útlendinga. Fyrrverandi innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, réðst í mikið átak til styttingar málsmeðferðartíma hælisumsókna vorið 2013 og á hann einnig hrós skilið fyrir það.

Afar mikilvægt er að sá mikli fjöldi sem sækir um að fá hér pólitískt hæli fái skýr og rökstudd svör eins fljótt og kostur er. Því miður fæst aldrei jákvætt svar við öllum beiðnum. Við búum við alþjóðlega löggjöf samhliða þeirri íslensku og þar sem rammi hefur verið settur í kringum þá alþjóðlegu vernd sem felst í pólitísku hæli. Enn fremur að það beri að forgangsraða í þágu þeirra sem mest eru taldir þurfa á slíkri hjálp að halda, eins og kom fram í máli Hönnu Birnu á Alþingi.

**➜ Afar mikilvægt er að sá mikli fjöldi sem sækir um að fá hér pólitískt hæli fái skýr og rökstudd svör eins fljótt og kostur er.**

Það kvað einnig við góðan tón í máli innanríkisráðherra. Hún hvatti okkur Íslendinga til að sýna umburðarlyndi og skilning og líta á það fremur sem tækifæri en ekki ógn að fá innflytjendur hingað til lands.

Sérstaka athygli mína vöktu orð innanríkisráðherra um að ráðherrar í nágrannalöndum okkar líti nú á það sem eina helstu ógnina við Evrópu, ekki síst efnahagslega, að innflytjendur sniðgangi í vaxandi mæli álfuna. Þar með fari Evrópa á mis við þekkingu, dugnað og ný viðhorf fólks úr ólíkum áttum.

Við Íslendingar eigum að fagna því að þeir sýni áhuga á að bæta mannlíf á Íslandi eins og Hanna Birna boðaði í ræðu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Hinir eitruðu kokkteilar

FJÁRMÁL



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Nefnd forsætisráðherra um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum hefur skilað áliti. Í áliti sínu kemst nefndin svo að orði – í endursögn fjölmiðla – að innleiðing 40 ára verðtryggðra húsnæðislána hafi verið „eitraður kokkteill“.

Rannsóknarnefnd Alþingis sem falið var að rannsaka hrunið og leita uppi hvað einna verst hafi verið gert í aðdraganda þess komst m.a. að þeirri niðurstöðu, að innleiðing 90% húsnæðislána hafi verið alvarleg mistök sem valdið hafi innistæðulausri verðhækkun íbúðarhúsnæðis og orðið til þess að fjölmargir hafi skuldsett sig langt umfram greiðslugetu – 16 þúsund fjölskyldur fyrir hrun! Ekki síður „eitraður kokkteill“ það.

Framsóknarflokkurinn taldi fyrir kosningar – og telur enn – verðtrygginguna ein alvarlegustu mistök sem gerð hafi verið í meðferð efnahagsmála á Íslandi – mistök, sem átt hafi drjúgan þátt í linnulitlum verðbólguskotum, forsendubresti og hruni fjármála fjölmargra fjölskyldna. Enn einn „eitraður kokkteillinn“.

**Hver blandaði?**

**Nú skulum við skoða aðeins tilurð allra þessara göróttu drykkja sem að sögn nýja Framsóknarflokksins hefur verið neytt ofan í þjóðina. Hverjir voru barþjónarnir, sem eitruðu kokkteilana blönduðu?**

**Steingrímur Steinþórsson**

Verðtryggð opinber lán til húsnæðisöflunar voru fyrst í lög leidd árið 1955. Það gerði þáverandi félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins, Steingrímur Steinþórsson. Þó óverðtryggð lán hafi jafnframt verið í boði urðu verðtryggðu húsnæðislánin ráðandi allt frá árinu 1955. Fólk taldi það hagstæðara. Þessa gjörð telur nýi Framsóknarflokkurinn að tafarlaust beri nú að afnema. Þetta var sem sé „eitraður kokkteill“.

***Ólafur Jóhannesson***

Lög um almenna verðtryggingu fjárskuldbindinga voru sett árið 1979. Það eru einu lögin í öllu lagasafninu sem kennd eru við forsætisráðherrann, sem beitti sér fyrir setningu þeirra. Lögin hétu – og heita enn – Ólafslög. Forsætisráðherrann sem hafði frumkvæði að setningu þeirra laga hét Ólafur Jóhannesson. Hann var formaður Framsóknarflokksins. Nú segir arftaki hans í sæti flokksformannsins að þessi verknaður forverans sé skaðvænleg mistök sem verði að afnema hið fyrsta. Einu lögin, sem skírð hafa verið eftir forvera hans, verði að hverfa úr íslenska lagasafninu. Svo „eitraður kokkteill“ séu þau.

**Alexander Stefánsson**

Að tilhlutan Alexanders Stefánssonar, félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins, voru verðtryggð opinber lán til húsnæðisöflunar lengd úr 31 ári í 40 ár með lögum nr. 54 þann 7. maí 1986. Það gerði Alexander sannfærður um að með því væri hann að ganga til móts við þá, sem erfiðast áttu á húsnæðismarkaðnum; Sigtúnshópinn svonefnda; sem þá upplifði það, sem síðar var endurskírt af þeim Framsóknarfrostum og kallað „forsendubrestur“. Nú segir sami flokkur, nýi Framsóknarflokkurinn, að þar hafi fólki verið byrlaður „eitraður kokkteill“.

**Árni Magnússon**

90% lánin sem rannsóknarnefnd Alþingis taldi bera einna mesta sökina á húsnæðisbólunni og skelfilegum afleiðingum hennar á fjárhag íslenskra fjölskyldna og á efnahag þjóðarheildarinnar voru sett af félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins eftir kosningaloforð hans og studd af Sjálfstæðisflokknum „gegn betri vitund“ að sögn þáverandi formanns þess flokks, Geirs Haarde. Sá eitraði kokkteill var sum sé líka blandaður af barþjóni sama flokks og eftir uppskrift sem hann hafði einkarétt á.

**Páll Pétursson**

40 ára verðtryggðu húsnæðislánin voru ítrekuð í lögum árið 1998 jafnframt því sem lögin um Verkamannabústaði voru afnumin. Þetta gerði þáverandi félagsmálaráðherra Framsóknarflokksins, Páll Pétursson. Nú telur Eygló Harðardóttir, arftaki Páls, að nauðsynlegt sé að endurvekja kerfi til aðstoðar við tekjulágt fólk – kerfið, sem Páll lagði niður. Þann 19. maí árið 1998 sagði Páll: „Ég hef engar áhyggjur af því að þetta komi í hausinn á mér í næstu kosningum.“ Enda fór ekki svo. Þetta kemur bara í hausinn á konunni hans, formanni þingflokks nýrra Framsóknarmanna, núna – 16 árum seinna.

**Hvílík örlög!**

Hvílík örlög eins flokks að helstu viðfangsefni hans séu að reyna að hella niður öllum þeim „eitruðu kokkteilum”, sem sami flokkur ýmist að eigin sögn eða að sögn ráðgjafa hans á að hafa byrlað þjóðinni í fersku minni arftakanna. Og hvað um þá kokkteila sem flokkurinn er að blanda núna. Er óhætt að bergja þar af? Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn aftur að gerast ábyrgur fyrir gæðunum – eins og þegar síðasti „eitraði kokkteill“ var blandaður. Og þá aftur gegn betri vitund!?! Hvílík örlög!

**➜ Hvílík örlög eins flokks að helstu viðfangsefni hans séu að reyna að hella niður öllum þeim „eitruðu kokkteilum“, sem sami flokkur ýmist að eigin sögn eða að sögn ráðgjafa hans á að hafa byrlað þjóðinni í fersku minni arftakanna.**

# Áfram þú

SAMFÉLAG



Birgir Örn Guðjónsson
lögreglumaður

Ég vil ekki vera flokkaður með þeim sem nauðga. Ég vil ekki vera flokkaður með þeim sem beita heimilisofbeldi. Ég vil ekki vera flokkaður með þeim sem hafa ekki trú á konum í forystusæti. Það eru nauðgarar sem nauðga, aumingjar sem beita heimilisofbeldi og fáfróðir sem hafa ekki trú á konum í forystusæti. Að setja mig í flokk með þessum aðilum einungis vegna míns kyns er óréttlátt. Ég er einstaklingur í þessu samfélagi og vil vera metinn sem slíkur en ekki eftir fyrirfram mótuðum hugmyndum um einhvern hóp. Slíkir flokkadrættir kallast fordómar.

Sjálfsmynd okkar á ekki vera byggð á fyrirfram gefnum staðalmyndum samfélagsins. Við þurfum að hafa trú á okkur sjálfum sem einstaklingar. Við þurfum líka að koma fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Óháð stöðu, stétt eða kyni.

Samfélagið þarf á fleiri konum að halda í forystusætin. Það er bara þannig. Í samfélagi með álíka jöfnu hlutfalli af konum og körlum segir það sig sjálft að það er einhver mikil skekkja í þessum málum. Það eru að sjálfsögðu til allavega jafn margar hæfar konur og karlar til forystu en samt eru karlarnir í þessum stöðum miklu miklu fleiri. Það er mjög óeðlilegt. Þess vegna verða allar þessar hæfu konur að stíga fram. Samfélagið þarf á því að halda. Þær þurfa samt ekki að stíga fram sem partur af einhverjum hópi. Þær þurfa bara að stíga fram sem hæfir einstaklingar.

Við erum alls ekki að tala um neina keppni milli kynjanna. Við erum að tala um bætt samfélag fyrir okkur öll. Það græða allir á því að hæfasti einstaklingurinn veljist til forystu.

**➜ Samfélagið þarf á fleiri konum að halda í forystusætin.**




ix35

Vandaður – fjórhjóladrifinn

Hyundai ix35 - Verð: 6.390.000 kr.

Dísil, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / bakkmyndavél / fjarlægðarskynjarar að aftan og framan / eldsneytisnotkun 6,8 l/100 km*.

Bjóðum vetrardekk og dráttarbeisli með öllum ix35 í takmarkaðan tíma!

5 ÁRA Ábyrgð Ótakmarkaður Akstur

HYUNDAI NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

ENNEMM / SÍA / NM61103

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# Sóun í húsnæðismálum

HÚSNÆÐI



**Logi Már Einarsson**
arkitekt FAÍ og bæjarfulltrúi á Akureyri

**➜ Að byggja umfram þörf er hins vegar sóun. Nær væri að tryggja nægilegan fjölda íbúða fyrir hreyfihamlaða og aðra sem þurfa sérlausnir …**

Mikil umræða hefur skapast að undanförnu um húsnæðismál Íslendinga. Æ fleiri eiga í vandræðum með að koma sér upp viðunandi þaki yfir höfuðið. Fjölmargir búa í húsum sem vart geta talist mannabústaðir. Vegna húsnæðiseklu veigra byggingaryfirvöld sér við því að beita úrræðum vegna ólöglegra íbúða en framfylgja þó samviskulega nýrri og mjög hertri byggingareglugerð.

Öllum er ljóst að við þetta verður ekki unað mikið lengur. Fjölmargir hafa því bent á leiðir til úrbóta. Allt frá afnámi stimpilgjalda og afsláttar af lóðarverði til glænýrrar húsnæðisstefnu. Af einhverjum ástæðum heyrist minnst um þá leið sem er fljótvirkust, auðveldust og árangursríkust: Heimila fólki að byggja minni og ódýrari íbúðir.

Alþingi samþykkti veturinn 2010 ný mannvirkjalög þar sem kveðið er á um að algild hönnun eigi að liggja til grundvallar við byggingu húsnæðis. Með algildri hönnun íbúða er átt við að þær nýtist sem flestum, einnig þeim sem búa við fötlun af einhverju tagi. Reglugerðin sem samin var á grundvelli þessara laga gengur furðu langt í kröfum um hjólastólaaðgengi. Nú skal almennt byggja allar íbúðir með þarfir hjólastólanotenda í huga. Reyndar eru tvær undantekningar á þessari reglu: íbúðir efri hæða í tveggja hæða fjölbýlishúsum og í tveggja hæða einbýlishúsum þar sem meginrými eru ekki á aðkomuhæð. (Þessar tvær íbúðagerðir eru undanþegnar kröfunni um algilda hönnun. Skrítið réttlæti það!)

**Umhverfissóðaskapur**

Það er að sjálfsögðu mikilvægt að byggðar séu íbúðir sem henta þörfum sem flestra og geri jafnframt eldra fólki kleift að búa sem lengst heima hjá sér utan stofnana. Slíkt eykur ekki einungis lífsgæði heldur sparar samfélaginu gríðarlega fjármuni. Að byggja umfram þörf er hins vegar sóun. Nær væri að tryggja nægilegan fjölda íbúða fyrir hreyfihamlaða og aðra sem þurfa sérlausnir en að þvinga alla til að fjárfesta í umframfermetrum.

Ný byggingarreglugerð leiðir nefnilega af sér umtalsvert fleiri byggða fermetra en þörf er á. Í ljósi þess að hver byggður fermetri kostar í dag ríflega 300.000 krónur er örugglega verið að rýra möguleika fjölda fólks á að eignast eða leigja húsnæði. Það fellur því örlítið á þann fallega hug sem eflaust fylgdi þeim áformum að tryggja fólki í hjólastól aðgengi að næstum sérhverri íbúð í landinu þegar hann samtímis gerir öðrum, s.s. geðfötluðum, ungu fólki, einstæðum foreldrum eða fátækum erfiðara um vik.

Hér er því ekki aðeins um að ræða vanhugsaða reglugerð sem torveldar lausn á erfiðu húsnæðisvandamáli heldur birtist einnig í henni fordæmalítill umhverfissóðaskapur! Neikvæð loftslagsáhrif samfara byggingarframkvæmdum eru almennt veruleg. Í ljósi þess að hver Íslendingur býr að meðaltali í tvöfalt stærra húsnæði en t.d. nágrannar okkar Finnar, hefði kannski verið nær að við settum okkur markmið um að byggja smærri íbúðir en við gerum í dag.

# Tímabilið eftir fæðingarorlof og fram að leikskóla – lausnir

DAGVISTUN



**Dóra Magnúsdóttir**
í framboði í 4. sæti á lista Samfylkingar í Reykjavík

**➜ Dóttir mín var í vistun hjá dagmóður sem vann heima hjá sér en var jafnframt starfsmaður sveitarfélagsins. Þarna kynntist ég stoltum hópi dagmæðra sem höfðu lengi unnið sem slíkar og höfðu mikinn metnað fyrir starfinu og litu ekki á það sem tímabundna lausn.**

Flestum foreldrum ungra barna er það léttir þegar barninu er boðið pláss á leikskóla og dagmömmustiginu svokallaða lýkur. Sumir eiga í litlum vandræðum með að finna dagmömmu, finna hana í hverfinu meðan aðrir skottast borgarhverfa á milli og enn aðrir fá einfaldlega ekki dagmömmu. Það er margt sem gerir þetta tímabil erfitt en mikilvægt er að foreldrar hafi val þegar kemur að vistun ungra barna. Ég legg til að þrjár lausnir verði í boði í framtíðinni:

Í ljósi þess að margir eru sáttir við fyrirkomulagið eins og það er finnst mér ástæða til að einn af þremur valkostum fyrir útivinnandi foreldra yngstu barnanna verði óbreytt ástand.

Ungbarnaleikskóli er góður valkostur en ljóst er að um dýra lausn er að ræða. Hér tek ég ekki afstöðu um það hvort borgin eigi að greiða þann kostnað að fullu eða hvort valkvæður ungbarnaleikskóli verði einfaldlega dýrari valkostur fyrir foreldra en dagmæður. Talað hefur verið um að eitt pláss ungs barns á slíkum leikskóla kosti borgarbúa helmingi meira en hvert pláss hjá dagmömmu. Mögulega er hægt að skoða leiðir til að lækka þennan kostnað án þess að ganga á gæði og öryggi þjónustunnar? Mín skoðun er alla vega sú að ungbarnaleikskóli eigi að vera valkostur í framtíðinni fyrir foreldra ungra barna þar til að hefðbundni leikskólinn tekur við. Hinsvegar er erfitt að hnika kerfinu þannig að ungbarnaleikskólar taki við af sjálfstætt starfandi dagmömmum í einu vetfangi. Þriðja lausnin gæti leyst þennan vanda.

**Borgardagmömmur**

Þessu fyrirkomulagi kynntist ég þegar ég bjó í Danmörku. Dóttir mín var í vistun hjá dagmóður sem vann heima hjá sér en var jafnframt starfsmaður sveitarfélagsins. Þarna kynntist ég stoltum hópi dagmæðra sem höfðu lengi unnið sem slíkar og höfðu mikinn metnað fyrir starfinu og litu ekki á það sem tímabundna lausn meðan ekkert skárra væri í boði; sem því miður er viðhorf sem ég hef kynnst.

Kostirnir í þessu fyrirkomulagi eru m.a. þeir að dagmæður væru launþegar og nytu réttinda sem slíkir. Borgardagmömmur hefðu aðgang að starfsmannafélagi og öðrum hlunnindum s.s. sumarbústöðum, styrkjum af ýmsu tagi auk þess sem orlofsmál eru einfaldari hjá launþegum. Félagslegt net þessara dagmæðra var þétt. Þeim bauðst endurmenntun og starfsþróun af ýmsu tagi og konur á tilteknu svæði unnu saman og mynduðu með sér samstarfsnet. Þær hittust reglulega og fóru saman í stuttar ferðir með börnin. Þannig gátu þær leitað hver til annarrar sem vinnufélaga og áttu ekki á hættu að einangrast eins og getur auðveldlega gerst hjá sjálfstætt starfandi dagmæðrum.

**Kostirnir meiri**

Kostirnir fyrir foreldrana voru einnig meiri í þessu kerfi, einkum vegna þess að í hverjum hópi barna hjá dagmömmu hafði hvert barn aukadagmömmu sem foreldrarnir leituðu til ef dagmóðirin forfallaðist. Þetta fyrirkomulag einfaldaði málin verulega þegar dagmóðirin forfallaðist og fóru þau fjögur börn sem hún sá um til fjögurra annarra vara-dagmæðra sem tóku tímabundið að sér eitt barn til að hlaupa undir bagga með þeirri sem forfallaðist. Þessar auka-dagmæður voru konur sem störfuðu saman í félagshóp og hittu börnin reglulega. Þetta fyrirkomulag gerði einnig dagmæðrunum auðveldara fyrir að taka sér frí. Gjaldskráin í þessu kerfi er einfaldari og eftirlit með starfseminni skilvirkara.

Ég legg til að skoðað verði að foreldrar hafi þessa þrjá valkosti þegar kemur að þessu tímabili sem mörgum hefur reynst erfitt. Ég sækist eftir fjórða sæti á lista Samfylkingarinnar í Reykjavík og mun vinna þessu máli brautargengi hljóti ég kosningu.

# Lækkum skatta og aukum kaupmátt

FJÁRMÁL



**Elí Úlfarsson**
flugmaður

**➜ Hærri krónutala mun ekki gera neitt annað en ýta undir víxlhækkun kaupgjalds og verðlags og vekja upp verðbólgudrauginn. Það tapa allir á verðbólgu.**

Nú liggja fyrir nýir kjarasamningar samtaka launþega á almennum vinnumarkaði og vinnuveitenda. Fólk er að vonum missátt við þær kjarabætur sem því er lofað. Talað er um að launahækkanir séu of litlar og að lægstu laun þyrftu að hækka mun meira svo einhver dæmi séu nefnd. Forsvarsmenn Samtaka atvinnulífsins, stéttarfélaganna og ríkisstjórnin hvetja félagsmenn þó til þess að samþykkja samningana í þágu stöðugleika. Við erum þó líklega öll sammála um að frekari úrbóta sé þörf fyrir launafólk í landinu, en hvaða leiðir eru bestar?

Raunveruleg kaupmáttaraukning hlýtur að vera það sem mestu máli skiptir. Þær leiðir sem einfaldast er að fara hljóta því að vera skattalækkanir og lækkun tolla og vörugjalda. Það sem liggur beinast við er að lækka tekjuskatt og útsvar til þess að fólk fái að njóta ávaxta erfiðis síns og hafa þar með meira til skiptanna. Einnig breytir það heilmiklu að tollar og vörugjöld á nauðsynjavörur verði lækkuð eða afnumin til hagsbóta fyrir allan almenning, ekki hvað síst þá efnaminni. Lækkun virðisaukaskatts hefði sömu áhrif en lækkun hans yrði raunveruleg kjarabót.

**Allir tapa á verðbólgu**

En af hverju er þetta ekki gert? Helsta skýringin er sú að það sé ekkert svigrúm til skattalækkana. En snýst þetta virkilega um það? Snýst þetta ekki frekar um stjórnmálamennina sjálfa? Vilja þeir ekki frekar fá fé almennings í sínar hendur svo að þeir geti útdeilt því að eigin pólitíska hentugleika?

Þegar öllu er á botninn hvolft þá hljótum við að vera sammála um að auka þurfi kaupmátt. Hærri krónutala mun ekki gera neitt annað en ýta undir víxlhækkun kaupgjalds og verðlags og vekja upp verðbólgudrauginn. Það tapa allir á verðbólgu. Öll viljum við hafa meira á milli handanna og hafa val um að geta eignast nýjustu tæki og tól eða nýjan bíl, ný föt, átt fyrir góðum mat, búið okkur fallegt og gott heimili og búið við stöðugleika í verðlagi. Við getum það um leið og stjórnmálamenn eru tilbúnir að slaka á klónni, þannig að almenningur í landinu fái að njóta launa sinna. Verður er verkamaður launa sinna, segir máltækið. Ef forystumenn verkalýðshreyfingarinnar væru með fullum sönsum væri aðalkrafa stéttarfélaganna að lækka skatta.

# Fjármögnun þjóðgarðs; er náttúrupassi rétta leiðin?

ÞJÓÐGARÐUR



**Snorri Baldursson**
þjóðgarðsvörður í Vatnajökulsþjóðgarði

**➜ Mér fannst hugmyndin um skyldubundinn náttúrupassa góð við fyrstu skoðun því ógerlegt er að setja gjaldtökuhlið á allar hinar fjölmörgu heimreiðar að þjóðgarðinum. Ég er nú orðinn afhuga þessari leið og tel aðrar einfaldari og betri. Ástæðan er fyrst og fremst sú að náttúrupassi veitir sérréttindi og krefst því eftirlitskerfis á vettvangi.**

Sem þjóðgarðsvörður hef ég velt vöngum yfir því hvernig fjármagna megi uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs svo að hann geti tekið sómasamlega á móti gestum sínum. Þjóðgarðurinn varð fimm ára sl. vor og spannar nú um 13.920 km² lands. Frá stofnun hefur verið unnið að uppbyggingu innviða, merkingu aðkomuleiða og staða og gerð fræðsluefnis. Af stórum framkvæmdum sem lokið er má nefna byggingu Snæfellsstofu á Skriðuklaustri, byggingu landvarðabústaðar og ferðamannaaðstöðu við Lakagíg og opnun gestastofu í Gömlubúð á Höfn í Hornafirði.

Einstakt samspil elds og íss skapar Vatnajökulsþjóðgarði mikla sérstöðu á heimsvísu og bráðnun jökulsins vitnar um hlýnun jarðar. Þjóðgarðurinn hefur því alla burði til að verða meðal hinna eftirsóttustu, hvort sem er vegna náttúruupplifunar eða sýnikennslu í loftslagsbreytingum. Forsenda árangurs er þó áframhaldandi uppbygging innviða og mannauðs. Af dýrum framkvæmdum sem ólokið er má nefna byggingu tveggja gestastofa, nokkurra landvarðabústaða og ferðamannaaðstöðu við Dettifoss, smíði fjölda göngubrúa yfir erfiðar jökulár, auk viðhalds á víðfeðmu stígakerfi þjóðgarðsins. Nauðsynlegar, fyrirsjáanlegar framkvæmdir kosta að lágmarki þrjá milljarða króna.

Verulegur niðurskurður á framkvæmdafé og niðurfelling framlags til byggingar gestastofu þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri bendir ekki til þess að núverandi ríkisstjórn líti á uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs sem forgangsmál, með núverandi framkvæmdafé tekur hún 30–35 ár.

**Eftirlitskerfi**

Því eru góð ráð dýr. Mér fannst hugmyndin um skyldubundinn náttúrupassa góð við fyrstu skoðun því ógerlegt er að setja gjaldtökuhlið á allar hinar fjölmörgu heimreiðar að þjóðgarðinum. Ég er nú orðinn afhuga þessari leið og tel aðrar einfaldari og betri. Ástæðan er fyrst og fremst sú að náttúrupassi veitir sérréttindi og krefst því eftirlitskerfis á vettvangi.

Sumum kann að virðast upplagt að landverðir taki að sér eftirlit með náttúrupassa því þeir þurfi hvort sem er að hafa eftirlit með því að settum reglum sé framfylgt. Aðalhlutverk landvarða er þó að bjóða gesti velkomna, aðstoða og fræða um náttúru og menningu viðkomandi svæða. Verði náttúrupassi tekinn upp og landvörðum falið eftirlitið er hætt við að mikill tími þeirra fari í argaþras um passa og ráðstafanir ef viðkomandi er passalaus. Hvað á að gera í þeim tilvikum? Á að veita landvörðum vald til að sekta fólk á staðnum? Hvaða áhrif hefði það á ímynd þeirra, þjálfun og starfskjör? Nú má vera að ég sé að mála skrattann á vegginn en ég ber umhyggju fyrir störfum landvarða og jákvæðri ímynd þeirra. Sé hugmynd yfirvalda sú að setja upp sérstakt eftirlitskerfi – ferðalögreglu – á vettvangi er líklegt að það éti upp drjúgan hluta teknanna.

**Engin ofrausn**

Hið opinbera fær nú um 17 milljarða króna árlega í hreinar skatttekjur af ferðamönnum. Það virðist engin ofrausn að setja t.d. 5% af þeim tekjum í sjóð til uppbyggingar ferðamannastaða. Vilji ríkið aukna gjaldheimtu af ferðamönnum má betrumbæta gistináttaskattkerfið sem var meingallað frá upphafi eða, eins og margar þjóðir gera, innheimta af þeim komu- og eða brottfarargjald. Tvö þúsund krónur á hvern ferðamann (ein máltíð) færi langt með að fjármagna uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs á einu ári! Gjaldið legðist jafnt á alla ferðamenn, líka ráðstefnugesti, borgarferðamenn og farþega skemmtiferðaskipa. Einstök náttúra er helsta aðdráttarafl Íslands og hún er yfir og allt um kring, ekki bara á vinsælum ferðamannastöðum.

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME

# ÚTSALA 10-70%

## LÝKUR 5. FEBRÚAR



**125.910**
**verð áður 139.900**
**10%**

**POLO HORNSÓFI**
300x235 / svartur / horn til hægri og vinstri



**20%**

**Borð *55.920**
(áður 69.900)



**20%**

**Borð *135.920** (áður 169.900)
**Stóll *12.792** (áður 15.990)

Snyrtivörur frá **1.990**

**3 fyrir 2**



Bakkar ***1.813** áður 2.590

**30%**



Kertastjaki
***693** áður 990

Híbýlailmir frá **390**



Styttur frá ***2.093**

**30%**



Gjafapokar **290**



Valdar klukkur frá ***2.995**



**50%**

*Verð með reiknuðum afslætti

ÍRIS

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

the PIER

**ÚRVAL AF ÚTSÖLUVÖRUM**
**Á 200.-, 500.- OG 800.-**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

**ÞETTA GERÐIST:** 30. JANÚAR 1969

# Bítlarnir skemmta almenningi í síðasta sinn

Bítillinn Paul McCartney stakk upp á því við vinnslu plötunnar Let It Be að Bítlarnir myndu taka upp nýtt efni, æfa það og síðan spila það fyrir framan áhorfendur í beinni útsendingu. Þeir tónleikar ættu að vera teknir upp á filmu og band. Upprunalega átti þetta að gerast í klukkutímalöngum sjónvarpsþætti sem ætti að heita Beatles at Work en mikið af efninu á plötunni er sprottið úr ströngum æfingum sem myndaðar voru af leikstjóranum Michael Lindsay-Hogg í Twickenham Film Studios í byrjun janúar 1969. George Martin lét hafa eftir sér að þetta ferli hafi ekki verið gleðilegt en á þessum tíma voru samskipti Bítlanna stirð. John Lennon lýsti þessu ferli sem helvíti á jörðu og George Harrison sagði það hafa verið það versta á ferlinum. Sá síðarnefndi var mjög pirraður út í Paul og John og lét sig hverfa í fimm daga. Þegar hann sneri aftur hótaði hann að hætta í hljómsveitinni nema hætt yrði við tónleika í beinni útsendingu og Bítlarnir einbeittu sér að því að klára plötuna. Þegar tökum lauk var ákveðið að halda tónleikana á þaki Apple Corps-byggingarinnar í London og var það í hinsta sinn sem Bítlarnir héldu tónleika opinberlega allir saman.

- lkg



**BÍTLARNIR**

# Heitar umræður um tölvur og forritun

„Jam-session" haldið á vegum hugbúnaðarfyrirtækisins Spretts í sjötta sinn í kvöld.

Í kvöld verður haldið svokallað „Jam-session" í Húsakynnum Spretts Laugavegi 26. Um er að ræða fund með sérstöku formi þar sem ákveðið umræðuefni er tekið fyrir og fundargestir og frummælendur taka afstöðu með eða á móti umræðuefninu. „Þetta lýsir sér þannig að við hóum í alla sem hafa áhuga á tölvum og forritun til að koma og fá sér pitsu og bjór og ræða málin. Umræðuefni kvöldsins er „TDD er tískubóla" en eins og þeir sem hafa vit á tölvumálum vita þýðir TDD „test driven development". Fólkið í bransanum hefur langflest skoðun á þessari fullyrðingu hvort sem það er sammála henni eða ekki."

Á miðjum fundarstaðnum er fimm stólum raðað saman í hring og í fjórum þeirra sitja þeir sem hafa orðið hverju sinni. „Í miðjunni sem við köllum „fiskabúrið" sitja þeir einir sem mega tjá sig hverju sinni. Um leið og einhver finnur hjá sér þörf til að leggja orð í belg verður hann að fara í fiskabúrið og fá sér sæti í auða stólnum og þar með hefur hann orðið með hinum í búrinu. Þegar hann fær sæti stendur einhver hinna upp, yfirgefur umræðuna og sest meðal áhorfenda. Öllum er frjálst að grípa orðið og tylla sér í fiskabúrinu, en engin regla gildir um það hver hinna stendur þá upp og yfirgefur búrið heldur er það einfaldlega sá sem telur sig ekki hafa fleira um málið að segja þá stundina. Upphafsmaður hugmyndarinnar um þetta tiltekna fundarform heitir David Hussman en tilgangurinn er að fá fólk sem er ekki vant því að hafa sig mikið í frammi til þess að tjá sig. Áhugafólk um tölvur og hugbúnað er oft miklir intróvertar svo að við ákváðum að reyna þessa leið til þess að fá sem flesta til að tala fyrir framan hópinn. Þetta tiltekna fyrirkomulag gæti virkað í raun fyrir hvaða umræðuefni sem er og það hefur gefist mjög vel hjá okkur. Þetta er í sjötta skiptið sem fundur af þessu tagi er haldinn og það er alltaf jafn gaman og lærdómsríkt." Fundurinn hefst klukkan sex í kvöld og verður pitsa og bjór í boði fyrir fundargesti. Hugbúnaðarfólk og forritarar eru sérstaklega hvött til að mæta á fundinn og taka þátt í lifandi umræðum um sín hugðarefni.

Júlía Margrét Einarsdóttir



**JAM-SESSION** Síðast var góð mæting og margir lögðu orð í belg.

---

✝



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**KARITAS H. HALLDÓRSDÓTTIR**
**frá Vörum, Garði,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 27. janúar. Útförin fer fram frá Útskálakirkju, þriðjudaginn 4. febrúar kl. 15.00.

**Gunnar H. Häsler**
**Elísabet Einarsdóttir**
**Brynja Kristjánsdóttir**
**Hermann Kristjánsson**
**Málfríður Guðlaugsdóttir**
**Kristjana V. Einarsdóttir**
**Sigurður Ásmundsson**
**Halldór Einarsson**
**Hrafnhildur Sigurðardóttir**
**Daníel Einarsson**
**Vilhjálmur Einarsson**
**Karen Jónsdóttir**
**Þorsteinn Kr. Einarsson**
**Kolbrún Sigfúsdóttir**
**Þorsteinn G. Einarsson**
**Erla Dögg Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg dóttir mín, móðir,
tengdamóðir, amma og ástkær vinkona,

**ÞURÍÐUR JÓNA ANTONSDÓTTIR**
**Asparási 1, Garðabæ,**

lést mánudaginn 27. janúar.
Útför hennar verður auglýst síðar.

**Guðrún Matthíasdóttir**
**Hrafnhildur Ingadóttir**
**Eggert Ólafsson**
**Oddur Ingason**
**Gunnar Ingason**
**Svanhildur Kristinsdóttir**
**Ómar Ingason**
**Aníta Berglind Einarsdóttir**
**Pétur Guðmundsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**OTTA VILBERGS SVEINBJÖRNSSONAR**
**Norðurgötu 8, Seyðisfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahússins á Seyðisfirði fyrir góða umönnun.

**Guðrún Hrefna Vilbergsdóttir**
**Jóhann Pétur Hansson**
**Símon Hrafn Vilbergsson**
**Inga Arna Heimisdóttir**
**Tómas Lárus Vilbergsson**
**Hafdís Ármann Þorvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ELÍNAR JÓNSDÓTTUR**
**Breiðási, Hrunamannahreppi.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu á Kumbaravogi fyrir góða umönnun og hlýju.

**Ámundi Elísson**
**Jón Baldursson**
**Ingibjörg Sigríður Árnadóttir**
**María Baldursdóttir**
**Sævar Hjálmarsson**
**Elín Elísabet Baldursdóttir**
**Jón Marinó Guðbrandsson**
**Bryndís Baldursdóttir**
**Eyþór Brynjólfsson**
**Halla Baldursdóttir**
**Ómar Þór Baldursson**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, dóttir, tengdadóttir,
systir, mágkona og barnabarn,

**INGA RÓSA ARNARDÓTTIR**
**Mosarima 7,**

lést á líknardeild Landspítala í Kópavogi miðvikudaginn 22. janúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 31. janúar kl.13.00.
Fyrir mína hönd og annarra vandamanna,

**Pétur Bóas Jónsson**
**Margrét H. Júlíusdóttir**
**A. Óskar Alfreðsson**
**Örn Wilhelm Randrup**
**Petrína Bára Árnadóttir**
**Guðbjörg M. Ásgeirsdóttir**
**Jón Sigurðsson**
**Ingvar Georg Ormsson**
**Georg Eiður Arnarson**
**Matthildur Torshamar**
**Júlíus Örn Arnarson**
**Unnur Guðmundsdóttir**
**Davíð Francis Arnarson**
**Örn Francis Arnarson**

---

✝



Ástkær eiginkona, móðir,
tengdamóðir, systir og amma,

**BIRGITTA PÁLSDÓTTIR**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar 24. janúar sl., verður jarðsungin frá Siglufjarðarkirkju, laugardaginn 1. febrúar, klukkan 14:00. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis.

**Þórður Andersen**
**Katrín Andersen**
**Einar Áki Valsson**
**Vigdís Andersen**
**Sveinn Svavarsson**
**systkini og barnabörn.**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**VERA PÁLSDÓTTIR**

lést þann 27. janúar.
Hún verður jarðsungin frá Neskirkju fimmtudaginn 6. febrúar kl. 15.00.

**Ásgeir Torfason**
**Ólafur Torfason**
**Ragnheiður Torfadóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**HAUKUR HARALDSSON**
**Austurgerði 4, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk í Reykjavík þriðjudaginn 28. janúar.

**Auður Jónsdóttir**
**Jón Haukur Hauksson**
**Brandur A. Hauksson**
**Margrét Hauksdóttir**
**Hannes Guðmundsson**
**Ólafur Þór Hauksson**
**Guðný Þ. Ólafsdóttir**
**Kristín Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN GUNNAR HERMANNÍUSSON**
**Mörkinni, Suðurlandsbraut 66,**

lést sunnudaginn 26. janúar sl.
Útför fer fram mánudaginn 3. febrúar frá Kópavogskirkju kl. 15.00.

**Jónína Sigurbjörg Eiríksdóttir**
**Eiríkur Jónsson**
**Sigríður Einarsdóttir**
**Ásta Jónsdóttir**
**Hafsteinn Gunnarsson**
**Þorbjörg Jónsdóttir**
**Sigurður Geir Jónsson**
**Ragnhildur Hjartardóttir**
**Gunnar Þór Jónsson**
**Margrét Hallgrímsdóttir**
**Guðrún Ólöf Jónsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---

FRÉTTABLAÐIÐ

Vegna stærðar blaðsins á morgun, föstudag, verður Fréttablaðið prentað í tvennu lagi.

**Frestur til að skila inn dánarauglýsingum í föstudagsblaðið færist því fram til kl. 13.30.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

## LAXNESSKVÖLD Í LÁGAFELLSKIRKJU

**Kirkjukór Lágafellssóknar verður með Laxnesskvöld í Lágafellskirkju í kvöld kl. 20. Jón Magnús Jónsson frá Reykjum, Arnþrúður Ösp Karlsdóttir og Særún Harðardóttir syngja mörg af ástsælustu ljóðum skáldsins við lög ýmissa tónskálda undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur organista.**




TÆKIFÆRISGJAFIR
Margar gerðir
iittala
Mikið af flottum tilboðum

www.tk.is
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

STÓRÚTSALA
40-60% afsláttur
KLASSÍSK GÆÐAVARA FRÁ GERRY WEBER
TAIFUN - GARDEUR - CREENSTONE -
FUCHS SCHMITT O.FL. O.FL.
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 60%
Sparidress - Vetrardragtir - Peysur - Blússur - Bolir
www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422


Útsalan í fullum gangi
30-50% afsláttur af öllum útsöluvörum
Núna færð þú 25% aukaafsláttur af öllum útsöluvörum
My Style tískuhús
Bæjarlind 1-3
201 Kópavogur
s: 571-5464




**GOTT FYRIR GÆLUDÝRIN** Ágústa Pétursdóttir segir að feldur hunda og katta verði fallegur með Pet Head-snyrtivörum.

MYND/DANÍEL

# DÝRIN ELSKA PET HEAD

**PETCO EHF. KYNNIR** *Þeir sem hugsa vel um gæludýrin þekkja Pet Head snyrtivörur. Þær samanstanda af sjampói, næringu, hreinsikremum og flækjuúða sem henta öllum tegundum af feldi.*

Ágústa Pétursdóttir, markaðsfulltrúi hjá Petco ehf., umboðsaðila Pet Head segir að fólk sjái fljótt mun á feldi dýra sinna eftir meðhöndlun með Pet Head. Sjálf hefur hún notað vöruna á sex sýningarhunda í langan tíma og hefur mjög góða reynslu af henni. „Ég nota sjampóið einu sinni í viku til að halda feldinum fallegum en það er nægilegt að þvo dýrunum einu sinni í mánuði,“ útskýrir hún.

„Allir hundar og kettir þola Pet Head-vörurnar, enda eru þær amerískar gæðavörur frá sama fyrirtæki og hársnyrtivörurnar Bad Head sem fólk notar og þekkir,“ segir Ágústa. „Vörurnar eru náttúrulegar.“

Margir kannast við þegar feldurinn á dýrinu flækist. Flækjuúðinn Dogs B.F.F frá Pet Head er nauðsynlegur í þeim tilfellum og auðveldar mjög umhirðu dýrsins. „Hestamenn eru einnig farnir að nota úðann með góðum árangri,“ segir Ágústa, sem byrjaði að rækta og sýna hunda aðeins tíu ára gömul með systur sinni Bryndísi Pétursdóttur, eiganda Petco ehf. Þær þekkja því vel hvað hentar dýrunum. Argan-olía er það besta sem hægt er að fá í hárvörum en hún er notuð í Pet Head sem gerir feldinn mjúkan og fallegan.

„Ég hef alltaf haft áhuga á hundum, hundarækt og ræktunarsýningum,“ segir Ágústa en þær Bryndís hafa náð framúrskarandi árangri með hunda sína og margsinnis fengið hæstu einkunn. Þær eru með Cocker Spaniel sem er með síðan feld og þarf mikla umhirðu. „Það er mikilvægt að halda feldinum vel hirtum og fallegum, rétt eins og þarf að velja gæðafóður fyrir dýrið. Það sést fljótt á feldinum hvernig hundinum líður og þess vegna hef ég valið Pet Head,“ segir Ágústa enn fremur.

Petco hóf innflutning á PH árið 2010 og hefur það verið á markaði hér síðan og fæst í helstu gæludýrabúðum og dýralæknastofum.

Vinsælar feldvörur eru til fyrir kisur; sjampó, þurrsjampó, flækjuúði og lyktarúði. Þessar vörur henta fyrir alla heimiliskisur.




## HVAR FÆST PET HEAD?

***Í verslunum fyrir gæludýr og hjá dýralæknum. Nánar á heimasíðunni petthead.is og á Facebook.***


Rýmum

til fyrir nýjum heilsudýnum og bjóðum því góðan afslátt af frábærum verðum!
Komdu og gerðu ævintýralega góð kaup!
20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.
KORTER.IS
*3.5% lántökugjald
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is
Umboðsaðilar: Reynisstaður - Vestmannaeyjum | Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# AÐÞRENGD LÍFFÆRI Í KLESSU

**HÆTTULEGT?** *Aðhaldsfatnaður hefur náð gríðarlegum vinsældum undanfarin ár en ekki eru allir á eitt sáttir um hvort hollt sé að ganga í svo þröngum undirfatnaði. Ekki er mælt með að konur gangi í aðhaldsfatnaði á hverjum degi eða lengi í einu.*

Nútíma aðhaldsfatnaður er ólíkur magabeltum sem margar konur gengu í fyrr á árum. Efnin í dag eru þægilegri og mýkri og geta mótað líkama kvenna sem hafa aukakíló. Konan á bak við aðhaldsfatnaðinn er Sara Blakely sem er ein ríkasta kona Bandaríkjanna eftir þá uppfinningu. Hún framleiðir vörumerkið Spanx sem slegið hefur rækilega í gegn en margar aðrar tegundir hafa síðan litið dagsins ljós. Tímaritið Time hefur útnefnt Söru sem eina af áhrifamestu konum í heimi.

Í bandaríska blaðinu Huffington Post var fjallað um það fyrir nokkrum dögum að aðhaldsfatnaður gæti verið óhollur fyrir líffærin. Hætta væri á að svo þröngur fatnaður hefði áhrif á blóðrásina í fótum með tilheyrandi doða eða verkjum, gæti jafnvel myndað æðahnúta. Þá var nefnd aukin hætta á brjóstsviða þegar maginn væri aðþrengdur. Möguleiki er á að fatnaðurinn valdi sveppa- eða bakteríusýkingu hjá viðkvæmum. Mælt er með að konur gangi ekki í aðhaldsfatnaði allan daginn heldur noti hann einungis spari og ekki lengi í einu. Einnig er nauðsynlegt að fatnaðurinn sé í réttri stærð, ekki á að troða sér í of lítið númer.

Aðhaldsfatnaður hefur verið vinsæll hjá konum um allan heim en tískutímarit hafa verið dugleg að benda konum á þennan möguleika til þess að líkaminn líti betur út.

Í Huffington Post er rætt við Dr. Kuemmerle meltingarsérfræðing sem segir að aðhaldsfatnaður þrengi að maga, þörmum og ristli sem geti valdið brjóstsviða. Mjög þröng föt geti auk þess valdið vélindabólgu auk óþæginda í kviði með tilheyrandi uppþembu og lofti. Þá er bent á að erfitt sé að fara á salerni í aðhaldsfatnaði og því eigi konur það til að halda í sér sem sé slæmt fyrir blöðruna. Konur sem eru með einhverja veikleika svo sem þvagleka eða ristilvandamál ættu því ekki að ganga í aðhaldsfatnaði.



**Í AÐHALDI** Alls kyns aðhaldsfatnaður hefur verið vinsæll hjá konum um allan heim.



**ÞRÖNGT** Ekki er mælt með því að nota aðhaldsföt á hverjum degi og ekki mjög lengi í einu.



**MILLJARÐA-MÆRINGUR** Sara Blakely fann upp nútíma aðhaldsföt og er orðin ein ríkasta kona heims.




LOKADAGAR ÚTSÖLU
Allt að
70%
AFSLÁTTUR
af útsöluvörum
VORUM AÐ
TAKA UPP NÝJAR
SENDINGAR
evans.
TOPSHOP
WAREHOUSE
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS




**BÚÐARGLUGGI BERSHKA Í LONDON** Origami-kjólarnir verða til sýnis í gluggum Bershka til 31. janúar.

# BRÝTUR SAMAN ORIGAMI-KJÓLA

**TÍSKA** *Þýski hönnuðurinn Jule Waibel skapaði 25 kjóla úr samanbrotnum pappír fyrir verslunarglugga tískufyrirtækisins Bershka.*

Jule Waibel er þýskur hönnuður sem starfar bæði í London og Stuttgart. Hún útskrifaðist með mastersgráðu í vöruhönnun frá Konunglega listaháskólanum í London í fyrra. Útskriftarverkefni hennar voru origami-kjólar sem sýndir voru á útskriftarsýningu skólans ShowRCA. Verk Waibel vöktu mikla lukku og í framhaldinu hafði hið risavaxna tískufyrirtæki Bershka samband við hinn unga hönnuð og pantaði 25 origami-kjóla. Kjólarnir eru nú til sýnis í sýningargluggum nokkurra helstu verslana Bershka um heim allan, til dæmis í London, París, Mílanó, Istanbúl, Osaka og Mexíkóborg.

Waibel býr til kjólana með því að brjóta saman í höndum stórar arkir af pappír þannig að þær falla að líkamanum. Það tekur um tíu klukkustundir að brjóta saman einn kjól. Pappírinn sem Waibel vinnur með er skreyttur litríku mynstri. Hver kjóll sem Waibel vann fyrir Bershka var ólíkur þeim næsta bæði að lit og grafík. Þá hannaði hún kjólana með tiltekið land í huga. Waibel var þó mikið í mun að detta ekki í þá klisjukenndu gryfju að nota liti og stef úr fánum landanna. Það tók Waibel og aðstoðarfólk hennar um viku að setja saman kjólana 25 og að auki tvær töskur og tvær regnhlífar.

Hönnuðurinn á sér nokkra uppáhaldskjóla, til dæmis þann sem sýndur var í London og virðist glóa líkt og hraun.



**Í 25 BORGUM** Einn af uppáhaldskjólum Weibel er til sýnis í búðarglugga í London.










Vorum að fá helling af glæsilegum frökkum og vatteruðum jökkum í ýmsum litum

Vinsælu þunnu dúnúlpurnar eru byrjaðar að berast í hús. Um að gera að grípa eina af þessum vinsælu yfirhöfnum áður en þær klárast aftur!

Nú höfum við hækkað afsláttinn á útsölu yfirhöfnum í 50%.

Minnum á að útsalan er að klárast!

Verið velkomnar.

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770





Ný buxnasending

Gallabuxur

svartar og bláar

str. 34-54

3 síddir

háar í mittið

kr. 14.900.-

Rita

Bæjarlind 6 • S. 554 7030

www.rita.is

Við erum á Facebook



5 verð

Lokadagar útsölunnar og einungis 5 verð á allri útsöluvöru.

900 kr.

1.900 kr.

2.900 kr.

3.900 kr.

4.900 kr.

Gerið góð kaup á góðri vöru á frábæru verði.

Opið virka daga kl. 11–18.
Opið laugardaga kl. 11–16.

black pepper FASHION

Laugavegi 178 (Bolholtsmegin) | Sími 555 1516

Kíkið á myndir og verð á Facebook

TRI Suðurlandsbraut 32

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND




# ÚTSALA

## Allt að 70% afsláttur!

- Cube / Craft / Etxeondo / Louis Garneau / Brooks / Compresssport -

# WWW.TRI.IS

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 11:00 - 18:00
Laugardaga kl. 11:00 til 15:00

# BERAR AXLIR ÁBERANDI

*Stjörnurnar hafa verið hrifnar af magabolum undanfarin misseri en nú virðist vera komið að því að láta skína í bert annars staðar á líkamanum. Á síðustu hátíðum þar sem hinar ýmsu stjörnur hafa komið saman hafa berar axlir verið áberandi. Keníska leikkonan Lupita Nyong'o hefur vakið athygli í fallegum kjólum sem leyfa öxlunum að njóta sín bæði á Golden Globe-hátíðinni og á PGA-verðlaunaafhendingunni á dögunum. Einnig hafa leikkonurnar Amy Adams og Jennifer Lawrence flíkað berum öxlum nýlega. Íslenskum skvísum ætti því að vera óhætt að bæta þess konar kjólum á óskalistann fyrir vorið.*





**NÝ TÍSKA** Við megum eiga von á því að sjá konur með berar axlir við hátíðleg tækifæri. MYND/AFP

# ÞURRT HÁR OG KLOFNIR ENDAR

**HEIMAGERÐUR HÁRMASKI** *Kalt og þurrt loftslag fer ekki vel með hárið. Í eldhússkápunum má nær örugglega finna hráefni í góðan maska.*

Lárpera, banani, hunang og majónes, ólívuolía, egg og gelatín eru allt hráefni sem gera hárinu gott og finna má í eldhússkápunum.

Öll hráefnin má nota ein og sér í hárið en það er líka gott að búa til blöndu af einhverjum þeirra tveimur eða þremur saman, eftir því sem til er í skápunum. Gerið tilraunir til að finna út þá blöndu sem hentar best.

Þegar búið er að blanda maskann í skál skal þvo hárið með sjampói en ekki nota hárnæringu á eftir. Berið heimagerða maskann í rakt hárið og látið liggja í 10-20 mínútur áður en hárið er skolað með volgu vatni. Skolið að endingu með köldu vatni til að loka hárinu.



**• Lárpera gefur hárinu raka og er sneisafull af vítamínum, svo sem E- og B-vítamínum. Stappið hálfa lárperu til að nota í maskann.**



**• Bananar eru feitir og ríkir af vítamínum. Þeir gefa hárinu mýkt, virka vel gegn flösu og varna því að endarnir klofni. Stappið hálfan banana.**



**• Hunang gefur þurru hári mikinn raka. Hafa ber í huga að hunang getur lýst litinn á hárinu. Bera skal ríkulega af hunangi í hárið en þó ekki svo að hárið verði klístrað eftir þvottinn.**

**• Majónes er búið til úr eggjum, olíu og ediki en öll hafa þessi hráefni verið notuð gegnum tíðina til að gefa hári raka, glans og fyllingu. Í maska fyrir þurrt hár er best að blanda majónesi saman við lárperu.**

**• Ólívuolía er góð fyrir hárið. Best er að nota jómfrúarolíu en hún hefur verið notuð öldum saman, bæði á húð og í hár. Gott er að blanda olíunni saman við lárperu eða banana en hana er líka gott að nota eina sér.**

**• Egg innihalda mikið prótín og eru styrkjandi fyrir hárið og hársekkina. Eggin er hægt að nota eingöngu en með því að hræra saman við ólívuolíu fæst afar nærandi maski fyrir skemmt og þurrt hár.**

**• Gelatín eða matarlím veitir hárinu góða vörn.**



**MJÚKT HÁR** Majónes og lárpera gefa hárinu mýkt og raka.


Veldu **notaðan Kia** með **lengri ábyrgð**

KIA The Power to Surprise




**Kia Rio LX 1,4**
Árg. 2012, ekinn 43 þús. km, dísil, 90 hö., beinskiptur, eyðsla 4,1 l/100.* Grænn bíll.
**▸Verð: 2.190.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**19.900 kr.**

M.v.52% innborgun og 74 mán. óverðtryggt lán á 8,7% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 12,92%.




**Kia Sportage EX 4wd**
Árg. 2013, ekinn 31 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, eyðsla 6,9 l/100.*
**▸Verð: 5.590.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**39.900 kr.**

M.v.58% innborgun og 84 mán. óverðtryggt lán á 9,7% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,92%.




**Kia Optima EX 1,7**
Árg. 2012, ekinn 19 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfskiptur, eyðsla 6,0 l/100.*
**▸ Verð: 4.290.000 kr.**




**Kia Sorento EX Classic**
Árg. 2012, ekinn 44 þús. km, dísil, 197 hö., sjálfskiptur, eyðsla 6,7 l/100.*
**▸ Verð: 5.950.000 kr.**




**Kia Cee'd Sportswagon LX 1,4**
Árg. 2012, ekinn 31 þús. km, dísil, 90 hö., beinskiptur, eyðsla 4,4 l/100.* Grænn bíll.
**▸ Verð: 3.090.000 kr.**




**Kia cee'd LX 1,6**
Árg. 2012, ekinn 45 þús. km, dísil, 116 hö., 6 gíra, beinskiptur, eyðsla 4,4 l/100.* Grænn bíll.
**▸ Verð: 2.550.000 kr.**

* Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-2493

# VARAHLUTIR

FIMMTUDAGUR **30. JANÚAR 2014**

**Kynningarblað** Bílanaust, AB Varahlutir og endurvinnsla bílaparta




Bílanaust rekur sjö verslanir sem bjóða allar upp á mikið úrval af varahlutum frá Nipparts. MYND/GVA

# Gæði og öryggi í yfir 50 ár

**Bílanaust hefur um margra ára skeið selt hágæða varahluti frá Nipparts fyrir ýmsar gerðir bifreiða frá Asíu. Nipparts leggur áherslu á vöruþróun til að tryggja að vörur þeirra séu í sömu gæðum og sambærilegir varahlutir frá bílaframleiðendum. Bílanaust rekur sjö verslanir og hefur verið leiðandi í áratugi.**

Hollenska fyrirtækið Nipparts hefur í rúmlega 30 ár framleitt hágæða varahluti á góðu verði fyrir ýmsar gerðir bifreiða frá Asíu, þá helst frá Japan og Suður-Kóreu. Í dag er Nipparts þriðji stærsti birgir á sínu sviði í Evrópu og með stöðugri vöruþróun hefur fyrirtækið áunnið sér þá sterku ímynd sem það hefur í dag. Kristjón Grétarsson, markaðs- og rekstrarstjóri verslana Bílanausts, segir Nipparts bjóða sjálfstæðum verkstæðum upp á annan valmöguleika þegar kemur að varahlutum í bifreiðar frá Asíu og ekki síður á mjög góðu verði, í stað varahluta frá bílaframleiðendum.

„Upprunalegir varahlutir í bíla eru yfirleitt í mjög góðum gæðum en á sama tíma eru þeir oft dýrir og standa aðeins bílaumboðum til boða. Þegar bílar frá Asíu urðu vinsælir á evrópskum mörkuðum bauð Nipparts verkstæðum upp á nokkuð sem var erfitt að standast; eftirmarkaðsvarahluti á góðu verði í samsvarandi gæðum og frá bílaframleiðendum. Þá var auðvelt að kaupa í gegnum heildsala og varahlutaverslanir út um alla Evrópu. Þessi valkostur varð því raunverulegur tíma- og peningasparnaður fyrir bæði fyrirtæki og neytendur.“

Síðastliðin 30 ár hefur Nipparts bætt markaðsstöðu sína með því að auka varahlutaúrval sitt jafnt og þétt og víkka um leið út markaðsútbreiðslu sína í hverjum flokki. „Höfuðatriðið í þessari stefnumótun er þjónusta og gæði. Nipparts trúir því eindregið að ánægðir viðskiptavinir snúi alltaf aftur. Því ver Nipparts miklum tíma og vinnu í vöruþróun til að tryggja að vörurnar samsvari ávallt gæðum samsvarandi vara hjá bílaframleiðendum.“

## Ný gerð bremsudiska

Nipparts kynnir ýmsar nýjungar til sögunnar í ár. Fyrirtækið eykur til dæmis úrval sitt í bremsuhlutum með nýrri vörulínu, svokölluðum „geomet“-húðuðum bremsudiskum. Vörulínan nær yfir vinsælustu tegundirnar í asískum bílum og kemur til með að verða aukin í samræmi við eftirspurn. „Einstakt „geomet“-yfirborð á húðuðum bremsudiskum veitir betri vörn gegn tæringu. Allir fletir bremsudisksins sem ekki eru í beinni snertingu við bremsuklossa eru þannig varðir gegn tæringu. Vegna sterkrar ryðvarnarhúðar helst bremsudiskurinn ryðfrír í lengri tíma en áður. Auka málmlag gefur einnig skemmtilega áferð, sérstaklega þegar álfelgur eru notaðar.“

Auk þess að veita betri vörn gegn tæringu tryggir húðunin það að varan verður síður fyrir skemmdum vegna ryðs eða tæringar. Það kemur í veg fyrir að bifvélavirkjar þurfi að fjarlægja olíu af bremsudiskum. „Vinnan við að skipta um bremsudiska verður því mun einfaldari og tekur styttri tíma en áður. Þannig sparast því bæði tími og kostnaður fyrir verkstæði og neytendur.“

## Framúrskarandi eiginleikar

Á undanförnum árum hefur eftirspurn eftir sérstökum „þæginda“ bremsudiskum aukist. Því hefur Nipparts þróað nýja línu af bremsudiskum til að mæta þessum kröfum. Nú býður fyrirtækið upp á sérstakt úrval af bremsudiskum með háu hlutfalli kolefna. „Framúrskarandi eiginleikar kolefnis bæta varmaleiðni sem minnkar hitaröskun, titring og sprungumyndun á bremsudiskum undir miklu álagi. Niðurstaðan er því betri ending, minni titringur og betri hemlun.“ Kolefnavörulínan inniheldur bremsudiska að framan í vinsæla meðalstórra bíla eins Hyundai Getz og Mazda 3. „Þeir eru einnig tilvaldir þar sem mikið álag er á bremsum. Því eru þeir einnig fáanlegir fyrir Toyota RAV4, Nissan Qashqai og Mitsubish Pajero.“ Þessi nýja vörulína uppfyllir evrópsku BER-reglugerðina, þar sem sömu gæði og áreiðanleiki og á vörum bílaframleiðandans eru tryggð. Það á einnig við um allar aðrar vörur frá Nipparts.



Bílanaust rekur sjö verslanir með varahluti, aukahluti í bíla, verkfæri, rekstrar- og iðnaðarvörur ásamt söludeild og tækniþjónustuverkstæði. Fyrirtækið byggir á meira en 50 ára reynslu og hefur verið leiðandi á sínu sviði í áratugi.

# Hér vinna miklir bíladellumenn

**Þinn hagur í bílavarahlutum, eru kjörorð AB varahluta að Funahöfða 9. Fyrirtækið var stofnað árið 1996 og hefur ávallt leitast við að bjóða upp á varahluti í bíla á viðráðanlegu verði. Fyrirtækið er með starfsemi í Reykjavík, Reykjanesbæ, á Egilsstöðum og Akureyri.**

Við leggjum mikið upp úr faglegri þjónustu og starfsmenn okkar eru reyndir á sínu sviði og eru vitaskuld miklir bíladellumenn eins og gefur að skilja,“ segir Loftur Guðni Matthíasson, verslunarstjóri AB-varahluta.

Fyrirtækið heldur upp á átján ára afmæli í ár en það var Jón S. Pálsson, forstjóri og eigandi þess, sem setti AB-varahluti á laggirnar á sínum tíma. „Sjálfur hefur hann hins vegar lifað og hrærst í þessum bransa síðustu fjóra áratugi,“ tiltekur Loftur.

## Gæðavottuð vara

AB-varahlutir sérhæfa sig í sölu bifreiðavarahluta þar sem áhersla er lögð á að bjóða gæðavottaða vöru. „Það er okkur mikilvægt að úrvalið í versluninni sé fjölbreytt og mæti þörfum og óskum viðskiptavina,“ segir Loftur. AB-varahlutir voru upphaflega við Bíldshöfða en í lok 2011 flutti fyrirtækið sig um set að Funahöfða 9 í frábæra aðstöðu. Þá hefur fyrirtækið einnig starfsemi í Reykjanesbæ, á Egilsstöðum og Akureyri.

„Okkar markmið er að eiga hlutina til á lager á betra verði, en í þeim tilfellum þar sem hlutirnir eru ekki til þá er hægt að hraðpanta þá flesta á aðeins tveimur sólarhringum,“ segir Loftur og bætir við að eðlilega sé mest spurt um þá varahluti sem talist geti slitfletir bíls; bremsur, kúplingu, hjólabúnað, fjöðrun og fleira slíkt.

Loftur segir miklar tæknibreytingar hafa orðið á bílum undanfarin ár. „Bílar eru flóknari en var og flest í vélbúnaði þeirra er tölvutengt í dag. Allar viðameiri viðgerðir eru því aðeins á færi fagmanna,“ sagði Loftur en bætir við að enn séu margir handlagnir heima við sem geti bjargað sér.

## Umsvifin margfaldast

AB-varahlutum hefur tekist að halda varahlutverði niðri þrátt fyrir hræringar í efnahagslífinu á síðustu árum og hafa umsvif AB-varahluta margfaldast á nokkrum árum. „Þetta byrjaði á árunum 2008 og 2009 þegar gengi krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hrundi. Undir eðlilegum kringumstæðum hefði þetta verið sett út í verðlagið. Við völdum hins vegar að lækka álagningu. Svona tókst að halda verði sem næst óbreyttu,“ segir Loftur og telur að þetta hafi sannarlega létt undir með fólki sem ekki hefi haft tök á að endurnýja bíla sína eftir hrunið. „Bílaflotinn hefur elst mikið á skömmum tíma, í ríkari mæli en áður er gert við bílana og virðing fólks fyrir verðmætum er tvímælalaust meiri en áður,“ segir Loftur.

Nánari upplýsingar má nálgast á www.abvarahlutir.is og á facebook.




AB varahlutir leggja mikið upp úr faglegri þjónustu og starfsmenn eru afar reyndir á sínu sviði. MYND/GVA




Úrval varahluta er mikið hjá AB varahlutum.


MIKIÐ ÚRVAL VARAHLUTA

3 ÁRA ÁBYRGÐ




EXPO · www.expo.is

REYKJAVÍK, Bíldshöfða 9, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata, HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngás 13

www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

FIMMTUDAGUR **30. JANÚAR 2014**

# ENDURSKOÐUN &BÓKHALD

**Kynningarblað** PwC, R3-Ráðgjöf og löggildingarpróf endurskoðenda.



Accountant

Accountant – fagleg og persónuleg þjónusta á sviði bókhalds og skattaráðgjafar á sanngjörnu verði

- **31. janúar 2014** Netframtal lögaðila 2014 opnar á þjónustusíðunni, www.skattur.is
- **10. febrúar 2014** Lokaskiladagur upplýsinga á rafrænu formi vegna framtalsgerðar 2014
- **7. mars 2014** Netframtal einstaklinga 2014 verður opnað á þjónustuvefnum, www.skattur.is
- **25. mars 2014** Lokaskiladagur almenns frests fyrir einstaklingsframtöl

Accountant – bókhald og skattaráðgjöf ehf. - www.accountant.is | Hátún 12, 105 Reykjavík | Sími: 490 0095 & 692 2470 |

# Löggildingarprófið er krefjandi

Löggildingarpróf endurskoðenda þykir eitt það erfiðasta sem hægt er að þreyta. Prófið tekur 16 tíma í heild og prófefnið er afar víðfeðmt. Iðulega stenst aðeins þriðjungur prófið enda þarf að fá einkunn upp á 7,5 til að ná því.

Endurskoðendum eru falin ákveðin réttindi með löggildingu og við í prófnefndinni viljum tryggja eins og kostur er að ekki fái aðrir þennan titil nema þeir sem búnir eru að sanna að þeir séu verðugir," segir Árni Tómasson, endurskoðandi og formaður prófnefndar löggiltra endurskoðenda.

Nám endurskoðenda er bundið í lög og áður en þeir fá rétt til að þreyta hið alræmda löggildingarpróf þarf að ljúka ákveðnum þáttum. „Fyrst þarf að ljúka meistaranámi í reikningshaldi og endurskoðun sem tekur um fimm ár. Síðan þarf að ljúka þriggja ára starfsnámi þar sem fræðunum er beitt í reynd," lýsir Árni.

Eftir þessi átta ár er loks komið að prófinu en björninn er þó langt í frá unninn því aðeins hluti stenst það. Árni segir mismunandi hve margir taka prófið sem haldið er einu sinni á ári. „Þetta hafa verið allt frá 23 og upp í 33 sem hafa þreytt prófið í einu," segir hann en að jafnaði nær um þriðjungur lágmarkseinkunn. Prófið má þreyta eins oft og menn kjósa en Árni telur að líklega þurfi flestir að taka það tvisvar. „Sumir ná því í fyrsta, aðrir þurfa að taka það oftar."

Við samningu prófsins hefur nefndin að leiðarljósi að ganga úr skugga um að próftakendur hafi sem víðfeðmasta þekkingu á málefnum sem snerta endurskoðun. Þrír þættir eru stærstir í prófinu. „Endurskoðun er auðvitað stór þáttur af prófinu. Annar þáttur er reikningsskil, það er að búa til ársreikninga, milliuppgjör og hvers konar aðrar fjárhagsupplýsingar. Þriðji þátturinn snýst svo um að hafa tilskilda grundvallarþekkingu á skattalögum, félagalögum, siðferðilegum álitaefnum og stjórnarháttum í fyrirtækjum," lýsir Árni.

Prófið tekur í heild 16 klukkutíma og er tekið á tveimur dögum. Verkefnin sem þarf að leysa á prófinu eiga að endurspegla raunveruleg verkefni sem endurskoðendur geta lent í hvenær sem er og á hvaða sviði sem er. Ekki er gefinn mikill möguleiki á mistökum þar sem ná þarf einkunn upp á 7,5.

Að ná löggildingarprófinu er stór áfangi. „Ég held að flestir séu afskaplega fegnir þegar þessu er lokið," segir Árni glaðlega en tiltekur þó að áfram eftir prófið séu gerðar strangar kröfur um endurmenntun og fagleg vinnubrögð.



Árni Tómasson er formaður prófnefndar Félags löggiltra endurskoðenda. MYND/GVA

| 5 | 2 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 4 | 3 |
| 1 | 6 | 9 | 8 | 4 | 3 | 2 | 5 | 7 |
| 9 | 4 | 5 | 2 | 8 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 2 | 1 | 7 | 4 | 3 | 6 | 5 | 8 | 9 |
| 6 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 2 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 1 | 3 | 5 | 8 | 2 | 6 | 9 |
| 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 |
| 9 | 5 | 2 | 6 | 1 | 7 | 8 | 4 | 3 |
| 1 | 3 | 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 9 | 8 | 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 4 |
| 2 | 6 | 4 | 9 | 8 | 1 | 3 | 5 | 7 |
| 7 | 1 | 5 | 8 | 6 | 9 | 4 | 3 | 2 |
| 8 | 2 | 9 | 1 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 |
| 3 | 4 | 6 | 2 | 7 | 5 | 9 | 8 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Besti tíminn til að hugsa um nýja bók er þegar maður er að vaska upp."

*Agatha Christie*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** örlög, **6.** þys, **8.** bar, **9.** loft, **11.** gjaldmiðill, **12.** tárfelldu, **14.** hroki, **16.** ætíð, **17.** hár, **18.** námstímabil, **20.** Samtök, **21.** maður.

**LÓÐRÉTT 1.** korntegund, **3.** tónlistarmaður, **4.** limlesta, **5.** krass, **7.** fiskur, **10.** sérstaklega, **13.** efni, **15.** Örk, **16.** afbrot, **19.** Númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sköp, **6.** ys, **8.** krá, **9.** gas, **11.** kr, **12.** grétu, **14.** dramb, **16.** sí, **17.** ull, **18.** önn, **20.** aa, **21.** karl.

**LÓÐRÉTT: 1.** bygg, **3.** kk, **4.** örkumla, **5.** pár, **7.** sardína, **10.** sér, **13.** tau, **15.** blað, **16.** sök, **19.** nr.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Jón Viktor Gunnarsson (2412) hefur verið sigursæll á Skákþingi Reykjavíkur. Í sjöundu umferð vann hann Dag Ragnarsson (2073).

**Svartur á leik**



**37...c2!** Hvítur gafst upp. Jón Viktor og Einar Hjalti Jensson voru efstir eftir sjö umferðir með 6½ vinning en áttunda umferð fór fram í gærkveldi. Í kvöld fer svo fram fjórða umferð Nóa Síríus-móts GM Hellis og Breiðabliks.

**www.skak.is:** Carlsen teflir í Zürich.




**Stöð 2 | KL. 20:05**

**Heilsugengið**

Vandaður og fróðlegur þáttur í umsjón Völu Matt sem fjallar um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



**Stöð 2 | KL. 20:40**

**Masterchef USA**

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



**Stöð 2 | KL. 21:25**

**The Blacklist**

Vandaðir spennuþættir með James Spader í aðalhlutverki.



**Stöð 2 | KL. 22:15**

**Person Of Interest**

Hörkuspennandi þáttaröð sem kemur úr smiðju J.J. Abrams.




**Stöð 3 | KL. 20:00**

**American Idol**

Einn vinsælasti þáttur í heimi og dómarar að þessu sinni eru þau Keith Urban, Jennifer Lopez og Harry Connick Jr.



**Stöð 3 | KL. 21:25**

**Shameless**

Bráðskemmtilegir gamanþættir með William H. Macy í aðalhlutverki.



**Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00**

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR
Logitech · Sarotech · TOSHIBA · SAMSUNG · RAZER · WACOM · PHILIPS · WD

# STÓRÚTSALA

## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR
BORÐTÖLVUR • PRENTARAR • TURNKASSAR • SKJÁKORT
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR • MÓÐURBORÐ
FLAKKARAR • SSD • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR • ÍHLUTIR • HÁTALARAR
SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI • VIFTUR • VEFMYNDAVÉLAR
GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ • MINNISKORT • SKANNAR
STÝRIPINNAR • HLJÓÐNEMAR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • MÝS • HLJÓÐKORT • TÖLVULEIKIR OG FLEIRA

## AÐEINS 4 DAGAR EFTIR !

SÝNINGAREINTÖK Á LÆKKUÐU VERÐI

BÆTUM STÖÐUGT VIÐ NÝJUM ÚTSÖLUVÖRUM !

EINA ÚTSALA ÁRSINS !

ÚTLITSGALLAÐ Á MIKLUM AFSLÆTTI

NÁNAR UM ALLAR WWW.TL.IS ÚTSÖLUVÖRUR

tl.is

TÖLVU LISTINN




OPIÐ 10-18

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Tíu tilnefningar til Viðurkenningar Hagþenkis 2013 kynntar í gær

**Tíu rit voru í gær tilnefnd til Viðurkenningar Hagþenkis – félags höfunda fræðirita og kennslugagna. Hver viðurkenninguna hlýtur verður tilkynnt við hátíðlega athöfn í Þjóðarbókhlöðunni eftir mánuð. Verðlaunin nema einni milljón króna.**

Tilnefningar til Viðurkenningar Hagþenkis – félags höfunda fræðirita og kennslugagna voru kynntar í gær og eftir mánuð verður athöfn í Þjóðarbókhlöðunni þar sem tilkynnt verður hvaða höfundur hlýtur Viðurkenningu Hagþenkis 2013. Tíu verk voru tilnefnd að þessu sinni, allt framúrskarandi rit að sögn Friðbjargar Ingimarsdóttur, framkvæmdastýru Hagþenkis, sem segir óvenjumörg rit hafa komið til álita að þessu sinni.

Viðurkenning Hagþenkis telst til virtustu og veglegustu verðlauna sem höfundum fræðilegra rita fyrir skóla og almenning geta hlotnast, að sögn Friðbjargar, og nemur verðlaunaupphæðin einni milljón króna.

Viðurkenningaráð, skipað fimm félagsmönnum af ólíkum fræðasviðum til tveggja ára í senn, stendur að valinu og hóf ráðið störf um miðjan október á síðasta ári. Það skipa þau Auður Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur, Bjarni Ólafsson íslenskufræðingur, Íris Ellenberger sagnfræðingur, Sigmundur Einarsson jarðfræðingur og Þorbjörn Broddason félagsfræðingur. Verkefnastýra ráðsins er Friðbjörg Ingimarsdóttir.

- fsb



**TILNEFND** Þessi fríði hópur var í gær tilnefndur til Viðurkenningar Hagþenkis sem veitt verður eftir mánuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ➜ Þessir höfundar hlutu tilnefningu

- **Aðalsteinn Ingólfsson:** Karólína Lárusdóttir. JPV.
- **Edward Hákon Huijbens og Gunnar Þór Jóhannesson:** Ferðamál á Íslandi. Mál og menning.
- **Guðbjörg Kristjánsdóttir:** Íslenska teiknibókin. Crymogea.
- **Guðný Hallgrímsdóttir:** Sagan af Guðrúnu Ketilsdóttur. Einsögurannsókn á ævi 18. aldar vinnukonu. Háskólaútgáfan.
- **Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage:** Listasaga - Frá hellalist til 1900. Námsgagnastofnun.
- **Hjörleifur Stefánsson:** Af jörðu. Íslensk torfhús. Crymogea.
- **Inga Lára Baldvinsdóttir:** Sigfús Eymundsson myndasmiður. Frumkvöðull íslenskrar ljósmyndunar. Þjóðminjasafn Íslands.
- **Júlíus Sólnes, Freysteinn Sigmundsson og Bjarni Bessason (ritstjórar):** Náttúruvá á Íslandi. Eldgos og jarðskjálftar. Viðlagatrygging Íslands og Háskólaútgáfan.
- **Sigrún Pálsdóttir:** Sigrún og Friðgeir. Ferðasaga. JPV.
- **Þorleifur Friðriksson:** Dagar vinnu og vona. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í kreppu og köldu stríði. Háskólaútgáfan.



**LISTFRÆÐINGURINN** Ólafur Gíslason. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Tónlist og ást í myndlistinni

Ólafur Gíslason listfræðingur flytur fyrirlesturinn The Visitors: Um tónlistina og ástina í myndlistinni í Kling & Bang galleríi í dag klukkan 18.15.

Fyrirlesturinn er fluttur í tengslum við sýningu Ragnars Kjartanssonar, The Visitors, sem nú stendur yfir í Kling & Bang.

Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14 til 18 og fer fyrirlesturinn því fram að sýningu verksins rétt lokinni á fimmtudag. Listamaðurinn verður viðstaddur.

## Svartval og Viktor í Mosfellsbæ

Listasalur Mosfellsbæjar opnar í dag klukkan 17 samsýningu Svartvals og Viktors Weisshappel undir heitinu Short Circuit//Stutt hringrás.

Sýningin er opin á afgreiðslutíma Bókasafns Mosfellsbæjar frá klukkan 12 til 18 virka daga og frá 12 til 15 á laugardögum og stendur til 22. febrúar.

# Myrkir músíkdagar síðan 1980

**Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar hefst í Hörpu í kvöld með opnunartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg. Að þessu sinni er hátíðin að hluta til í samstarfi við Reykjavík Visual Music Festival og verður sameiginlegur viðburður beggja hátíðanna í Silfurbergi klukkan tíu í kvöld þar sem frumflutt verða tvö tón- og myndverk.**

Þessi hátíð hefur verið haldin árlega síðan 1980 sem gerir Myrka músíkdaga eina elstu hátíð sinnar tegundar á Norðurlöndum," segir Pétur Jónasson, framkvæmdastjóri Myrkra músíkdaga sem hefjast í kvöld. „Hátíðin er haldin á vegum Tónskáldafélags Íslands og við erum í samstarfi við stórar sambærilegar hátíðir í Evrópu og Bandaríkjunum."

Í ár eru Myrkir músíkdagar að hluta til í samstarfi við Miðstöð sjónrænnar tónlistar sem heldur hátíðina Reykjavík Visual Music Festival á sama tíma, hvernig kom það til? „Þau leituðu eftir samstarfi sem við auðvitað tókum vel í. Það er þó rétt að undirstrika að þetta eru tvær sjálfstæðar hátíðir, en við höfum snertiflöt sem er viðburður sem verður í Hörpu í kvöld þar sem mætast tvö af okkar fremstu tónskáldum og tveir myndlistarmenn. Frumflutt verða tvö verk þar sem tónlist og myndlist tvinnast saman. Síðan verða þessar tvær hátíðir keyrðar samtímis þannig að þær fléttast að vissu leyti saman, þótt þetta sé eini sameiginlegi viðburðurinn. Þetta er í fyrsta sinn sem RVMF er haldin þannig að hér starfa saman ein elsta og yngsta tónlistarhátíð landsins."

Pétur segir erfitt að gefa einhverja yfirlýsingu um hápunkta hátíðarinnar en þó séu opnunartónleikarnir alltaf sér á parti. „Þeir eru á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og eru óneitanlega alltaf stór viðburður. Við búum svo vel að fá þessa tónleika á silfurfati frá Sinfóníuhljómsveitinni á hverju ári alveg frá upphafi, sem er nokkuð sem margir kollegar okkar á erlendri grundu öfunda okkur af."



**FRAMKVÆMDASTJÓRINN** Pétur Jónasson er framkvæmdastjóri Myrkra músíkdaga og hann segir hátíðina sífellt njóta meiri vinsælda, bæði innanlands og erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spurður um aðra hápunkta Myrkra músíkdaga í ár nefnir Pétur kanadíska strengjakvartettinn Bozzini, sem hann segir vera í fremstu röð flytjenda samtímatónlistar í heiminum, Saxófónkvartett Stokkhólms, sem halda mun tvenna tónleika þar af aðra fyrir börn, en annars segir hann dagskrána það fjölbreytta og glæsilega að það sé erfitt að tína einhverja tónleika út úr henni öðrum fremur.

„Við höfum vanalega opnað hátíðina með tónleikum uppi í RÚV og þeir verið sendir út í beinni útsendingu, en í þetta sinn fluttust þeir yfir á föstudaginn. Það er mikill gjörningur hóps sem kallar sig SKARK Ensemble og samanstendur af ungu íslensku og þýsku tónlistarfólki sem verður fluttur í bílakjallara RÚV og sendur út beint."

Hátíðin er að vanda helguð íslenskri nútímatónlist. „Megnið eru íslensk verk, eins og alltaf hefur verið, en nokkur vel valin erlend verk fljóta með," segir Pétur. „Orðspor hátíðarinnar berst æ víðar eins og sést vel á þeim mikla áhuga sem erlendir listamenn hafa á að koma hér fram og eins því að sífellt fleiri fjölmiðlar erlendis sjá ástæðu til að fjalla um hátíðina á sínum vettvangi. Í ár er því enn von á heimsóknum frá erlendu fjölmiðlafólki ásamt listrænum stjórnendum evrópskra og bandarískra tónlistarhátíða."

> **Við búum svo vel að fá þessa tónleika á silfurfati frá Sinfóníuhljómsveitinni á hverju ári.**

Hátíðin hefst, eins og áður sagði með tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í kvöld undir stjórn Daníels Bjarnasonar, en síðan rekur hver viðburðurinn annan fram á sunnudag og hægt er að kynna sér dagskrána í þaula á heimasíðu hátíðarinnar myrkir.is.

fridrikab@frettabladid.is

# Nú opnum við
# Lagertorg

**Að þessu sinni verða á boðstólnum skápar og framhliðar úr eldri eldhúslínunni, FAKTUM, með 60% afslætti, hvorki meira né minna! Þar að auki má finna innvols með 50% afslætti og borðplötur með 40% afslætti. Tilvalið í þvottahúsið, bílskúrinn og geymsluna eða til að hressa upp á FAKTUM eldhúsið þitt án þess að skipta öllu út. Athugið að tilboðsvörur á lagertorgi fást í takmörkuðu magni.**



**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

© Inter IKEA Systems B.V. 2014

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 30. JANÚAR 2014**

### Tónleikar

**20.00** Tónleikar með Myrru Rós. Aðgangur ókeypis. Hlemmur Square, Laugavegi 105.

**23.00** Portretttónleikar. Berglind María Tómasdóttir spilar á flautu. Upplýsingar um miðaverð á midi.is. Kaldalón í Hörpu.

**21.00** Útgáfutónleikar Mammút á plötunni Komdu til mín svarta systir. Miðaverð 2900 krónur. Gamla bíó.

### Félagsvist

**20.00** Rangæingar í Reykjavík athugið! Félagsvist í samvinnu við Skaftfellinga í Skaftfellingabúð í Reykjavík.

### Tónlistarhátíð

**19.30** Opnunartónleikar Myrkra músíkdaga. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hamrahlíðarkórarnir. Upplýsingar um miðaverð á midi.is. Eldborg í Hörpu.

**22.00** Opnunartónleikar Reykjavík Visual Music Festival. Haldið í samstarfi við Myrka músíkdaga. Hátíðarpassi Myrkra músíkdaga veitir aðgang að þessum tónleikum. Nánari upplýsingar um miðaverð er að finna á midi.is. Silfurberg í Hörpu.

### Heimildarmyndir

**19.30** Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir fyrsta hluta heimildamyndasyrpunnar China from the Inside: Valdið og fólkið. Stofa 101 í Odda í Háskóla Íslands.

### Dans

**20.00** Aukasýning á Óraunveruleikjum eftir Urði Hákonardóttur, Valgerði Rúnarsdóttur og Þyrí Huld Árnadóttur. Miðaverð 2500 krónur. Kassinn í Þjóðleikhúsinu.

### Tónlist

**22.00** Hljómsveitin Kiss the Coyote spilar ófrafmagnaða poppaða þjóðlagatónlist. Aðgangur ókeypis. Café Rosenberg.

### Fyrirlestrar

**18.15** Ólafur Gíslason listfræðingur flytur fyrirlesturinn The Visitors: Um tónlistina og ástina í myndlistinni. Fyrirlesturinn er fluttur í tengslum við sýningu Ragnars Kjartanssonar The Visitors. Aðgangur ókeypis en tekið við frjálsum framlögum. Kling og bang gallerí.

**19.30** Ketil Bjørnstad flytur sögu Edvard Munch í tali og tónum. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Aðgangur ókeypis. Listasafn Íslands.

**08.30** Hegðun fólks á bílaplönum. Meistarafyrirlestur Huldu Dagmarar Magnúsdóttur í umhverfis- og auðlindafræði. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 130 í Öskju í Háskóla Íslands.

**12.00** Kristín Björnsdóttir, lektor á menntavísindasviði, heldur fyrirlesturinn Að ráða sér sjálfur: Fólk með þroskahömlun, sjálfræði og einkalíf í stofu 201 í Árnagarði í Háskóla Íslands.

**17.00** Jørgen Goul Andersen, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann í Álaborg, heldur erindið Lessons from the study of power and democracy in Denmark. Fyrirlesturinn fer fram á ensku. Aðgangur er ókeypis. Stofa 101 í Odda í Háskóla Íslands.

**12.00** Opinn fyrirlestur Richard North um Bretland og EES. Stofa 101 í Odda í Háskóla Íslands.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*



# Hópur veðurtepptur á Austur-Grænlandi

Grænlenskur leikhópur er á leið til Íslands til að sýna í Nemendaleikhúsinu.

Pipaluk K. Jørgensen er höfundur og leikstjóri grænlensku dans- og söngsýningarinnar Pioneer sem verður sýnd í Nemendaleikhúsinu á laugardag. Fréttablaðið náði tali af Pipaluk í gær, en þá var hún veðurteppt á Austur-Grænlandi. „Það stóð til að fljúga til Íslands í dag, en fluginu var aflýst vegna stormviðris,“ segir Pipaluk. „Vonandi getum við flogið héðan á morgun.“

Sýningin á laugardaginn verður fyrsta sýningin á Pioneer utan Grænlands. „Við höfum hins vegar ferðast með hana til sex bæja á Grænlandi,“ segir Pipaluk. Sýningin hefur notið töluverðra vinsælda á Grænlandi. Síðast sýndi hópurinn í bænum þar sem þau eru veðurteppt. „Í gær komu 800 manns á sýninguna. Það er nánast allur þessi litli bær.“

Pipaluk skrifaði leikritið, leikstýrði því og framleiddi það, en Karina Møller samdi dansa. Pipaluk lærði leiklist í Danmörku 2001-2003. „Eftir það stofnaði ég mitt eigið leikfélag og fór að skrifa. Þetta er fjórða leiksýningin sem ég skrifa og leikstýri. Ég hef unnið við sjónvarp og leikhús síðustu sex ár, en hjartað er í leikhúsinu,“ segir Pipaluk.

Pioneers var frumsýnt síðasta haust. „Leikritið fjallar um fortíð, nútíð og framtíð Grænlands. Það fjallar líka um gamlar goðsögur, en á nútímalegan hátt. Tónlistin í leikritinu er nýmóðins. Kimmernaq Kjeldsen syngur tónlistina í verkinu og við notum líka tónlist eftir hljómsveitina Nuuk, sem hefur notið mikilla vinsælda á Grænlandi,“ segir Pipaluk. „Síðan notum við myndefni frá Visit Greenland. Þar er mikið af fallegum myndum af snjó, norðurljósum og hundasleðum.“ Visit Greenland er fjárhagslegur bakhjarl verkefnisins.

Pipaluk hefur áður komið til Íslands í frí, og vonast til þess að kynnast fólki úr íslenskum leiklistarheimi. Pipaluk segist hafa verið í sambandi við Steinunni Knútsdóttur, formann leiklistardeildar Listaháskóla Íslands. „Við stefnum jafnvel á að vinna saman í framtíðinni. Þær áætlanir eru þó skammt á veg komnar. Nú vonumst við bara til þess að veðrið batni svo við komumst til Íslands í tæka tíð fyrir þessa sýningu,“ segir Pipaluk.

Pioneer verður sýnt í Listaháskóla Íslands við Sölvhólsgötu laugardaginn 1. febrúar klukkan 20.00.

ugla@frettabladid.is



**SPENNANDI** Sýningin á Pioneer á Íslandi verður sú fyrsta utan Grænlands. MYND/EINKASAFN

> **Leikritið fjallar um fortíð, nútíð og framtíð Grænlands. Það fjallar líka um gamlar goðsögur, en á nútímalegan hátt.**
> *Pipaluk K. Jørgensen*





*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / Núllvextir BL gilda ekki með öðrum tilboðum.

ENNEMM / SÍA / NM61225

**Nissan Note – Verð frá: 2.890.000 kr.**

**Eyðsla aðeins 4,7 l/100 km***

Nissan Note Acenta 1,2, bensín, beinskiptur. Verð: 2.890.000 kr.
Innborgun 60% / Gamli bíllinn þinn og eða reiðufé: 1.734.000 kr.

**NÚLLVEXTIR BL: 1.156.000 kr. til 36 mánaða.**

**Vaxtalaus afborgun: 32.111 kr. á mán.**

NÚLLVEXTIR BL - VAXTALAUST LÁN Í 36 MÁNUÐI
0% VEXTIR
ENGIN VERÐTRYGGING

Nánari upplýsingar um Núllvexti BL á www.bl.is

Nýr og glæsilegur Nissan Note tekur forystu sem öruggasti bíllinn í sínum flokki. Myndavélar á öllum hliðum fylgjast með hreyfingum allt í kringum bílinn og aðvara ökumann þegar nauðsyn krefur. Safety Shield myndavélabúnaður er staðalbúnaður í Nissan Note Acenta PLUS.

- **BLINDHORNAVIÐVÖRUN** lætur vita með ljósi í hliðarspegli og viðvörunarhljóði ef ökutæki er hættulega nærri hliðum bílsins þegar skipta á um akrein.
- **VEGLÍNUVIÐVÖRUN** fylgist með veglínu vegarins og lætur ökumann vita með viðvörunarhljóði ef bíllinn er á leið út af veginum.
- **BAKKVIÐVÖRUN** fylgist með hreyfingum fyrir aftan bílinn þegar bakkað er og gerir ökumanni viðvart.

Sjá nánar www.nissan.is

B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.bilahusid.is 420 0400

**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622

**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070

**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080

# VARANLEG VERÐLÆKKUN Á HEIMILISTÆKJUM

ÍSSKÁPAR • FRYSTIKISTUR • OFNAR • ELDAVÉLAR • ÞVOTTAVÉLAR • ÞURRKARAR • UPPÞVOTTAVÉLAR • HELLUBORÐ




Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**Frábært verð!**
**73.900 kr**
Electrolux þvottavél
6 kg, 1200 snúninga

**LÆGRA VERÐ!**
Electrolux
Amica
Frigor

**VERÐ LÆKKUN**
Með nýjum samningum við okkar helstu birgja getum við nú boðið umtalsverða verðlækkun á stórum heimilistækjum.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956



## TÓNNINN GEFINN

Haukur Viðar Alfreðsson

# Öllu er lokið



**Á BESTA ALDRI** Rush er svo sannarlega ekki fædd í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Rush er besta hljómsveit í heimi. Þessu komst ég að fyrir nokkrum árum eftir að hafa í nær tvo áratugi haft megnustu óbeit á sveitinni. Fyrir mér voru þetta gamlir og asnalegir menn, hálfgerðir íþróttahljóðfæraleikarar, sem gerðu leiðinlega músík fyrir miðaldra feitabollur.

Eins dásamlegt og það er nú að vera fordómafullur fýluskarfur er alltaf gaman þegar einhver hefur svo á endanum vit fyrir manni. Góður drengur, afgreiðslumaður í hljóðfæraverslun hér í borg, tók í taumana eftir að ég lýsti frati á Rush í beinni útsendingu í útvarpi. Þvoglumæltur á öldurhúsi skipaði hann mér að fara rakleiðis heim og hlusta á eina frægustu plötu sveitarinnar, Moving Pictures, sem ég gerði með semingi. Til að gera langa sögu stutta þá kunni ég ágætlega við plötuna, viðurkenndi ósigur, og renndi flestum plötum sveitarinnar í gegn í kjölfarið.

Og þvílíkar plötur! Það að hafa byrjað að hlusta á (og stúdera) Rush hefur ekki bara gert mig að betri hljóðfæraleikara heldur hreinlega betri manneskju. Þetta frábæra kanadíska tríó gleður mig á hverjum degi og ég vil að þú, lesandi góður, upplifir einnig þessa gleði. Það er í raun minn eini tilgangur með þessu trúboði.

En hvað verður það næst? Mun ég byrja að gyrða hljómsveitarbolina mína ofan í gallabuxurnar? Fá mér GSM-hulstur til að festa á beltið mitt? Þarf ég að byrja að nota frasa eins og: „Segjum það, kall“? Mun ég uppgötva töfra Genesis og Jethro Tull? Nú þegar er ég byrjaður að hækka græjurnar mínar í botn „þegar hljómborðið kikkar inn“. Ég get ekki betur séð en að öllu sé lokið. Ég er orðinn faðir minn. Og þinn.

## Í spilaranum







**Sólstafir** - Í blóði og anda
**Beyoncé** - Beyoncé
**Sign** - Hermd



**TÓNLEIKAR Í TJARNARBÍÓI** Hljómsveitin Dusty Miller heldur upp á útgáfu frumburðar síns í Tjarnarbíói um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Skírðu sveitina í höfuðið á veiðiflugu

**Hljómsveitin Dusty Miller heldur upp á útgáfu fyrstu plötu sinnar, Music by Dusty Miller, í Tjarnabíói á laugardagskvöldið. Sveitin ætlar að tjalda öllu til.**

Það verður öllu tjaldað til og verðum við með Rósu Guðrúnu Sveinsdóttur og Kristjönu Stefánsdóttur í bakröddum, Ara Braga Kárason á trompet, Steinar Sigurðarson á saxófón, Kára Hólmar Ragnarsson á básúnu og Ásmund Jóhannsson á slagverk, til að lífga enn frekar upp á flutninginn,“ segir Tómas Jónsson, hljómborðsleikari hljómsveitarinnar Dusty Miller.

Spurður út í nafn hljómsveitarinnar segir Tómas það koma úr nokkrum áttum en aðallega úr veiðiflugubransanum. „Elvar er mikill veiðimaður og benti okkur á þetta fagra nafn sem hann rakst á í skemmtilegri veiðiflugnabók.“ Sveitin kemur fram á útgáfutónleikum í Tjarnabíói á laugardagskvöldið næstkomandi.

„Við byrjuðum sem fusion/bræðingshljómsveit og lékum meðal annars lög eftir Mezzoforte og fleiri slíkar sveitir en skiptum aðeins um gír þegar söngvarinn og píanistinn Elvar Örn Friðriksson gekk til liðs okkur,“ segir Tómas kátur. Ásamt þeim Elvar Erni og Tómasi skipa sveitina Aron Ingi Ingvason trommuleikari, Kári Árnason bassaleikari og Rögnvaldur Borgþórsson gítarleikari.

Music by Dusty Miller er fyrsta plata hljómsveitarinnar Dusty og var hún tekin upp í september 2012, í Stúdíói Paradís og kom út fyrir skömmu.

Sveitin var stofnuð veturinn 2011 og tæpu ári seinna var lagt í gerð þessarar fyrstu plötu. Meðlimir sveitarinnar eru, þrátt fyrir ungan aldur, nokkuð reyndir þátttakendur úr íslensku tónlistarlífi og hafa undanfarin ár spilað með hljómsveitum á borð við Fjallabræður, Jón Jónsson, ADHD og Perlu. „Tónlistinni á plötunni okkar, sem inniheldur tíu lög, hefur verið lýst sem sálarskotnu hreðjapoppi,“ útskýrir Tómas. Þess má til gamans geta að sveitin fjármagnaði plötu útgáfuna sjálf.

> **Tónlistinni á plötunni okkar, sem inniheldur tíu lög, hefur verið lýst sem sálarskotnu hreðjapoppi.**
> *Tómas Jónsson*

Semja allir meðlimir sveitarinnar tónlistina? „Það er allur gangur á því, en á þessari hljómplötu semur Elli mest en við hinir höfum jafnt og þétt fært okkur upp á skaftið,“ segir Tómas.

Tónleikarnir verða haldnir í Tjarnarbíói og mun húsið opna klukkan 21.00. Miðaverð í forsölu verður 1.500 krónur og 2.000 krónur við innganginn. Einnig verður hægt að kaupa miða og plötu á 3.000 krónur við innganginn.

gunnarleo@frettabladid.is

## 23.1.2014 → 29.1.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1** | ▶ | **Pharrell** | ***Happy*** |
| 2 | ▶ | Avicii | *Hey Brother* |
| 3 | ▶ | Kaleo | *Automobile* |
| 4 | ▶ | Steindi jr / StopWaitGo | *Springum út* |
| 5 | ▲ | Ellie Goulding | *How Long Will I Love You* |
| 6 | ▲ | U2 | *Ordinary Love* |
| 7 | ▼ | Mammút | *Blóðberg* |
| 8 | ▲ | Baggalútur | *Allt* |
| 9 | ▲ | Raggi Bjarna | *Það styttir alltaf upp* |
| 10 | ▼ | A Great Big World / Chr. Aguilera | *Say Something* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| **1** | ▶ | **Skálmöld og Sinfó** | ***Skálmöld og Sinfó*** |
| 2 | ▶ | Kaleo | *Kaleo* |
| 3 | ▲ | Grísalappalísa | *Ali* |
| 4 | ▼ | Mammút | *Komdu til mín svarta systir* |
| 5 | ▼ | Ýmsir | *Pottþétt 61* |
| 6 | ▲ | Pálmi Gunnarsson | *Þorparinn* |
| 7 | ▼ | John Grant | *Pale Green Ghosts* |
| 8 | ▲ | Björgvin Halldórsson | *Duet III* |
| 9 | ▼ | Ýmsir | *Árið er* |
| 10 | ▼ | Baggalútur | *Mamma þarf að djamma* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
EIGNAMIÐLUN
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins
Trönuhjalli 11 – íbúð 0101 með verönd


Falleg mjög vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í góðu fjölbýli í suðurhlíðum Kópavogs. Tvö svefnherbergi. Góðar innréttingar. Suðurverönd. Sérgeymsla og sam. Þvottahús á hæðinni. **V. 25,2 millj.** **Eignin verður sýnd í dag fimmtudag milli kl. 17:15 og 17:45**
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# RISA SKÓ ÚTSALA

## 50-90% afsláttur

**Í TOPPSKÓNUM HEFST Í DAG**




Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**Leikarinn Christian Bale er fertugur í dag.**

**Helstu kvikmyndir: American Psycho, The Dark Knight, The Prestige, American Hustle**

# Pitch Perfect 2 verður að veruleika

Leikkonan Elizabeth Banks mun líklega leikstýra myndinni en hún átti hugmyndina að þeirri fyrstu.

Leikkonan Elizabeth Banks mun líklegast leikstýra framhaldsmyndinni Pitch Perfect 2 en hún framleiddi og lék í fyrri myndinni. Paul Brooks hjá Gold Circle Films mun framleiða framhaldið ásamt Elizabeth og Max Handelman.

„Elizabeth átti hugmyndina að Pitch Perfect og lék stórt hlutverk í þeirri velgengni sem myndin naut. Hún er hokin af reynslu og með mikla orku og við erum hæstánægð með að Pitch Perfect 2 verði hennar fyrsta leikstjórnarverkefni,“ segir Donna Langley, stjórnarformaður Universal Pictures.

Framleiðslukostnaður Pitch Perfect var aðeins sautján milljónir dollara, tæpir tveir milljarðar króna, en hún þénaði 115 milljónir dollara, rúma þrettán milljarða króna, á alþjóðavísu. Þá hefur platan með lögum úr myndinni selst í rúmlega milljón eintökum.

- lkg

### ➜ Verðlaun sem Pitch Perfect hefur hlotið

Besti nýliðinn, Rebel Wilson, á MTV-kvikmyndaverðlaunahátíðinni

Besta söngatriði á MTV-kvikmyndaverðlaunahátíðinni

Besti grínleikari, Skylar Astin, á Teen Choice-hátíðinni

Besta grínleikkona, Rebel Wilson, á Teen Choice-hátíðinni

Besta grínmynd á Teen Choice-hátíðinni



**STUÐMYND** Anna Kendrick lék aðalhlutverkið í Pitch Perfect.

## FRUMSÝNINGAR

**Gleði í bíó á morgun**

### Smáfólk og slagsmál

***Jónsi og riddarareglan*, teiknimynd**

Ævintýri sem gerist í ensku konungdæmi á miðöldum þar sem alvöru riddarar sem láta hjartað ráða för hafa verið bannaðir en stétt valdamikilla lögmanna er komin í þeirra stað. Hjá þeim er engin riddaramennska viðhöfð heldur gilda eingöngu lög og strangar reglur.

Jónsi er ungur drengur sem dreymir um að gerast riddari sem berst við dreka, bjargar fögrum meyjum og ver konunginn fyrir óvinum ríkisins. Á þessa drauma vill faðir hans ekki hlusta og krefst þess að Jónsi gerist lögmaður eins og hann. Amma Jónsa er skilningsríkari og hvetur hann til að sanna hvers hann er verðugur. Jónsi ákveður að leggja af stað út í heim og finna sverð afa síns. Leitin á eftir að leiða hann á ævintýralegar slóðir þar sem hann hittir bæði vini og óvini.



***Grudge Match*, gaman**

Henry og Billy mættust tvisvar í hringnum fyrir 30 árum og unnu hvor sinn bardagann. Til stóð að þeir myndu berjast í þriðja sinn en af þeim bardaga varð aldrei af ýmsum ástæðum, en aðallega vegna þess að þeir þoldu ekki hvor annan. Dag einn eru þeir kappar fengnir til að búa til eftirmyndir af sjálfum sér fyrir tölvuleik. Við það tækifæri komast þeir ekki hjá því að hittast í stúdíói og eru fljótlega komnir í hár saman. Í framhaldi af því kviknar sú hugmynd að láta loksins verða af þriðja bardaganum og þótt hvorugum lítist á það í byrjun ákveða þeir Henry og Billy að þekkjast boðið.

# Óhefðbundin ást manns og stýrikerfis með gervigreind

Kvikmyndin Her verður frumsýnd hérlendis í dag. Hún hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda. Hún fjallar um ástarsamband rithöfundar og stýrikerfis með gervigreind. Aðalleikarar eru Amy Adams og Joaquin Phoenix.

Kvikmyndin Her verður frumsýnd á Íslandi í dag en myndin er tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna, þar á meðal sem besta myndin og besta frumsamda handrit. Þetta er fyrsta myndin sem Spike Jonze leikstýrir og skrifar handrit fyrir á ferlinum.

Myndin fjallar um Theodore Twobly, leikinn af Joaquin Phoenix, sem er einmana rithöfundur. Hann kaupir sér stýrikerfi með gervigreind sem er sérhannað til að aðlagast aðstæðum og notendum og mynda með sér persónuleika. Kerfinu velur hann kvenrödd sem hann gefur nafnið Samantha, en það er leikkonan Scarlett Johansson, sem ljær henni rödd sína. Smám saman þróast samband rithöfundarins og Samönthu en í millitíðinni eignast Thedore kærustuna Amy, sem leikin er af Amy Adams, sem flækir málin.

Leikkonan Samantha Morton var upprunalega rödd Samönthu og var á setti á hverjum degi með Joaquin Phoenix. Eftir að tökum lauk og Spike byrjaði að klippa myndina fannst honum eitthvað bogið við röddina og með blessun Samönthu ákvað hann að fá leikkonuna Scarlett Johansson til að ljá stýrikerfinu rödd sína.

Amy Adams og Joaquin Phoenix tengdust sterkum vinaböndum á meðan á tökum stóð og orsakast það af því að Spike læsti þau saman í herbergi í einn til tvo klukkutíma á dag og neyddi þau til að tala saman. Spike gerði þetta svo þau myndu kynnast hvort öðru.

Amy tók upp á því að syngja fræg söngleikjalög í tökum til að hressa sig við eftir tilfinningaþrungin atriði. Söng hún til dæmis lög úr Annie og The Rocky Horror Picture Show og tók Joaquin oft undir með henni. Þau hættu þessu þó þegar þau tóku eftir því að Spike tók athæfið upp.

Kvikmyndin Her hefur fengið einróma lof gagnrýnenda og var valin besta mynd síðasta árs á verðlaunahátíðinni National Board of Review. Þá deildi hún verðlaunum sem besta myndin með Gravity hjá Los Angeles Film Critics Association og hlaut þrjár tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna. Á hátíðinni var handritið valið það besta.

liljakatrin@frettabladid.is



**FRÁBÆR** Joaquin Phoenix ku fara á kostum í myndinni en er þó ekki tilnefndur til Óskarsins.

### ➜ Einkunnir

**IMDb:** 8,5/10

**Rotten Tomatoes:** 94/100

**Metacritic:** 91/100


2 | Sunnudag 13:00

Sanngjarn og heiðarlegur

Nýr þjóðmálaþáttur hefur göngu sína á sunnudaginn í umsjón Mikaels Torfasonar, aðalritstjóri fréttamiðla 365. Fjallað verður um stjórnmál og fréttir líðandi stundar, mikilvæg samfélagsmál verða rædd frá öllum hliðum og þau krufin til mergjar. Á meðal sérfræðinga þáttarins verða Elliði Vignisson, Svandís Svavarsdóttir, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Júlíusdóttir og Vigdís Hauksdóttir. Umræðuþáttur fyrir alla sem láta sig þjóðmál varða.

Í OPINNI DAGSKRÁ!




JANÚAR

Fáðu þér áskrift! 365.IS


MATTHEW MCCONAUGHEY
JENNIFER GARNER
JARED LETO
FRUMSÝND 31. JANÚAR
DALLAS BUYERS CLUB
BYGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM
6 ÓSKARSTILNEFNINGAR
2 GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI
BESTI LEIKARI Í AUKAHLUTVERKI
BYLGJAN 989
LAUGARÁS BÍÓ
HÁSKÓLA BÍÓ
BORGAR BÍÓ

# Vinaleg tilmæli um að leggir ættu að vera hárlausir

Ég man það eins og það hafi gerst í gær. Það voru liðnir nítján dagar af nýju skólaári og við vorum í afmæli hjá vinkonu minni. Ég var loksins komin í hina langþráðu unglingadeild og gat ekki beðið eftir því að gera allt þetta sem einkennir unglinga; fá brjóst, byrja á túr, fara í sleik og kaupa snúð og kókómjólk í matsölunni. Við létum eina dós af pilsner ganga á milli okkar á meðan við fórum í sannleikann og kontor (leikur sem er alltaf erfiður því valið er ómögulegt; segja frá hverjum þú ert skotin í eða eiga á hættu að þurfa kyssa einhvern sem þú hefur engan áhuga á, það er ekki hægt að vinna!). Sumir voru orðnir ansi hífaðir af tveimur drjúgum sopum af pilsner og við flissuðum yfir áhættusækni þeirra sem fóru í leikinn 10 mínútur í himnaríki (eða helvíti, eftir því hvernig er litið á það). Svo kom að því. Nýja stelpan í bekknum hafði velt fyrir sér augabrúnum mínum í dágóðan tíma en það var ekki fyrr en hún sá á mér fótleggina sem hún lét til skara skríða. Vopnuð plokkara, einnota rakvél og kremi réðst hún til atlögu gegn hinum óæskilegu hárum. Plokka á sér augabrúnirnar? Ái, hvað það var vont. En þetta var órjúfanlegur hluti af því að verða pæja eða almennt eiga samskipti við pæjur. Svo voru það leggirnir. Ég benti góðfúslega á að ég væri aldrei berleggja og þessi hár pirruðu mig bara akkúrat ekki neitt. Það þótti auðvitað engin afsökun fyrir leti og sinnuleysi, hárin skyldu fjúka. Í fermingarfræðslunni næsta dag laumaðist ég til að strjúka hárlausum leggjunum og dást að því hversu fullorðin ég væri orðin. Mamma ýtti við mér og spurði hvort ekki væri í lagi með mig. Ég horfði leyndardómsfull á hana og sagðist bara vera með smá kláða. Þetta var mitt að vita, hún var bara svona mamma, þú veist, fullorðin kona, sem skildi ekkert hvernig það var að vera næstum því þrettán ára og þrá inngöngu í pæjuhópinn. Ég var langt frá því að vera sætasta stelpan í hópnum og ég gerði mér fullvel grein fyrir því, ég var bara svona allt í lagi. Pæjurnar gáfu mér vinalega tilmæli um að leggir ættu að vera hárlausir, helst öllum stundum, og augabrúnir mjó lína. Ég var nú ekki meiri pæja en svo að ég gleymdi þessum háreyðingarreglum en sem betur fer hafði ég vinkonurnar til að minna mig á og jafnvel ráðast í verkið. Mikið vildi ég óska að við hefðum á þessum tíma haft opnari umræðu um alls konar; alls konar hárvöxt, alls konar pæjur og alls konar kynlíf. Nú tæpum tuttugu árum síðar velti ég því fyrir mér hvort ekki sé kominn tími á alls konar?

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is






## Góðgerðarrapp

**Góðgerðarrapptónleikar verða haldnir á Gauk á Stöng laugardagskvöldið 1. febrúar þar sem listamennirnir Emmsjé Gauti, Úlfur Úlfur, Larry BRD og Kött Grá Pjé skemmta gestum. Tónleikarnir hefjast klukkan 22.00 og kostar tvö þúsund krónur inn en hægt er að nálgast miða á midi.is eða við innganginn.**

## Grunnskólabörn föndra

**Uppboðsdagar verða haldnir dagana 15. til 20. febrúar á Bland.is þar sem allur ágóði af uppboðum þessara daga rennur óskiptur til Barnaspítalans.**

Þá verða perluarmbönd, sem búin eru til af börnum í 1. bekk í nokkrum grunnskólum á höfuðborgasvæðinu, til sölu hjá Hrím hönnunarhúsi til styrktar átakinu frá 1. til 14. febrúar. Armböndin verða einnig til sölu í ýmsum verslunum og stórmörkuðum á höfuðborgarsvæðinu á meðan birgðir endast. Armböndin eru úr perlum og stöfum sem móta þau orð sem börnunum dettur í hug í tengslum við málefnið. Hver einasta perla á armbandinu minnir okkur á að hvert barn á skilið góða barnæsku. Nemendur munu selja armböndin í Fjarðarkaupum 1. febrúar frá klukkan 11.00 til 16.00 og kosta tvö þúsund krónur stykkið.






## Gefðu eina stund

Nemendur leita til fyrirtækja og stofnana og fá starfsfólk til að gefa andvirði einnar klukkustundar vinnu til Barnaspítalans. Verkefnið verður kynnt starfsmönnum með myndbandi, en nokkrir þjóðþekktir einstaklingar lögðu nemendum lið og gáfu þar með vinnu sína sem hvatningu fyrir aðra til að gera hið sama. Einnig verður leitað til fyrirtækja til að safna ýmsum búnaði og tækjum sem vantar í aðstandendaherbergi, leikherbergi og bráðamóttöku barna og hafa Heimilistæki og Tölvulistinn verið mjög rausnarleg.




## Styrktarsýning

**Sérstök styrktarsýning verður laugardaginn 1. febrúar klukkan 13.30 í Sambíóunum** í Egilshöll á barnamyndinni Jónsi og riddarareglan þar sem allur ágóði rennur til tækjakaupa fyrir Barnaspítala Hringsins.

## Þúsund króna markaður

**Markaður verður haldinn á KEX Hosteli 15. febrúar frá klukkan 11.00 til 17.00 með alls kyns varningi.**

Allar vörur kosta einungis þúsund krónur og rennur ágóði markaðsins óskertur til Barnaspítala Hringsins. Spennandi vörur verða á boðstólum, sem dæmi má nefna bækur, leikföng, sælgæti og ýmiss konar gjafabréf. Hér gildir að fyrstur kemur fyrstur fær. Sama dag munu ákveðin fyrirtæki gefa hluta af hagnaði sínum til Barnaspítala Hringsins. Leitað er til fyrirtækja sem geta lífgað upp á dag fjölskyldunnar í þeim tilgangi að fjölskyldan geti gert eitthvað skemmtilegt saman og styrkt í leiðinni gott málefni.

## Valentínusarhamborgari

**Á Valentínusardag, föstudaginn 14. febrúar, hefur Hamborgarafabrikkan leyft afnot af hamborgarabílnum frá klukkan 11.00 til 13.00 og mun allur ágóði af sölunni renna til átaksins. Hamborgarabíllinn verður við endann á Lögbergi, seldir verða „hamborgaramiðar“ á Háskólatorgi og fást hamborgararnir afhentir í bílnum gegn afhendingu miða. Verð á hamborgara er þrettán hundruð krónur og með gosi fimmtán hundruð krónur.**



**ALLUR HÓPURINN** Hér sjást nemendurnir með kennaranum Elmari Hallgríms Hallgrímssyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

→ 30 nemendur á námskeiðinu Samvinna og árangur fá átta vikur til að safna eins miklu og þeir geta til styrktar tækjasjóði Barnaspítala Hringsins.

# Komu kennaranum skemmtilega á óvart

Nemendur námskeiðsins Samvinna og árangur safna nú fé fyrir tækjasjóð Barnaspítala Hringsins. Söfnun hefst formlega í dag og hafa nemendur komið kennaranum Elmari Hallgríms Hallgrímssyni á óvart með áhugaverðum hugmyndum.

Öll í einn hring – fyrir Barnaspítala Hringsins er verkefni þrjátíu nemenda í meistaranámi við Háskóla Íslands sem sitja námskeiðið Samvinna og árangur. Nemendurnir hafa alls átta vikur til að finna fjáröflunarleiðir þar sem allur ágóði mun renna til tækjasjóðs Barnaspítala Hringsins.

Átakinu verður formlega hleypt af stokkunum í dag og munu nemendur beina kröftum sínum að söfnunarátakinu næstu vikurnar. Nemendur munu hugsa út fyrir boxið í verkefninu og nýta háskólanámið og reynslu sína til góðs. Óhætt er að segja að í söfnunarátakinu hafa nemendurnir mætt gríðarlegum góðvilja í þjóðfélaginu.

Að sögn Elmars Hallgríms Hallgrímssonar, lektors og kennara námskeiðsins, hafa nemendurnir komið honum skemmtilega á óvart með áhugaverðum hugmyndum og nálgunum sínum á verkefnið en Elmar leitaði til Barnaspítalans áður en námskeiðið hófst og fékk leyfi til þess að söfnun nemenda rynni til tækjasjóðs spítalans. Söfnunin er því ekki að frumkvæði Barnaspítala Hringsins, en ákveðið var að láta hann njóta góðs af henni.

Ýmis spennandi og frumleg verkefni verða í gangi um allt land fram til fimmtudagsins 26. febrúar þegar nemendur ljúka námskeiðinu en áfram verður þó hægt að leggja söfnuninni lið með frjálsum framlögum eftir þann tíma, eða fram til 3. mars. Þeim sem vilja styrkja átakið er bent á reikningsnúmer Góðgerðarfélagsins Öll í einn hring sem er 0137-05-060777, kennitala 630114-2410.

Símanúmer söfnunarinnar er 904-1000 þar sem þúsund krónur gjaldfærast sjálfkrafa af símreikningi. Einnig er hægt að fylgjast með átakinu á Facebook-síðunni Öll í einn hring. liljakatrin@frettabladid.is

# VIÐSKIPTAVINIR VODAFONE
# FÁ MEIRA GAGNAMAGN

## VIÐ BREGÐUMST VIÐ STÖÐUGT MEIRI NETNOTKUN

Allt gagnamagn sem sótt er á erlendar vefsíður er erlent niðurhal og selt sem slíkt.

Magn gagna sem íslensk heimili sækja af netinu hefur stóraukist. Ástæðan er bæði aukið niðurhal og aukin gæði efnis.

Innlent gagnamagn er efni sótt á íslenskar síður og kostar ekkert.

# INNIFALIÐ ERLENT GAGNAMAGN EYKST
# UM ALLT AÐ 250 GB

| INTERNET 10 GB | INTERNET 50 GB | INTERNET 100 GB | INTERNET 150 GB | INTERNET 250 GB |
|---|---|---|---|---|
| VERÐUR | VERÐUR | VERÐUR | VERÐUR | VERÐUR |
| **50 GB** | **100 GB** | **150 GB** | **250 GB** | **500 GB** |

Verð hækkar ekki og áskriftarleiðin uppfærist sjálfkrafa. Nánar á vodafone.is

**Vodafone**
Góð samskipti bæta lífið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| JACK RYAN | KL. 8-10.20 | 12 |
| JACK RYAN LÚXUS | KL. 10.30 | 12 |
| AUGUST OSAGE COUNTY | KL. 5.20 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 3D | KL. 3.30 | L |
| 47 RONIN 3D | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| BELIEVE | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY LÚXUS | KL. 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D 48R LÚXUS | KL. 4.30 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| VENUS Í FELDI | KL. 8 | 7 |
| EYJAFJALLAJÖKULL | KL. 10 | 7 |
| ÉG UM MIG OG MÖMMU | KL. 6 | 12 |
| EINN Á BÁTI | KL. 8 | L |
| AÐEINS ÞÚ | KL. 10 | 12 |
| SAMÞYKKTUR TIL ÆTTLEIÐINGAR | KL. 6 | L |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 6 - 9 | 12 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE BOOK THIEF | KL. 5:45 - 8 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 8 - 10:15 | 12 |
| 47 RONIN 3D | KL. 10.15 | 12 |
| SECRET LIFE OG WALTER MITTY | KL. 5.45 | 7 |

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| JACK RYAN | 8, 10:20 | 12 |
| 47 RONIN 3D | 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM | 6 2D | L |
| LONE SURVIVOR | 10:30 | 16 |
| HOBBIT 2 3D | 4:45, 8 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:30 | 7 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JACK RYAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| JACK RYAN VIP | KL. 8 - 10:20 | |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:30 - 8:20 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8:20 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE VIP | KL. 5:20 | |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 8:20 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM 2 ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |
| FROSINN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| JACK RYAN | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:10 | 16 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8 - 10:45 | 12 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:10 - 8:30 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| LAST VEGAS | KL. 6 - 9 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6 - 9 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 5:40 - 9:10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| JACK RYAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| JACK RYAN | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:20 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 7:30 | 16 |
| FROSINN ÍSLTAL3D | KL. 5:40 | L |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is


# Flóamarkaður í bílskottum í Firði

Skottsala í Firði nefnist flóamarkaður sem verður haldinn í bílskottum á bílaplani í kjallaranum á verslunarmiðstöðinni Firði í Hafnarfirði. „Allir sem vilja mega leggja bílum sínum á planinu, opna bílskottið og selja hluti úr skottinu sínu,“ segir Anne Franziska Muller, ein af skipuleggjendum flóamarkaðarins. „Hugmyndin er að endurtaka þetta mánaðarlega,“ segir Anne.



ANNE FRANZISKA MULLER

Flóamarkaðurinn hefst í hádeginu næsta laugardag. „Þeir sem vilja taka þátt eru hvattir til að mæta aðeins fyrr til að undirbúa,“ segir Anne.

Flóamarkaðurinn stendur á milli 12 og 16 laugardaginn 1. febrúar. Leiga á bílastæði kostar þúsund krónur. **- ue**

# Collective Kjarasamningar Agreements

**BAKÞANKAR**
Bergs Ebba Benediktssonar



Það eru til orð í íslensku sem eru löngu hætt að hafa þýðingu fyrir mér. Kjarasamningar eru eitt þeirra orða. Jú. Ég veit svo sem hvað kjarasamningar eru en ég velti stundum fyrir mér hvers vegna flytja þarf fréttir af þeim í síbylju. Þegar orðið „kjarasamningar“ heyrist í útvarpinu gætu allt eins heyrst skruðningar fyrir mér.

**ÉG ER ÁGÆTUR** í ensku eins og flestir Íslendingar. Ég kann ótrúlegustu hugtök á ensku. Ég veit til dæmis að skiptilykill er „wrench“, örgjörvi er „microprocessor“ en ekki vissi ég hvernig maður segir „kjarasamningar“ á ensku. Ég þurfti að fletta því upp. Þýðingin kemur að vísu ekkert sérlega á óvart, hún er nánast niðurdrepandi fyrirsjáanleg: „collective wage agreement“ (stundum nefnt collective pay agreement eða aðeins collective agreement). En hvers vegna hef ég aldrei heyrt minnst á orðarununa „collective wage agreement“ þó ég hafi heyrt orðið „kjarasamningar“ að lágmarki tíu þúsund sinnum? Ekki er það vegna þess að ég er ekki nógu mikið inni í engilsaxnesku tungutaki. Það er ekki svo enda hef ég þekkt orð eins og „psychoanalysis“ og „bicentennial“ frá unga aldri – og það eru bara nokkuð flókin og sértæk orð.

**ÁSTÆÐAN** er sú að kjarasamningar hafa aldrei náð að ryðja sér inn í heim bíómynda, sjónvarpsþátta, tölvuleikja eða popptónlistar. Í öllu hugmyndamengi engilsaxneskra listamanna eru kannski 25-50 þúsund hugtök og kjarasamningar eru ekki meðal þeirra. Samt eru kjarasamningar gerðir bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þeir eru gerðir um gervalla veröld en hvergi eru þeir jafn ágengir og hér á landi.

**ÁSTÆÐAN?** Jú. Íslenskir launþegar þurfa reglulega að fá magasár af stressi þegar óstöðugur gjaldmiðillinn (og léleg efnahagsstefnan) hóta að taka af þeim lífsviðurværið nema „sögulegum“ kjarasamningum verði náð. Ef það væri svo í Bandaríkjunum þá myndi annað hvert rapplag fjalla um „collective wage agreements“. En þar fá menn bara sinn „ice cream cone“ og geta keypt sér strigaskó án þess að taka lán. Pælið í því!



**HIMINLIFANDI** Sif og Kári á útskriftardaginn. MYND/EINKASAFN

> **Þetta var virkilega skemmtilegt, okkar nánustu fengu að taka þátt í þessari stund með okkur og þetta gerði útskriftarveisluna ógleymanlega.**
> *Sif Steingrímsdóttir*

# Földu kyn frumburðarins inni í útskriftartertunni

**Parið Sif Steingrímsdóttir og Kári Ólafsson eiga von á sínu fyrsta barni. Þau fóru óhefðbundna leið til að fá að vita kynið og báðu bakara um að lauma upplýsingunum inn í köku sem þau skáru á útskriftardegi Sifjar.**

„Við eigum von á okkar fyrsta barni í júní og ákváðum strax að við myndum vilja vita kynið, enda sennilega nægilega margt annað að fara koma okkur á óvart við komu krílisins,“ segir Sif Steingrímsdóttir. Hún og hennar heittelskaði, Kári Ólafsson, ákváðu að fá að vita kynið á barninu á skemmtilegan hátt.

„Þegar við fengum úthlutaða dagsetningu í tuttugu vikna sónar og áttuðum okkur á að sónarinn væri daginn fyrir útskriftina mína úr meistaranámi í lögfræði fengum við þá skemmtilegu hugmynd að við myndum komast að kyninu í gegnum útskriftartertuna. Þá var það að fá ljósmóðurina og bakara til að taka þátt í glensinu með okkur. Ég hafði samband við hann Árna hjá Okkar bakaríi sem var til í slaginn og ljósmóðirin lét einnig til leiðast. Framkvæmdin var þannig að í sónarnum leyndi ljósmóðirin okkur kyninu, var voðalega lúmsk og þóttist ekkert sjá. Eftir að við vorum farin þaðan hringdi hún svo í Árna bakara sem beið klár með kökukeflið og matarlit á lofti og tilkynnti honum hvort við ættum von á stelpu eða strák,“ segir Sif. Í útskriftarveislunni var kynið síðan afhjúpað og var andrúmsloftið spennuþrungið.

„Í veislunni höfðum við safnað saman í stofunni heima öllum nánustu ættingjum og vinum, um fjörutíu manns. Á veisluborðinu var þessi fína útskriftarterta, hjúpuð hvítum marsípan og skreytt með bláu og bleiku til jafns. Við byrjuðum á að taka nafnakall á meðal gesta og allir voru látnir giska á kynið, því eftir að kyn kemur í ljós þykjast allir hafa vitað allan tímann það rétta. Í þetta skiptið var ágiskun hvers og eins einfaldlega skrásett og þar með komið í veg fyrir slíkt. Mikil spenna hafði myndast í veislunni og má segja að andrúmsloftið hafi verið orðið rafmagnað þegar kakan var loks skorin og bleiki liturinn kom í ljós undan marsípaninu,“ segir Sif og er hæstánægð með þetta uppátæki.

„Það var óneitanlega ansi tilfinningarík stund, allir föðmuðust og klöppuðu fyrir litlu



**SKEMMTILEG NÝBREYTNI** Það myndaðist mikil spenna í útskriftarveislunni þegar kakan var skorin.

stelpunni. Þetta var virkilega skemmtilegt, okkar nánustu fengu að taka þátt í þessari stund með okkur og þetta gerði útskriftarveisluna ógleymanlega.“ **liljakatrin@frettabladid.is**


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




STÓR AFSLÁTTUR
á hágæða SAMSUNG heimilistækjum
SAMSUNG
WF2124ZAC
12 kg.
ÁÐUR: 214.900
NÚ: 179.900
AFSLÁTTUR: 35.000
SAMSUNG
WF806P4SAWQ
8 kg.
ÁÐUR: 169.900
NÚ: 144.900
AFSLÁTTUR: 25.000
SAMSUNG
Sambyggð þvottavél og þurrkari
WD0704EEC
7 kg.
ÁÐUR: 169.900
NÚ: 139.900
AFSLÁTTUR: 30.000
DV80F5E4HGW
A++ þurrkari
Allar nánari upplýsingar á
www.samsungsetrid.is
12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur
„Amerískir“ kæli- og frystiskápar
Aldrei að afþýða – Bjóðum hvíta skápa og þrjár gerðir í burstuðu stáli.
SAMSUNG
RS7567BHCSR
ÁÐUR: 379.900
NÚ: 309.900
AFSLÁTTUR: 70.000
SAMSUNG
RS7778FHCSR
ÁÐUR: 439.900
NÚ: 369.900
AFSLÁTTUR: 70.000
SAMSUNG
RFG23UERS1
ÁÐUR: 599.900
NÚ: 519.900
AFSLÁTTUR: 80.000
SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMAR 530 2800
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON AKRANESI SÍMI 530 2870
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI 455 4500
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

## Þórsarar geta náð fjórða sætinu af Njarðvík



Fimm leikir fara fram í Dominos-deild karla í körfubolta í kvöld og hefjast þeir allir klukkan 19.15. Stórleikur kvöldsins er í Ljónagryfjunni þar sem Njarðvík og Þór úr Þorlákshöfn mætast. Þór getur náð fjórða sætinu af Njarðvík með því að vinna með meira en fimm stigum en Njarðvík vann fyrri leikinn í Þorlákshöfn eftir tvær framlengingar. ÍR-ingar fá verðugt verkefni þegar þeir fá sjóðheita Grindvíkinga í heimsókn alveg eins og Stjörnumenn sem glíma við topplið KR-inga í Garðabænum. Snæfell (8. sæti) og Haukar (7. sæti) mætast í Stykkishólmi og þurfa bæði á sigri að halda í baráttunni um sæti í úrslitakeppninni. Lokaleikur kvöldsins er svo þegar Keflvíkingar fá Valsmenn í heimsókn.

## Hvernig koma handboltaliðin undan EM-fríinu?

**HANDBOLTI** Olís-deild karla í handbolta fer aftur af stað í kvöld eftir 53 daga hlé en það hefur ekkert verið spilað í deildinni síðan 8. desember vegna þátttöku íslenska handboltalandsliðsins á EM í Danmörku.

Haukarnir voru á miklu skriði þegar deildin fór í frí, búnir að vinna þrjá leiki í röð og komnir með fjögurra stiga forskot á toppnum. Haukar heimsækja ÍR-inga í Austurbergið klukkan 20.00 í kvöld en ÍR-ingar töpuðu fjórum af fimm síðustu leikjum sínum fyrir frí. Bjarki Sigurðsson hefur örugglega farið vel yfir hlutina með lærisveinum sínum í EM-fríinu. Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka, eyddi hins vegar stærstum hluta frísins í að stýra austurríska landsliðinu á Evrópumótinu í Danmörku.

Akureyrarliðið vann tvo síðustu leiki sína fyrir frí og tekur á móti Val á heimavelli í Höllinni á Akureyri klukkan 19.00 í kvöld. Valsmenn eru einu stigi frá sæti í úrslitakeppninni en unnu aðeins einn af síðustu fjórum leikjum sínum fyrir frí.

Þriðji leikur kvöldsins er á milli Fram og FH í Safamýrinni en hann hefst klukkan 19.30. FH vann sextán marka sigur í fyrri leiknum og Framarar hafa örugglega lengi stefnt að því að hefna fyrir þann skell. FH tapaði tveimur síðustu leikjum sínum fyrir fríið og misstu með því Haukaliðið fram úr sér í baráttunni um toppsætið deildarinnar. - óój



**11. SÆTI** Patrekur Jóhannesson stýrði Austurríksmönnum á EM í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Á TOPPINN** Edin Dzeko og Yaya Toure fagna marki í gær en City komst í efsta sætið með stórsigri. NORDICPHOTOS/GETTY

## ENSKA ÚRV.DEILDIN

**ASTON VILLA - WEST BROMWICH 4-3**

0-1 Chris Brunt (4.), 0-2 Sjálfmark (9.), 1-2 Andreas Weimann (12.), 2-2 Leandro Bacuna (24.), 3-2 Fabian Delph (37.), 3-3 Youssouf Mulumbu (43.), 4-3 Christian Benteke, víti (64.)

**CHELSEA - WEST HAM 0-0**

**SUNDERLAND - STOKE 1-0**

1-0 Adam Johnson (17.)

**TOTTENHAM - MANCHESTER CITY 1-5**

0-1 Sergio Agüero (15.), 0-2 Yaya Touré, víti (51.), 0-3 Edin Dzeko (53.), 1-3 Étienne Capoue (59.), 1-4 Ste. Jovetić (78.), 1-5 Vincent Kompany (89.)

### STAÐA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. City | 23 | 17 | 2 | 4 | 68-26 | 53 |
| Arsenal | 23 | 16 | 4 | 3 | 45-21 | 52 |
| Chelsea | 23 | 15 | 5 | 3 | 43-20 | 50 |
| Liverpool | 23 | 14 | 4 | 5 | 57-28 | 46 |
| Tottenham | 23 | 13 | 4 | 6 | 30-31 | 43 |
| Everton | 23 | 11 | 9 | 3 | 35-24 | 42 |
| Man. United | 23 | 12 | 4 | 7 | 38-27 | 40 |
| Newcastle | 23 | 11 | 4 | 8 | 32-28 | 37 |
| Southampton | 23 | 8 | 8 | 7 | 31-27 | 32 |
| Aston Villa | 23 | 7 | 6 | 10 | 26-32 | 27 |
| Swansea | 23 | 6 | 6 | 11 | 29-33 | 24 |



**GÓÐUR Á EM** Ásgeir Örn Hallgrímsson var allt í öllu í leik íslenska handboltalandsliðsins á EM. MYND/AFP

## Ásgeir Örn frá PSG til Nimes

**HANDBOLTI** Ásgeir Örn Hallgrímsson stóð sig frábærlega með íslenska landsliðinu á EM í Danmörku og svo vel að franska liðið Nimes er tilbúið að bjóða honum þriggja ára samning. Ásgeir Örn staðfesti viðræður við Nimes við mbl.is í gær en sagði að vefsíða félagsins hafi verið of fljót á sér að gefa út að hann væri búinn að skrifa undir.

Ásgeir Örn var annar markahæsti leikmaður íslenska liðsins sem náði fimmta sætinu á EM en hann skoraði 29 mörk úr 52 skotum á mótinu (56 prósent skotnýting) og var einnig annar í íslenska liðinu í stoðsendingum. Ásgeir Örn hefur fengið fá tækifæri hjá franska stórliðinu Paris Handball en ætti að verða lykilmaður í liði Nimes sem er í baráttu í neðri hluta deildarinnar. Nimes er í Suður-Frakklandi og er Ásgeir því kominn á svipaðar slóðir og Arnór Atlason sem spilar með Saint-Raphaël. - óój

# Kynhneigð ekki vandamál

Vetrarólympíuleikarnir í rússnesku borginni Sotsjí við Svartahaf verða settir 7. febrúar. Sendiherra Rússa á Íslandi segir að fyllsta öryggis nærstaddra verði gætt og að allir gestir verði boðnir velkomnir.

**ÓL2014** „Ég var sjálfur í Sotsjí fyrir um þrjátíu árum. Bærinn var pínulítill og aðeins með örfáa íbúa yfir vetrartímann. Hins vegar ferðaðist hálf þjóðin þangað á sumrin til að baða sig í Svartahafinu,“ segir Andrei V. Tsyganov, sendiherra Rússlands á Íslandi. Vika er í að Vetrarólympíuleikarnir hefjist í Sotsjí en sem ljóst er að verður í framtíðinni vetrarparadís fyrir rússneskan almenning og íþróttafólk.

„Nú eru þar nútímavædd samgöngu-mannvirki og við vonumst til þess að Sotsjí verði að vinsælum ferðamannastað árið um kring.“



**ANDREI V. TSYGANOV**

Tsyganov bauð íslensku Ólympíuförunum í heimsókn í síðustu viku þegar tilkynnt var hverjir myndu keppa fyrir Íslandshönd. Rússneskir réttir voru á borðum auk þess sem hægt var að væta kverkarnar með vodkaskoti. Sendiherrann telur að Sotsjí verði mikilvæg rússnesku íþróttafólki í framtíðinni. Minnir hann á að við upplausn Sovétríkjanna hafi Rússar orðið af fjölmörgum mannvirkjum til íþróttamannvirkja.

„Við misstum til dæmis margar skautahallir,“ segir Tsyganov og bætir við að rússneska meistaramótið hafi um tíma verið haldið í Þýskalandi sökum aðstöðuleysis. „Eftir leikana Sotsjí mun aðstaðan hafa batnað til muna.“ Skyldi engan undra. Reiknað er með því að kostnaður Rússa við að halda leikana muni nema sex þúsund milljörðum króna þegar upp verður staðið. Til samanburðar var kostnaður við Sumarólympíuleikana í London árið 2012 1.600 milljarðar króna. Leikarnir í Sotsjí verða þeir dýrustu í sögunni.

**Látið börnin bara í friði**

Fjölmiðlaumfjöllun vegna leikanna hefur að miklu leyti beinst að gagnrýni á hendur rússneskum yfirvöldum vegna mannréttindabrota. Heyrist þar mest í samkynhneigðum sem eru ósáttir við lagasetningu frá því síðasta sumar. Vladimir Pútín, forseti Rússlands, hefur látið hafa eftir sér að samkynhneigðir séu velkomnir til Sotsjí að því gefnu að þeir láti börn í friði. Tsyganov tekur undir orð Pútíns.

„Það eru engin vandamál. Lög okkar takmarka ekki réttindi samkynhneigðra á nokkurn hátt nema að því leyti að við viljum að börn séu látin í friði,“ segir Tsyganov. Lögin banna „áróður“ fyrir samtökum samkynhneigðra gagnvart börnum. „Þú mátt gera hvað sem þú vilt er snertir samkynhneigð en láttu börnin eiga sig.“ Sá rússneski minnir á að Ólympíuleikarnir fari fram samkvæmt Ólympíusáttmálanum. Alþjóðaólympíunefndin sé aðalskipuleggjandi leikanna í samstarfi við Rússa.

## Aðstaðan á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí

**Aldrei áður í sögu leikanna hafa þeir farið fram á jafn þéttu svæði. Keppni fer í raun fram á tveimur svæðum. Við ströndina annars vegar og í fjöllunum hins vegar. Aðeins 48 kílómetrar skilja svæðin að og tekur ferðalagið innan við hálftíma í lest.**




Heimild: sochi.ru, Google Maps, National Geographic © GRAPHIC NEWS

Auk laganna umdeildu hafa íslamskir hryðjuverkamenn hótað því að gera árás á Sotsjí fari leikarnir þar fram. Tsyganov segir að því miður sé raunveruleikinn sá að Rússland sé meðal landa sem stafi mikil ógn af hryðjuverkum.

**Öryggisgæsla en ekkert ónæði**

„Við þekkjum hryðjuverk af eigin raun. Því eru öryggismál í forgangi hjá okkur og tekin mjög alvarlega. Rúmlega 40 þúsund lögreglumenn verða á svæðinu til að gæta öryggis keppenda og gesta,“ segir Tsygvanov sem gegnt hefur stöðu sendiherra hér á landi í tæp þrjú ár. „Við verðum þó ekki með lögreglumenn með metra millibili,“ segir Tsyganov. Vísar hann í orð Pútíns um að lögreglumennirnir muni sinna hlutverki sínu á skilvirkan hátt án þess að gestir hljóti ónæði af.

Tsyganov segist vonast til þess að íslenskt íþróttafólk standi sig vel. Hann hefði ekkert á móti því að Ísland hefði betur gegn Rússum í keppni í Sotsjí. Hann minnir á að Ólympíuleikar snúist um fleira en að vinna sigra og afrek.

„Ólympíuandinn mun svífa yfir vötnunum, nýr vinskapur myndast og fólk upplifa nýja hluti.“ kolbeinntumi@frettabladid.is

## Snyrtitaskan óvart með í handfarangur



Í ræðu sinni til íslenska íþróttafólksins í sendiráðsbústaðnum í Garðastræti minnti sendiherrann Andrei V. Tsyganov á það að taka engan vökva með sér í handfarangri í flugið til Rússlands. Breiðhyltingurinn Einar Kristinn Kristgeirsson, sem keppir í svigi og stórsvigi í Sotsjí, ætlaði svo sannarlega að hafa ráðleggingar Tsyganov í húfi.

„Ég hef lent í því síðustu tvö skipti sem ég hef farið út að gleyma snyrtitöskunni í handfarangrinum. Gelið er þess vegna alltaf tekið af mér af öryggisvörðunum svo ég get ekki verið með neitt „dú“,“ segir Einar Kristinn og hlær.

Alþekkt er að knattspyrnumenn í dag verja margir hverjir mínútum fyrir framan spegilinn áður en haldið er út á völlinn. Skíðafólk klæðist hins vegar hjálmum þannig að gelið skiptir væntanlega ekki máli hjá því, eða hvað?

„Við setjum auðvitað á okkur hjálm en þegar hann er tekinn af verður maður að vera flottur,“ segir Ólympíufarinn á léttu nótunum. „Þetta fer svolítið eftir því hvernig maður er stemmdur þegar maður vaknar snemma á morgnana. Summir nenna því einfaldlega ekki.“

# Úrval ljósa á betra verði



# ÚTSÖLULOK!

## 10-70% afsláttur

Opið:
Mánudag til föstudag kl. 10 - 18
Laugardag kl. 11 - 16

www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



**Stöð 2 kl. 20.30**
### Masterchef USA
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



**American Idol**
**STÖÐ 3 KL. 20.00** Þrettánda þáttaröð þessara vinsælu þátta en allir sigurvegarar fyrri þáttaraða hafa slegið í gegn á heimsvísu.



**Tekinn**
**STÖÐ 2 GULL KL. 20.45** Í kvöld fáum við að sjá tvo hrekki frá Audda. Fórnarlömb kvöldsins eru þau Eva María úr Kastljósinu og sjálfur stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson.



**The Biggest Loser - Ísland**
**SKJÁR EINN KL. 20.40** Stærsta framleiðsla sem Skjár Einn hefur ráðist í frá upphafi. Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífsstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir

**X-ið 977 kl. 08.00**
### Harmageddon
Harmageddon er morgunþátturinn á X977, á dagskrá alla virka daga kl. 8-11. Harmageddon tekur púlsinn á öllu því helsta sem gerist í þjóðfélaginu í dag.




REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

ÚTSALA ÚTSÖLULOK

LOKADAGUR ÚTSÖLUNNAR
LAUGARDAGUR 1. FEBRÚAR

Vönduð C&J heilsurúm!

Charlotte & Julien
Dream your world™

20% afsláttur

Verðdæmi
C&J Platinum heilsurúm með Classic botni

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | ÚTSÖLUVERÐ |
|---|---|---|
| 100x200 | 89.900 kr. | 71.920 kr. |
| 120x200 | 99.900 kr. | 79.920 kr. |
| 140x200 | 114.900 kr. | 91.920 kr. |

Gafl seldur sér

Frábært verð!

Maine hægindastólar
20% afsláttur
Verðdæmi
MAINE hægindastóll með skemli ólívugrænt áklæði.
Kr. 119.840
Fullt verð kr. 149.800

Fæst í ólífugrænu og orange áklæði.

Fæst einnig í rauðu og svörtu leðri.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík, Sími 588 8477
Dalsbraut 1, Akureyri, Sími: 558 1100 • Skeiði 1, Ísafirði, Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 11-16






### STÖÐ 2
**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In the Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Nashville**
**11.50 Suits**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Ramona and Beezus**
**14.45 The O.C.**
**15.40 Ofurhetjusérsveitin**
**16.05 Tasmanía**
**16.30 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar**
**19.40 The Michael J. Fox Show** *(12:22)*
**20.05 Heilsugengið**
**20.30 Masterchef USA** *(5:25)*
**21.10 The Blacklist** *(13:20)* Æsispennandi þáttaröð með James Spader í hlutverki eins eftirlýstastasta glæpamanns heims, Raymond Red Reddington, sem gefur sig fram við FBI og býður fram aðstoð sína við að klófesta hættulega glæpa- og hryðjuverkamenn.
**21.55 Person of Interest** *(2:23)*
**22.40 NCIS. Los Angeles** *(23:24)*
**23.25 Breathless**
**00.10 The Tunnel**
**00.55 Banshee**
**01.45 Spaugstofan**
**02.10 The Following**
**02.55 Deadgirl**
**04.35 More Than a Game**

### SPORT *besta sætið*
**12.50 Bolton - Cardiff**
**14.30 Barcelona - Malaga**
**16.10 Spænsku mörkin**
**16.40 Ensku Bikarmörkin**
**17.10 Ölli**
**18.15 World's strongest man 1988**
**19.15 Sportspjallið**
**20.00 Icelandic Fitness and Health Expo 2012**
**20.30 Samantekt og spjall** Telma Tómasson spjallar við sérfræðinga og saman fara þau yfir mót seinustu viku þar sem keppt var í fjórgangi.
**21.00 Fjórgangur**
**23.00 Keflavík - Njarðvík**

### SPORT 2 *enski boltinn*
**12.00 Sunderland - Stoke**
**13.40 Aston Villa - WBA**
**15.20 Chelsea - West Ham**
**17.00 Tottenham - Man. City**
**18.40 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**19.35 Nottingham Forest - Watford** Bein útsending
**21.40 Premier League World**
**22.10 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**23.05 Nottingham Forest - Watford**

### ÍNN
**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Fiskikóngurinn

### STÖÐ 3
**17.40 H8R**
**18.20 How To Make It in America**
**18.45 Game tíví**
**19.15 Ben and Kate**
**19.40 1600 Penn**
**20.00 American Idol** *(5:37)*
**21.25 Shameless** *(9:12)*
**22.15 Revolution** *(2:20)* Hörkuspennandi þættir um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og þarf að læra að komast af án þess.
**23.00 Supernatural** *(1:22)*
**23.45 Grimm** *(11:22)*
**00.25 Strike Back**
**01.10 Ben and Kate**
**01.35 1600 Penn**
**01.55 American Idol**
**03.20 Shameless**
**04.10 Supernatural**
**04.55 Tónlistarmyndbönd**

### Krakkastöðin
**07.00** Ljóti andarunginn og ég **07.23** Elías **07.34** Ævintýraferðin **07.47** UKI **07.52** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.46** Hvellur keppnisbíll **09.56** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Lukku láki **10.22** Ofurhundurinn Krypto **10.43** Latibær **10.55** Mamma Mu **11.00** Ljóti andarunginn og ég **11.25** Elías **11.36** Ævintýraferðin **11.48** UKI **11.53** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.46** Hvellur keppnisbíll **13.56** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Lukku láki **14.22** Ofurhundurinn Krypto **14.43** Latibær **15.00** Ljóti andarunginn og ég **15.25** Elías **15.36** Ævintýraferðin **15.48** UKI **15.53** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.46** Hvellur keppnisbíll **17.56** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Lukku láki **18.22** Ofurhundurinn Krypto **18.43** Latibær **18.55** Mamma Mu **19.00** Algjör Sveppi og töfraskápurinn **20.30** Sögur fyrir svefninn

### GULL
**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Grey's Anatomy** *(14:24)*
**20.45 Tekinn**
**21.10 The Drew Carey Show** *(21:24)*
**21.35 Curb Your Enthusiasm** *(7:10)*
**22.10 Game of Thrones** *(5:10)*
**23.05 Hæðin**
**23.55 Twenty Four**
**00.40 Touch of Frost**
**02.25 Tekinn**
**02.55 The Drew Carey Show**
**03.20 Curb Your Enthusiasm**
**03.46 Game of Thrones**
**04.36 Tónlistarmyndbönd**

### BÍÓ
**11.40 The Three Stooges**
**13.10 What to Expect When You are Expecting**
**15.00 27 Dresses**
**16.50 The Three Stooges**
**18.20 What to Expect When You are Expecting**
**20.10 27 Dresses**
**22.00 Backdraft**
**00.30 Dream House**
**02.05 My Soul To Take**
**03.50 Backdraft**

### RÚV
**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Grettir**
**17.32 Skrípin**
**17.35 Stundin okkar**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Kiljan**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.05 Nigellissima** *(2:6) (Nigellissima)* Hin þekkta Nigella Lawson sýnir okkur hversu auðvelt það getur verið að laða fram töfra ítalskrar matargerðar úr því hráefni sem fæst í heimabyggð.
**20.40 Frankie** *(2:6)* Ljúf og skondin þáttaröð frá BBC um hjúkrungarfræðinginn Frankie sem er tilfinningalega tengdari vinnunni sinni en góðu hófi gegnir.
**21.35 Best í Brooklyn** *(2:13) (Brooklyn Nine-Nine)* Þátturinn var valinn besti gamanþátturinn á Golden Globe og Andy Samberg besti leikarinn. Metnaðargjarn lögreglustjóri tekur við lögreglustöð í Brooklyn og ákveður að breyta afslöppuðum undirmönnum sínum í þá bestu í borginni.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð** *(7:24) (Criminal Minds VIII)*
**23.00 Erfingjarnir** *(4:10) (Arvingerne)*
**00.00 Kastljós**
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

### SKJÁREINN
**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.45 90210**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 Parenthood**
**19.10 Cheers**
**19.35 Trophy Wife**
**20.00 Svali & Svavar** *(4:10)* Þeir félagar Svali og Svavar hafa brallað ýmislegt í gegnum árin. Svali hefur örlítið minni smekk fyrir lífsins lystisemdum en Svavar en að sama skapi fer ekki mikið fyrir hreyfiþörf hjá Svavari.
**20.40 The Biggest Loser - Ísland** *(2:11)* Stærsta framleiðsla sem SkjárEinn hefur ráðist í frá upphafi. Tólf einstaklingar sem glíma við yfirþyngd ætla nú að snúa við blaðinu og breyta um lífstíl sem felst í hollu mataræði og mikilli hreyfingu. Umsjón hefur Inga Lind Karlsdóttir
**21.40 Scandal** *(3:22)* Við höldum áfram að fylgjast með Oliviu og félögum í Scandal. Fyrsta þáttaröðin sló í gegn meðal áskrifenda en hægt var að nálgast hana í heilu lagi í SkjáFrelsi. Olivia heldur áfram að redda ólíklegasta fólki úr ótrúlegum aðstæðum í skugga spillingarstjórnmálanna í Washington.
**22.30 Indecent Proposal** Spennandi mynd með Robert Redford, Demi Moore og Woody Harrelsson í aðalhlutverkum.
**00.30 CSI**
**01.20 Franklin & Bash**
**02.10 Necessary Roughness**
**03.00 Blue Bloods**
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

### Golfstöðin
**08.30** Golfing World 2014 **09.30** European Tour 2014 **13.30** PGA Tour 2014 - Highlights **14.30** PGA Tour 2014 **18.30** Inside The PGA Tour 2014 **19.00** Golfing World 2014 **20.00** PGA Tour 2014

### ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


„Rós í hnappagat stöðvarinnar.“
Kolbrún Bergþórsdóttir, Morgunblaðið
„Ég tek hatt minn ofan fyrir keppendum.“
Gunna Dís, Virkir morgnar á Rás 2
SKJÁREINN
★★★★
Ég var með tárin í augunum hálfan þáttinn.“
Viktoría Hermannsdóttir, DV
THE BIGGEST LOSER®
ÍSLAND
Í KVÖLD KL. 20.40
Í FYRSTA ÞÆTTI DATT ENGINN ÚT.
Í KVÖLD FARA TVEIR KEPPENDUR HEIM!
ENGIN BINDING, OPNUM STRAX
SKJARINN.IS | 595 6000
Reebok FITNESS
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**BESTI STAÐURINN**



**„Minn uppáhaldsstaður er eldhúsið. Þar sameinast efnið og andinn í ást og kærleika; við matseldina nýtist sköpunargleðin til að sinna þörfum líkamans.“**

Anton Helgi Jónsson skáld

# Asnalegt að segja nei við þessu

Ásdís María Viðarsdóttir keppir í undankeppni Eurovision. Hún er yngsti flytjandinn í ár en ætlar að taka aftur þátt seinna og vera þá elsti keppandinn.

Ásdís María Viðarsdóttir syngur lagið Amor eftir Hauk Johnson í undankeppni Eurovision. „Aðdragandinn að þátttöku minni var ekkert sérlega rómantískur. Haukur sendi mér skilaboð á Facebook og spurði hvort ég vildi taka þátt,“ segir Ásdís. „Ég var pínu efins fyrst. Svo heyrði ég lagið og mér fannst það mjög gott. Mér fannst líka asnalegt að segja nei við góðu tækifæri því mig langar til að verða söngkona. Ég er að deyja úr spenningi.“

Ásdís María er yngsti flytjandinn í undankeppninni í ár. „Ég er samt ekkert svo ung, ég er tvítug. Það er búið að gera allt í heiminum, þannig að til að vekja athygli þarf maður annað hvort að vera yngstur eða elstur til að gera eitthvað. Ég er ekki alveg nógu ung til að það sé eitthvað stórmerkilegt. Ég er búin að missa af þeirri lest. En ég get enn orðið elst til að gera eitthvað. Ég stefni að því að taka aftur þátt seinna og vera þá elsti keppandinn í sögu keppninnar.“

Ásdís María vann Söngvakeppni framhaldsskóla síðasta vor. „Haukur sá mig keppa í Söngvakeppninni, og hafði mig þess vegna í huga fyrir Eurovision.“ Ásdís fær góða æfingu fyrir söngkeppnir á karókíkvöldum á Harlem, sem Margrét Erla Maack og Ragnheiður Maísól standa fyrir. „Ég er algjör karókíkona. Ég syng alltaf annað hvort eitthvað geðveikt hresst eða trylltar ballöður. “ **- ue**



**SÖNGELSK** Ásdís söng Pink Matter eftir Frank Ocean í Söngkeppni framhaldsskólanna.
MYND/ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR.






# Nálgast verkin á óhefðbundinn máta

Ragnheiður Gestsdóttir og Markús Þór Andrésson leikstýra kvikmynd sem byggð er á ævi Hreins Friðfinnsonar. Myndin verður frumsýnd í Finnlandi um helgina.

„Við erum búin að vera að vinna að myndinni í nokkur ár og útkoman er tilraunakennd mynd sem blandar saman skáldskap og raunveruleika,“ segir Ragnheiður Gestsdóttir, myndlistarmaður og annar leikstjóri kvikmyndarinnar Æ ofan í æ, sem byggð er á ævi og list myndlistarmannsins Hreins Friðfinnssonar.

Þetta er í fyrsta sinn sem mynd er gerð um Hrein, en hann hefur notið gríðarlegrar velgengni sem myndlistarmaður um alla Evrópu. Ásamt Ragnheiði leikstýrir myndinni Markús Þór Andrésson sýningarstjóri.

„Við nálgumst verkin hans Hreins á óhefðbundinn hátt. Við notum listina og hans líf sem innblástur í sögur sem við svo segjum í myndinni,“ útskýrir Ragnheiður.

Markús og Ragnheiður kynntust Hreini fyrir rúmum áratug. „Við heilluðumst af manninum og verkunum og urðum öll vinir. Það var svo seinna sem hugmyndin að myndinni kom til,“ bætir hún við, en myndin verður frumsýnd á kvikmyndahátíð í Helsinki í Finnlandi á laugardaginn.

„Við fengum boð um að sýna myndina þar, sem er mikill heiður og við hlökkum til. Við erum með meðframleiðendur í Finnlandi og í aðalhlutverki er Kati Outinen, en hún er finnsk leikkona og eflaust hvað best þekkt fyrir að leika í nánast öllum myndum leikstjórans Aki Kaurismäki, sem er ein vinsælasta útflutningsvara Finna,“ segir Ragnheiður, létt í bragði.

Auk Kati leikur Hreinn sjálfur í myndinni og Magnús Logi Kristinsson, en hann er íslenskur myndlistarmaður sem búsettur er í Finnlandi.

Myndin verður frumsýnd á Íslandi í tengslum við sýningu sem þau Markús og Ragnheiður setja upp í Nýlistasafninu á verkum Hreins í kringum Listahátíð í apríl.

olof@frettabladid.is



**TVEIR LEIKSTJÓRAR** Ragnheiður Gestsdóttir leikstýrir kvikmyndinni ásamt Markúsi Þór Andréssyni. MYND/ÚR EINKSAFNI

## Hreinn Friðfinnsson



Hreinn fæddist árið 1943 á Bæ í Dölum. Hann skipaði sér í framvarðasveit íslenskra framúrstefnulistamanna þegar hann tók þátt í stofnun SÚM-hópsins árið 1965. Snemma á áttunda áratugnum flutti hann til Amsterdam þar sem hann hefur búið og starfað síðan.

Hreinn hefur sýnt verk sín á sýningum um allan heim og meðal annars haldið sýningar í hinu fræga Serpentine Gallery í London, í Malmö Konsthall, Domaine de Kerguehennec, Centre d'Art Contemporain, og Kyoto Art Center, svo eitthvað sé nefnt.

**MARGRA ÁRA VINNA AÐ BAKI** Markús Þór og Ragnheiður hafa unnið að myndinni í þónokkur ár og eru spennt fyrir frumsýningunni á laugardag. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Opinberun Starwalker á Sónar

Starwalker, sem er dúett þeirra Barða Jóhannssonar úr Bang Gang og JD Dunckel úr Air, kemur fram í fyrsta sinn opinberlega á Sónar Reykjavík í febrúar.

„Við höfum aldrei spilað opinberlega enda höfum við bara gefið út eitt lag eins og er,“ segir Barði Jóhannsson sem skipar hljómsveitina Starwalker ásamt JD Dunckel úr hljómsveitinni Air. Barði er líklega best þekktur sem forsprakki hljómsveitarinnar Bang Gang en hann og Dunckel hófu sitt samstarf á síðasta ári.

Á sviðinu með þeim félögum verða þau Sarah Jones, en hún trommar meðal annars með hljómsveitinni Hot Chip, Ása Dýradóttir, bassaleikari úr Mammút og Bjarni Þór Jensson, gítarleikari úr hljómsveitinni Cliff Clavin.

Fyrstu afurðir Starwalker voru í rólegri kantinum en Barði segir sveitina hafa fundið sinn tón. „Við erum að finna okkar „sound“ og það mætti segja að tónlistin okkar sé svona tjillað diskó,“ segir Barði.

Sveitin gefur út nýtt smáskífulag sitt á næstunni en það fer í útvarpsspilun í næstu viku. „Við ætlum að gefa út EP-plötu þann 17. mars næstkomandi, úti um allan heim. Við erum að verða búnir að semja efni í heila plötu en ég geri ráð fyrir að við spilum megnið af þeim lögum á Sónar,“ útskýrir Barði.



**FYRSTU TÓNLEIKARNIR** Hljómsveitin Starwalker kemur fram í fyrsta sinn opinberlega á Sónar Reykjavík. MYND/JEANEEN LUND

Hann segir jafnframt að hann hlakki til að spila á Sónar Reykjvík. „Þetta er voða spennandi, ég veit að hátíðin heppnaðist vel í fyrra.“ Sónar Reykjavík fer fram dagana þrettánda til fimmtánda febrúar næstkomandi. **- glp**

The power to do more

# Viltu losna við aukakílóin?

Dell Latitude E7440 – Létt og öflug fartölva fyrir kröfuharða.



**Þjónustuábyrgð Dell (DBS)**
Þessari vél fylgir „Dell Branded Services“ sem tryggir betri og fljótari þjónustu.

**Hámarks fjárfesting**
Nýtir sömu tengikví og spennubreyta og áður.

intel inside CORE i7

**1,6 kg**
Fislétt og fáguð, tölvan vegur ekki nema 1600 grömm.

**2,1 cm**
Ótrúlega nett og 33% þynnri en forveri sinn.

**16 GB**
Sérlega öflug og hraðvirk, allt að 16GB vinnsluminni.

**13 klst.**
Allt að 13 tíma rafhlöðuending. Fer eftir stillingum, notkun, tæknilegri útfærslu og umhverfisþáttum.

Hringdu í síma **440 9010** eða sendu póst á **sala@advania.is** og fáðu upplýsingar um þessa frábæru vél.

**Velkomin í verslanir okkar:**

**Guðrúnartún 10, Reykjavík**
Opið mán. til fös. frá 8 til 18
Lau. frá 12 til 16

**Tryggvabraut 10, Akureyri**
Opið mán. til fös. frá 8 til 17

advania.is

advania
Welcome to IT

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-3502

Intel, merki Intel, Intel Core og Core inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Samningur í Slóveníu

Íslenska hönnunarmerkið Gyðja Collection fór á markað í Slóveníu í lok árs 2013 með ilmvötn sín og á dögunum var samningur undirritaður við dreifingaraðila fyrirtækisins þar í landi. „Það er óneitanlega ánægjulegt að sjá merkið vaxa inn á nýja markaði og sérstaklega þegar það gengur eins vel og þarna. Við höfum prófað ýmsa dreifingaraðila og sölufólk víða um heim og það er mjög mikilvægt að finna rétta fólkið í starfið. Það eru alltaf nokkuð hóflegar væntingar í byrjun og fyrirtækjunum eða manneskjunum leyft að sanna sig áður en lengra er haldið, eins og dreifingaraðila okkar í Slóveníu," segir **Sigrún Lilja**, eigandi og hönnuður Gyðju Collection.



- lkg

### Yngstir í Eurovision

Meðlimir hljómsveitarinnar F.U.N.K. hampa titlinum yngstu lagahöfundar undankeppni Eurovision í ár, en meðalaldur drengjanna sem skipa F.U.N.K. er rétt um 20 ár.

Meðal F.U.N.K. manna eru þeir **Franz Ploder Ottósson** og **Pétur Finnbogason** sem eru Eurovision-aðdáendum vel kunnugir. Þeir tóku einnig þátt í söngvakeppninni vinsælu fyrir tveimur árum með góðum árangri. Þá voru þeir félagarnir í Bláum Ópal sem lenti í öðru sæti á eftir þeim Jónsa og Grétu með lagið Stattu upp.

Auk Franz og Péturs skipa F.U.N.K. þeir **Valbjörn Snær Lilliendahl, Egill Ploder Ottósson** og **Hörður Bjarkason**.

- eb



## Mest lesið vísir

1. Þingmaður varð fyrir einelti í æsku: „Búinn með þann kafla að vera hræddur við lífið"
2. Ættingjar telja undirmönnun spila stóran þátt í mannsláti: „Af hverju var ekkert gert?"
3. Jónína Ben dæmd í 30 daga fangelsi
4. Tilboð ESB í makríldeilunni gildir út vikuna
5. „Hún er í rauninni margfalt fórnarlamb"




